

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um skert ferðafrelsi almennings. 14



**MENNING** Blásarakvintett Reykjavíkur flytur Kvöldlokkur á jólaföstu. 24



**LÍFIÐ** Smjörleggir eru smjörhnífar í formi kvenmannsleggja. 54



**SPORT** Karen Knútsdóttir vill ná árangri í fleiru í lífinu en handbolta. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
2. desember 2014
283. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Erlent ekki hættulegt

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að skoða þurfi betur af hverju innflytjendum reynist erfitt að fá menntun sína metna. 6

**Hafnar fullyrðingum á þingi** Skólameistari FSu segir þingmann Pírata hafa farið með rangfærslur í ræðustól Alþingis. 2

**Opnað fyrir skattaparadísir** Bæjarráð Ísafjarðar leggst gegn því að afnumið verði lágmarksútsvar sveitarfélaga. 4

**Skjálftar nærri sex þúsund** Frá miðjum ágúst hefur mælst 471 jarðskjálfti yfir fjórum stigum í Bárðarbungu. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | SSV | 13 |
| Akureyri | 5° | SSV | 12 |
| Egilsstaðir | 4° | SSV | 13 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | SV | 13 |
| Reykjavík | 7° | SV | 14 |

**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verður stíf suðvestanátt, víðast 10-18 m/s og skúrir eða slydduél él S- og V-til en þurrt NA-lands. Kólnar síðdegis. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**






**NÝJA TRÉÐ FELLT** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hjó tíu metra hátt sitkagrenitré við Rauðavatn í gær. Cecilie Landsverk, sendiherra Noregs á Íslandi, var viðstödd. Tréð mun prýða Austurvöll í stað Óslóartrésins sem brotnaði í storminum sem gekk yfir landið í gær. Norski sendiherrann lýsti yfir ánægju sinni með tréð sem er hið glæsilegasta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Upphæð láns fjórfaldaðist vegna vanskila

Hundrað þúsund króna skuld ungs manns fjórfaldaðist á þremur og hálfum mánuði vegna vanskila. Innheimta kostnaðar vegna greiðslumats er ólögleg. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að nefndin muni ræða málið.

**NEYTENDAMÁL** Hundrað þúsund króna skuld 21 árs karlmanns vegna láns sem hann tók hjá smálánafyrirtækinu Hraðpeningum var orðin meira en 400 þúsund krónur aðeins örfáum mánuðum eftir að lánið var tekið.

Við fyrstu sýn virðast lánaskilmálar vera sanngjarnir. Á vefsíðu Hraðpeninga kemur til dæmis fram að þegar tekið er 20 þúsund króna lán í þrjátíu daga bætist við 733 krónur í kostnað og seðilgjald.

Þar með er ekki öll sagan sögð. Til þess að geta fengið lán þarf að undirgangast lánshæfismat. Fyrir flýtimeðferð á slíku lánshæfismati þarf lántaki að greiða 5.990 krónur í hvert sinn sem smálán er tekið.

Takist skuldara ekki að greiða lánið á eindaga getur bæði höfuðstóll lánsins og kostnaður vegna lánshæfismatsins margfaldast.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að fulltrúar Neytendastofu verði kallaðir á fund nefndarinnar á miðvikudaginn til þess að ræða almennt um smálán.

„Við teljum að það sé mikilvægt að finna einhverja leið til þess að jafna aðstöðu neytenda og styrkja stöðu neytenda í þessum málum,“ segir Frosti.

Í síðustu viku staðfesti áfrýjunarnefnd neytendamála úrskurð Neytendastofu þess efnis að óheimilt væri að innheimta kostnað fyrir flýtiafgreiðslu lánshæfismats.



> **Við teljum að það sé mikilvægt að finna einhverja leið til þess að jafna aðstöðu neytenda og styrkja stöðu neytenda í þessum málum.**
>
> *Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins*

Frosti segir að ef það sé rétt að smálánafyrirtækin séu að brjóta neytendalög og haldi því áfram, þrátt fyrir að hafa fengið á sig ákvörðun Neytendastofu og ákvörðun áfrýjunarnefndar neytendamála í framhaldinu, þá vilji nefndin ræða það.

Með lögum um neytendalán sem samþykkt voru árið 2013 var ákveðið að frá og með 15. apríl sama ár mætti árleg hlutfallstala kostnaðar, það er vextir og lántökukostnaður, á neytendalánum ekki fara upp fyrir 50 prósent af upphæð hvers láns.

Samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu fara vanskilagjöld og kostnaður vegna vanskila ekki inn í útreikninga á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þar gilda hins vegar innheimtulög og reglugerð um hámarksfjárhæðir innheimtukostnaðar.

- jhh / sjá síðu 12






Frumvarp um afnám lágmarksútsvars sveitarfélaga fær misjafnar viðtökur:

# Býr til skattaparadísir hér á landi

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarráð Ísafjarðar leggst harðlega gegn frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið gengur út á að afnema lágmarksútsvar sveitarfélaga. Telur bæjarráð að slík aðgerð ýti undir aðstöðumun milli sveitarfélaga á landinu.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingkona VG, hefur einnig uppi miklar efasemdir um frumvarpið.

Sveitarfélög, sem búa við stóriðju af einhverju tagi, gætu lækkað útsvar hjá sér gríðarlega og búið þannig til hálfgerðar skattaparadísir á Íslandi. Þannig myndum við auka misskiptinguna í íslensku þjóðfélagi. „Sveitarfélög sem vilja lækka álögur á bæjarbúa geta gert það á annan hátt en með því að lækka útsvar þeirra,“ segir Bjarkey.

- sa / sjá síðu 4

> **Það þarf að velta fyrir sér hvaða möguleika sveitarfélög hafa til að keppa á þessum grundvelli. Það er auðvitað nærtækt að velta fyrir sér Seltjarnarnesi og Reykjavík.**
>
> *Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði*







## SPURNING DAGSINS



Tómas, er þetta leikur einn?

**„Þetta er allavega eitthvað nýtt að slást við.“**

Tómas Þór Eyþórsson tók upp bernskuáhugamálið sitt og fór að teikna tölvuleikjapersónur eftir að hann lenti í slysi og hætti í taekwondo.

Afhentu ráðuneytisstjóra atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis áskorun. Ráðherra var fjarverandi:

# Starfsmenn mótmæla flutningi Fiskistofu

**MÓTMÆLI** Um fjörutíu starfsmenn Fiskistofu mættu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í gær til að mótmæla fyrirhuguðum flutningi stofnunarinnar til Akureyrar. Fólkið afhenti ráðuneytisstjóra áskorun er bar yfirskriftina „Svona gerir maður ekki“ en illa hefur gengið að ná tali af ráðherra.

„Þetta eru nokkur atriði sem við höfum bent á,“ segir Björn Jónsson, lögfræðingur hjá Fiskistofu. Til að mynda telji hann að ákvörðunina skorti lagastoð og bendir í því samhengi á dóm Hæstaréttar frá 1998 þar sem flutningur Landmælinga Íslands upp á Akranes var dæmdur ólögmætur. Það mál sé áþekkt þessu að mörgu leyti.



BJÖRN JÓNSSON

„Flutningurinn brýtur gegn ýmsum meginreglum stjórnsýsluréttar þar sem hann byggir ekki á málefnalegum forsendum heldur eingöngu geðþótta ráðherra,“ heldur Björn áfram. Byggðasjónarmið haldi ekki vatni því opinberum störfum hafi fækkað mjög á höfuðborgarsvæðinu síðustu sex ár.

Aðspurður hvort starfsmenn ætli að leita réttar síns segir Björn það óvíst. Vonandi sjái ráðherra að sér áður en málið komist á það stig. - joe



**MÓTMÆLI** Ráðuneytisstjórinn Kristján Skarphéðinsson, hér í bakgrunni, tók á móti áskoruninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KULDALEGT** Lee Nelson og félagar hans í Sirkus Íslands létu vetrarveðrið ekki hafa áhrif á sig í Hljómskálagarðinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sirkus Íslands fékk sól, snjókomu, vind og kulda í gær:

## Tjaldað við erfið veðurskilyrði

**FRAMKVÆMDIR Starfsmenn Sirkus Íslands létu kuldann og snjóinn ekki hafa áhrif á sig þegar þeir settu upp sirkustjald sitt í Hljómskálagarðinum í gær. „Við fengum alls kyns veður, sól, snjókomu, vind og kulda. Það var mjög kalt en við náðum að setja tjaldið upp. Það ætti að halda þó það komi stormur,“ segir Lee Nelson stofnandi Sirkus Íslands. Hann og hans fólk var að frá klukkan 8.00 að morgni til 17.30 að setja upp tjaldið.**

**Sirkusinn ætlar að sýna jólakabarett í mánuðinum í þessu hlýja og upphitaða tjaldi.** - glp

Laminn ítrekað með hamri:

## Hrottafengið morð í St. Louis

**BANDARÍKIN** Tveir unglingar, fimmtán og sextán ára, eru grunaðir um hrottalegt morð á 32 ára gömlum manni í St. Louis í Bandaríkjunum á sunnudaginn.

Unglingarnir börðu manninn, Zemir Begic frá Bosníu, meðal annars með hamri. Hann lést af áverkum sínum á spítala. Piltarnir eru í gæsluvarðhaldi.

Talið er að hópur ungmenna hafi umkringt bíl Begics og byrjað að skemma hann með spörkum og hamarshöggum. Begic fór þá út úr bílnum en var þá mætt með hroðalegu ofbeldi. - glp

Fjórir fluttir á slysadeild:

## Alvarlegt slys á Krísuvíkurvegi

**SLYS** Fjórir voru fluttir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi í gær eftir bílveltu á Suðurstrandarvegi við afleggjarann á Krísuvíkurvegi á þriðja tímanum í gær.

Tveir Íslendingar og tveir ferðamenn voru í bílnum. Ökumaðurinn klemmdist í bílnum og var fluttur ásamt öðrum farþeganum, á slysadeild með TF-SYN, þyrlu Landhelgisgæslunnar. Þyrlan var á æfingu skammt frá. Hinir tveir voru fluttir á sjúkrahús í sjúkrabíl. Vakthafandi læknir sagði ástand fólksins stöðugt í gær. - ktd

# Reið yfir því að vera þjófkennd á Alþingi

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari FSu, hafnar fullyrðingum þingmanns Pírata um að Fjölbrautaskóli Suðurlands hafi ákveðið hjá sjálfum sér að skera niður stöðu námsráðgjafa og að „ókurteisari menn“ gætu kallað þetta tegund af þjófnaði.

**STJÓRNMÁL** „Þetta er fjarstæða,“ segir Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, um ræðu Helga Hrafns Gunnarssonar, þingmanns Pírata, á Alþingi á föstudaginn í síðustu viku.

Helgi Hrafn vildi vekja athygli á því að Fjölbrautaskóli Suðurlands hefði skorið niður um helming námsráðgjafastöðu sem löggjafinn ætlaði sérstaklega fyrir fanga, og notað fjármagnið í annan rekstur skólans. Orðrétt sagði Helgi Hrafn:

„Nú hefur Fjölbrautaskóli Suðurlands ákveðið það hjá sjálfum sér að skera niður þessa stöðu úr 100 prósent niður í 50 prósent, í fullkomnu trássi við vilja löggjafans sem fer með fjárveitingarvaldið. Þetta fjármagn var sérstaklega veitt í þessa stöðu til að bæta möguleika fanga til náms. Það er óþolandi. Síðast en ekki síst felst í því ákveðin kaldhæðni að menntastofnun taki til sín fjármagn sem löggjafinn hefur tilgreint að fara eigi til menntunar fanga. Ókurteisari menn gætu kallað þetta tegund af þjófnaði. Því legg ég til að Alþingi rétti þetta ranglæti og tryggi að námsráðgjöf fanga verði aftur að 100% stöðu eins og Alþingi hefur reyndar þegar ákveðið.“

Olga Lísa segir rangt að Fjölbrautaskóli Suðurlands hafi notað fé löggjafans til annars en fangelsismála og segist reið yfir því að vera þjófkennd. Hún segir Helga Hrafn ekki hafa leitað upplýsinga um málefnið. Hefði hann gert það hefði hann fengið upplýst að málefni fanga væru á sérlið og ekki



**TEGUND AF ÞJÓFNAÐI** Helgi Hrafn Gunnarsson sagði ókurteisa menn gætu kallað niðurskurð FSu tegund af þjófnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hægt að ráðstafa því í annan rekstur skólans. „Hann hafði aldrei samband við okkur og mér finnst það ömurleg vinnubrögð. Það var einfaldlega halli á rekstrinum á þessum lið. Þetta er algjör sérliður í fjármálum skólans. Það fé sem við fáum er aðeins nýtt í námsráðgjöf og kennslustjórn og ekki í nokkuð annað eins og Helgi Hrafn gefur í skyn. Ég er búin að ræða við Helga Hrafn og hann segist ekki hafa sagt neitt rangt. Ég er ósátt við vinnubrögð hans og að hann hafi ekki haft samband við okkur sem



OLGA LÍSA GARÐARSDÓTTIR

höfum með þetta fjármagn að gera. Fjárlög eru okkar lög númer eitt, auðvitað var það með trega að við gerðum þetta. En við urðum að vera réttum megin.“

Helgi Hrafn segist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa ætlað sér að þjófkenna Olgu Lísu. „Mér þykir miður að ræðan skiljist þannig. Hins vegar hef ég ekki fengið að sjá nein gögn sem eru í andstöðu við það sem ég sagði. Ræðan er efnislega rétt. Ég er ekki í löggu- og bófaleik, Ég vil bara laga þetta. Helst í góðu samstarfi við skólameistara FSu.“

Nú hefur málaflokkurinn fengið aukafjárveitingu og Olga Lísa segir útlitið bjartara. „Það er verið að skoða námsráðgjafastarf heildstætt í tengslum við Fangelsismálastofnun.“ kristjanabjorg@frettabladid.is




*Farþegar sem ferðast á sömu bókun. Verð byggt á 742 lausum sætum fyrir €48,99 eða lægra þann 21. nóvember 2014. Fyrir ferðir á tímabilinu 21. nóvember 2014 – 30. júní 2015. Við fljúgum frá Keflavíkurflugvelli (KEF). Við hefjum flug til Belfast (BFS) 12. desember 2014. Viðbótargjöld fyrir kreditkortagreiðslur og farangur. Sjá easyJet.com

Bankastjóri segir opið söluferli á hlut Landsbankans í Borgun hafa verið útilokað:

# Selja hluti fyrir luktum tjöldum

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn á í viðræðum um sölu á 38 prósenta hlut sínum í Valitor hf. til Arion banka. Hluturinn var hvorki auglýstur né seldur í opnu söluferli. Hið sama átti sér stað er bankinn seldi hlut sinn í Borgun hf. til hóps fjárfesta fyrir 2,2 milljarða króna en föðurbróðir fjármálaráðherra var einn kaupenda. Gangi salan eftir mun Arion banki fara með tæplega 99 prósenta hlut í Valitor.

„Við fengum álitlegt tilboð í okkar hlut og samningaviðræður eru á góðu róli,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbanka Íslands. Bankinn hefur sætt gagnrýni fyrir fyrirkomulag á sölu hlutar bankans í Borgun hf. Steinþór segir bankann ekki hafa verið í aðstöðu til að kalla eftir upplýsingum um hlut sinn eða selja hann í opnu söluferli. Landsbankinn hafi verið áhrifalaus minnihlutaeigandi í fyrirtækinu og hafi haft takmarkaða aðkomu að því sökum ákvarðana Samkeppniseftirlitsins.

„Við gátum fengið mjög takmarkaðar upplýsingar um Borgun án þess að fá upplýsingar um samkeppnisaðilann. Við mátum það svo að verðið væri gott og skilaði hagnaði. Í raun erum við í sama myrkrinu varðandi hlut okkar í Valitor,“ segir Steinþór. - joe



**BANKASTJÓRI** Steinþór Pálsson segir Landsbankann fá gott verð fyrir hluti sína í Valitor og Borgun. Staða bankans hafi gert opið söluferli ómögulegt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**VW Tiguan R-Line** er í vetrarham og honum fylgja vetrardekk, dráttarkrókur, Webasto bílahitari, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, fjarlægðarskynjari með bílastæðaaðstoð o.fl. Leyfðu þér að hlakka til vetrarins með Tiguan.

**Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur**

- Dráttarkrókur
- Vetrardekk
- Webasto bílahitari
- Bakkmyndavél
- Leiðsögukerfi
- Fjarlægðarskynjari
- Panorama sóllúga
- 18" álfelgur
- Svæðaskipt miðstöð
- Hiti í speglum og sætum
- Alcantara leðursæti
- Bluetooth
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Færanleg aftursæti á sleðum
- Stöðugleikastýring
- Skriðvörn
- Regnskynjari

**Verð: 6.444.444 kr.**

**Das Auto.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**32.000 kílómetrar af framræsluskurðum hafa verið grafnir á Íslandi frá því um miðja 20. öld.**

Framræst hafa verið um 40% alls votlendis.

Á sama tíma og hlutabréfaviðskipti í Kauphöllinni aukast á milli ára minnka skuldabréfaviðskiptin:

# Mest viðskipti voru með bréf í Marel

**VIÐSKIPTI** Hlutabréfavelta í Kauphöll Íslands nam 35,5 milljörðum króna í nóvember, eða 1.773 milljónum á dag.

Það er 26 prósenta hækkun frá fyrri mánuði, en í október námu viðskipti með hlutabréf 1.402 milljónum á dag. Hækkunin nemur 87 prósentum á milli ára, þegar viðskiptin voru 950 milljónir króna á dag.

Mest voru viðskipti með hlutabréf í Marel, eða 8,47 milljarðar króna, viðskipti með hlutabréf Icelandair námu 7,7 milljörðum króna og viðskipti með bréf í Össuri námu 3,7 milljörðum króna.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 6,96 prósent milli mánaða og stendur nú í 1.260 stigum. Í lok nóvember voru hlutabréf 17 félaga skráð á Aðalmarkaði og First North Iceland. Heildarmarkaðsvirði þeirra nemur 672 milljörðum króna en það nam 547 milljörðum króna í sama mánuði í fyrra.

Viðskipti með skuldabréf námu 147 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar 7,3 milljarða veltu á dag. Þetta er 42 prósenta hækkun frá fyrri mánuði, þegar viðskiptin námu 5,2 milljörðum á dag. Velta á skuldabréfamarkaði lækkar hins vegar um 9 prósent frá sama mánuði í fyrra. Í þeim mánuði námu viðskiptin 8,1 milljarði á dag. Mest viðskipti voru með bréf í flokknum RIKB 25 eða fyrir samtals 26,1 milljarð króna. **- jhh**



**Í KAUPHÖLLINNI** Mest viðskipti á hlutabréfamarkaði voru með bréf í Marel. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MIKILVÆGUR** Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fær peninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skólinn mjög mikilvægur:

## Ánægja með fjárframlög

**MENNTAMÁL** Sveitarstjórn Borgarbyggðar lýsir yfir mikilli ánægju með aukin fjárframlög til Landbúnaðarháskóla Íslands sem nýlega voru kynnt. Í ályktun sveitarstjórnarinnar er þetta sagt mikilvægur liður í að tryggja rekstrargrundvöll skólans og efla enn frekar faglegt starf þar.

Þá segir sveitarstjórnin að skólinn sé ekki aðeins mikilvæg menntastofnun fyrir landið allt heldur einnig fyrir samfélagið í Borgarbyggð. Fjöldi fólks búi og starfi á Hvanneyri, en skólinn sé og hafi verið kjölfestan í búsetunni. **- skh**

Auka á upplýsingagjöfina:

## Breytt lög um Stjórnarráðið

**STJÓRNMÁL** Bæta á upplýsingagjöf ráðuneyta og stofnana til fjölmiðla og almennings með frumvarpi sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram á Alþingi.

Fram kemur í tilkynningu forsætisráðuneytisins að breytt lög um Stjórnarráð Íslands auki sveigjanleika við skipulag Stjórnarráðsins og stofnana sem undir ráðuneyti heyra „með það að markmiði að gera stjórnvöldum betur kleift að bregðast við sífellt flóknari úrlausnarefnum í samtíð og framtíð.“ Þá verði vægi og eftirfylgni með siða- og verklagsreglum aukið, meðal annars í samráði við umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun. **- óká**

# Afnám lágmarks opnar leiðir fyrir skattaparadísir á Íslandi

Bæjarráð Ísafjarðar leggst alfarið gegn því að lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Þingmaður telur hættu á falskri búsetu og að einstaklingar flytji lögheimili en ekki búsetu í sveitarfélög með lága búsetu.

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarráð Ísafjarðar leggst harðlega gegn frumvarpi laga um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið gengur út á að afnema lágmarksútsvar sveitarfélaga. Telur bæjarráð að slík aðgerð ýti undir aðstöðumun milli sveitarfélaga á landinu.

Sex þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja fram frumvarpið nú. Frumvarpið er lagt fram í þriðja sinn, en í hin tvö skiptin hlaut það ekki afgreiðslu. „Óeðlilegt er að bundið sé í lög að innheimta skuli að lágmarki tiltekinn skatt af íbúum, hvort sem þörf sé á honum til að sinna lögbundnu hlutverki eða ekki,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, telur frumvarpið ekki vera til hagsbóta fyrir sveitarfélögin í landinu. „Þetta er miklu flóknara mál en að það snúist aðeins um að afnema lágmarksútsvar. Það þarf að velta fyrir sér hvaða möguleika sveitarfélög hafa til að keppa á þessum grundvelli. Það er auðvitað nærtækt að velta fyrir sér Seltjarnarnesi og Reykjavík. Þjónustan er að miklu leyti á höndum Reykjavíkur svo að sveitarfélag líkt og Seltjarnarnes getur þar af leiðandi lækkað útsvar niður úr öllu valdi. Þar með verður til aðstöðumunur sem mun bæði auka misskiptingu einstaklinga sem og sveitarfélaga,“ segir Gísli Halldór.



**FRÁ ÍSAFIRÐI** Sveitarfélög landsins geta ekki keppt á jafnréttisgrundvelli á þessum nótum þar sem sum sveitarfélög sinna þjónustu fyrir önnur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingkona VG, hefur einnig uppi miklar efasemdir um þetta frumvarp og bendir á að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi lagst gegn frumvarpinu þegar það var fyrst flutt á Alþingi. Ástæða þess að sambandið lagðist gegn frumvarpinu væri sú að það kynni að ýta undir falska búsetu einstaklinga. Skattgreiðendur gætu þar af leiðandi flutt lögheimili sitt í önnur sveitarfélög, þar sem útsvar er lágt, án þess að búa þar að staðaldri. „Þetta er raunveruleg hætta og við getum ekki búið svo um hnútana að þetta verði vandamál í íslensku þjóðfélagi. Sveitarfélög, sem búa við stóriðju af einhverju tagi, gætu lækkað útsvarið hjá sér gríðarlega og búið þannig til hálfgerðar skattaparadísir á Íslandi. Þannig myndum við auka misskiptinguna í íslensku þjóðfélagi meira en hún er í dag. Sveitarfélög sem vilja lækka álögur á bæjarbúa geta gert það á annan hátt en að lækka útsvar þeirra,“ segir Bjarkey.

„Í stjórnarskrá er sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga staðfestur og kveðið á um að sveitarfélögin skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Haldgóð rök og verulegir hagsmunir þurfa því að koma til ef skerða á þennan ákvörðunarrétt. Bein íhlutun um lágmarksútsvar getur tæpast talist uppfylla þau skilyrði,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Gísli Halldór telur að frumvarpið þurfi að skoða í samhengi við aðra þætti. „Sveitarfélög í landinu eru misstór, búa við mismunandi aðstæður, eru mislangt frá þjónustunni í Reykjavík og svo framvegis. Sum sveitarfélög munu ekki hafa möguleika til að vera í slíkri búsetusamkeppni við önnur sveitarfélög. Það er ekki hægt að taka svona ákvörðun í einhverju tómarúmi. Þessi umræða verður að vera í samhengi við annað á íslensku sveitarstjórnarstigi.“

**sveinn@frettabladid.is**



> **Sum sveitarfélög munu ekki hafa möguleika til að vera í slíkri búsetusamkeppni við önnur sveitarfélög.**
>
> *Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðar*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 6° | New York | 7° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 5° | Orlando | 25° |
| Basel | 13° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 2° |
| Berlín | -2° | Las Palmas | 23° | París | 4° |
| Billund | 4° | London | 9° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 3° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 4° |

**Á MORGUN** 8-18 m/s, hvassast V-til.

**FIMMTUDAGUR** 5-10 m/s.




**KÓLNAR Í VIKUNNI** Fremur stíf suðvestanátt ríkjandi á landinu næstu daga með úrkomu um landið sunnan og vestanvert. Nokkuð milt í dag en fer svo heldur kólnandi til morguns og á fimmtudag verður hiti víðast um eða undir frostmarki.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


2.DES. 1999 OPNUÐU GARÐHEIMAR VIÐ STEKKJARBAKKA. AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ
15% - 25% AFSLÁTT AF ÖLLUM VÖRUM
VERSLUNARINNAR Í DAG OG Á MORGUN
OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir fórnarlamb hnífstungu á Hverfisgötu?
**2.** Hvar var veður verst í óveðri á sunnudag?
**3.** Hvað hafa margir greinst með HIV árið 2014?

**SVÖR**

**1.** Sebastian Andrzej Golab **2.** Á Suðurnesjum **3.** 10 manns

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs vill auka öryggi fólks og heimila lagningu nýrra vega og gönguleiða:

# Eldgos í og við Vatnajökul kalla á breytingar

**NÁTTÚRA** Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur lagt til breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins til að mæta breytingum í kjölfar eldgosa í og við Vatnajökul. Stjórnin leggur til að lagning nýrra vega og gönguleiða í kjölfar eldsumbrota eða annarra hamfara verði heimiluð, en ljóst er að þegar aðstæður við gosstöðvarnar verða tryggari og umferð verður heimiluð mun ásókn ferðafólks verða mikil.

Eldsumbrotin í Holuhrauni eru annað eldgosið innan Vatnajökulsþjóðgarðs á stuttum tíma, en hið fyrra var gosið í Grímsvötnum 2011. Við Holuhraun hafa vegir farið undir hraun og starfsmenn þjóðgarðsins unnið að því að stýra umferð á svæðinu með tilliti til öryggis og áhrifa umferðar eins og kostur er.

Í fréttatilkynningu stjórnar segir að vegna útlits fyrir stóraukna umferð sé mikilvægt að skýrar heimildir liggi fyrir til stýringar á umferð um nýjar leiðir. Þar með talið verði afmörkun vega, gönguleiða og annarra þátta er snúa að öryggi ferðafólks og stýringu umferðar með tilliti til verndunar jarðmyndana. **- shá**



**Á GOSSTÖÐVUM** Viðbúið er að fjöldi fólks vilji komast að gosstöðvunum þegar það verður mögulegt. MYND/HARALDUR SIGURÐSSON

Minna bil er í Moldóvu:

## Evrópusinnar saman í stjórn

**MOLDÓVA, AP** Stjórnarflokkarnir í Moldóvu unnu nauman sigur í kosningum um helgina og verða áfram við stjórnvölinn. Fylgi þeirra hefur þó minnkað.



**VLADIMIR VORONIN**

Árið 2010 fengu flokkarnir þrír, sem allir eru hlynntir samstarfi við ESB, 52 prósent atkvæða. Nú fengu þeir tæp 45 prósent. Tveir stjórnarandstöðuflokkar, báðir hlynntir samstarfi við Rússland, fengu rúmlega 39 prósent.

„Ég er ekki ánægður með úrslitin, en við getum boðið upp á drög að Evrópusinnaðri stjórn,“ sagði Vlad Filat, leiðtogi Frjálslynda demókrataflokksins, sem fékk rúm nítján prósent atkvæða. **- gb**

Hátíð brautskráðra doktora:

## Metfjöldi tók við gullmerki

**MENNTAMÁL** Metfjöldi doktora, 79 talsins, tók við gullmerki Háskóla Íslands á hátíð brautskráðra doktora. Hátíðin var haldin í fjórða sinn í gær í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Doktorarnir eru af öllum fimm fræðasviðum háskólans og hafa lagt mikið til rannsókna og nýsköpunar innan skólans.

Háskóli Íslands hefur náð markmiðum sínum um fjölda brautskráðra doktora en þeim hefur fjölgað um 156 prósent frá árinu 2009.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, tóku þátt í athöfninni og fluttu ávörp. Þá flutti Hrafnhildur Hannesdóttir, doktor í jarðfræði, ávarp fyrir hönd nýbrautskráðra doktora. **- glp**

# Segir að ekki þurfi að hræðast erlenda menntun

**Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands segir betur þurfa að skoða af hverju innflytjendum reynist svo erfitt að fá menntun metna. Eftir að raunfærnimat var tekið upp er auðveldara að fá fag- og iðnmenntun metna.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Útlendingum reynist erfiðast að fá hér metna menntun sína á heilbrigðissviði, að sögn Margrétar Steinarsdóttur, lögfræðings og framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Margrét hefur starfað að málefnum innflytjenda síðan árið 2004. Hún kannast við það vandamál sem margir innflytjendur lenda í þegar þeir vilja fá menntun sína metna. Það reynist oft erfitt og taki langan tíma. Undanfarið hefur Fréttablaðið fjallað um hversu erfitt það geti reynst innflytjendum að fá menntun sína metna.

„Mannréttindaskrifstofan er með lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Eitt af algengum erindum til okkar er hvernig eigi að fá menntun viðurkennda,“ segir Margrét.

„Þegar ég byrjaði að vinna í Alþjóðahúsi 2004 þá virtist þetta vera miklu erfiðara en það þó er í dag. Eitt sem hefur breytt þessu er að margar fagstéttir og iðngreinar hafa tekið upp það sem heitir raunfærnimat. Einstaklingur er settur í slíkt mat og mögulega uppfyllir hann öll skilyrði eða það vantar kannski eitthvað upp á og þá er honum leiðbeint með það og getur þá bætt við menntun sína.“

Erfiðast segir Margrét að fá menntun á heilbrigðissviði metna. „Skýringin gæti verið sú að það þarf auðvitað að gera miklar kröfur þegar við erum að tala um líf og heilsu einstaklinga,“ segir hún og tekur fram að auðveldara sé fyrir þá sem eru menntaðir innan Evrópusambandsins að fá menntun metna, en það geti þó reynst snúið og tímafrekt. Innan EES sé ákveðnum reglum fylgt í þessum málum en þó geti þeir sem komi frá þeim löndum líka lent í vandræðum með að fá menntunina viðurkennda.

„Þegar ég starfaði hjá Alþjóðahúsi þá skrifaði ég einu sinni grein og hvatti til þess að það yrðu sömu reglur látnar gilda fyrir þá sem eru utan EES. Sömu leiðbeiningar hvað þurfi að gera, og ef ekki er hægt að veita slíka leiðbeiningu þá eigi einfaldlega að viðurkenna menntun þeirra.“

Margrét segist sammála því að skoða þurfi betur ástæður þess að það geti reynst svo flókið að fá menntunina metna. „Það er mjög gott að þurfa ekki að kosta neinu til og fá fólk til okkar með þessa menntun. Í flestum ríkjum þar sem fólk er með háskólamenntun þá er það fullnægjandi menntun þannig að ég held við þurfum ekkert að vera hrædd við það.“

viktoria@frettabladid.is



**SKURÐLÆKNIR AÐ STÖRFUM** Erlendu heilbrigðisstarfsfólki reynist erfitt að fá menntun sína metna hér á landi. Myndin hér til hliðar er af skurðaðgerð sem framkvæmd var á sjúkrahúsi í Birmingham í Bretlandi. NORDICPHOTOS/GETTY



**Ég get ekki ímyndað mér að sá sem menntar sig á Íslandi sé endilega betur menntaður en sá sem menntar sig í segjum Bandaríkjunum eða í Asíu.**

*Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands*




**TOYO TIRES**
*driven to perform*



Heimild:
Veðurspá miðvikudagsins 3. desember samkvæmt mbl.is.

**ÖRYGGI ALLAN HRINGINN**
TOYO TIRES driven to perform



# Nú er Toyo í kortunum!

## Toyo harðskeljadekkin hafa sannað sig við íslenskar aðstæður

**Eitt helsta einkenni íslenska vetrarins er hversu snögglega hann sýnir sig með tilheyrandi breytingum á færð og öryggi. Þökk sé veðurfræðingunum okkar getum við oft haft vaðið fyrir neðan okkur í þeim efnum.**

**Nú eru umhleypingar, snjókoma og hálka í kortunum víða um land og því bendum við á að það er akkúrat veður fyrir Toyo harðskeljadekk.**

**Spáðu í öryggi þitt og þinna með Toyo.**

**Söluaðilar um land allt**



Upplýsingar í síma 590 2045
eða á www.benni.is

**NESDEKK** Reykjavík Reykjanesbæ

- Fiskislóð 30, Reykjavík
- Grjótháls 10, Reykjavík
- Lyngás 8, Garðabæ
- Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ

S: 561 4200

**Bílabúð Benna** Sérfræðingar í bílum

- Hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna, Tangarhöfða 8

S: 590 2045

Boris Johnson í London:

## Vill enga bíla á sunnudögum

**BRETLAND** Boris Johnson, borgarstjóri í London, vill að hluti miðborgarinnar verði laus við bílaumferð á sunnudögum. Þessu skýrði hann frá í Indónesíu á sunnudaginn, þar sem hann var í heimsókn, en þar eru sunnudagar bíllausir.



BORIS JOHNSON

„Ég varð yfir mig hrifinn af því hve ánægðir íbúarnir hér eru með bíllausu dagana,“ hefur breska blaðið The Independent eftir honum.

Fræðingar hafa reiknað það út að innan tuttugu ára hafi ökumönnum í Bretlandi fjölgað um sjö milljónir, eða úr 36 milljónum í 43 milljónir. - gb

Bakslag fyrir Reykhóla:

## Búðinni lokað um áramótin

**SAMFÉLAG** Versluninni Hólakaupum á Reykhólum verður lokað um áramótin. Ekki hefur gengið að selja rekstur verslunarinnar, að því er fram kemur á Reykhólavefnum.

Eyvindur Magnússon og Ólafía Sigurvinsdóttir hafa rekið verslunina frá 2010. Haft er eftir Eyvindi að tveir hafi sýnt rekstrinum áhuga en hætt við kaupin. Hann sagði jafnframt engan af nærsvæðinu sýna rekstrinum áhuga og þætti það umhugsunarefni. - glp

# Bárðarbunga hefur skolfið í 5.727 skipti frá byrjun goss

Frá miðjum ágúst hefur mælst 471 jarðskjálfti í Bárðarbungu yfir fjórum stigum. Skjálftarnir nálgast hratt sjötta þúsundið. Gliðnun lands lauk þegar eldsumbrot hófust í Holuhrauni, en var þá tuttuguföld ársgliðnun.

**NÁTTÚRA** „Þegar spurt er um stöðumat má kannski segja að það sem einkennir hana er hvað umbrotin eru stöðug, þó allar mælingar til lengri tíma bendi til hægt minnkandi virkni. Við höfum ekki séð svona stöðugt eldgos síðan mælingar með okkar tækni hófust,“ segir Benedikt G. Ófeigsson, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

„Þetta er atburður sem líkist meira eldum fortíðar, eins og Skaftáreldum og líkast til atburðum á þessu svæði í lok 18. aldar. En það er ákveðin hægfara þróun að verða í siginu umhverfis eldstöðina, sem er smám saman að minnka. Það passar mjög vel við niðurstöður mælinga í sigi ofan á Bárðarbungu sem hafa þróast á sama hátt allt frá því að gosið byrjaði,“ segir Benedikt og bætir við að færslur á yfirborði við eldstöðina norðan Vatnajökuls hafi svo gott sem stöðvast um leið og eldgosið hófst.

Færslurnar á yfirborði voru gríðarlegar á tímabilinu 16. ágúst til mánaðamóta á mjög stóru svæði. Færsla á yfirborði við jökulinn mældist þá um 40 sentímetrar, og meiri við berganginn sjálfan. Það er rúmlega tuttuguföld gliðnun á Íslandi að meðaltali á ári. Þetta eru mestu færslur sem sést hafa á norðurgosbeltinu síðan í Kröflueldum, er mat jarðvísindamanna.



**NORNAHRAUN** Hraunáin frá eldstöðinni er stöðug og hraunið stækkar bæði við norður- og suðurjaðar þess. MYND/MORTENRIISHUUS

Gliðnunin, eða stækkun landsins, hefur mælst á mælistöð í Kiðagili, sem er rúmlega 40 kílómetrum frá eldstöðinni til norðurs. Einnig á Dyngjuhálsi og á Háumýrum, þar sem fjarlægðin nálgast 60 kílómetra fyrir vestsuðvestan eldstöðina, en gangurinn stöðvaðist þegar hann teygði sig rúmlega ellefu kílómetra norður úr sporði Dyngjujökuls eftir hálfs mánaðar „ferðalag“.

svavar@frettabladid.is

### Jarðskjálftar yfir 5,0 stigum orðnir 72

Til marks um átökin í náttúrunni þann þrjá og hálfan mánuð sem liðinn er frá upphafi umbrotanna er fjöldi jarðskjálftanna. Í Bárðarbungu hefur mælst 23.901 jarðskjálfti frá 16. ágúst, samkvæmt tölfræði sem Veðurstofa Íslands tók saman fyrir Fréttablaðið í gær. Þeir skiptast þannig að 18.174 skjálftar hafa orðið í bergganginum en 5.727 í Bárðarbungu sjálfri. Fjöldi skjálfta stærri en 4,0 stig er 471, þar af 72 yfir fimm stigum. Stærsti skjálftinn við Bárðarbungu varð 26. ágúst upp á 5,6 stig. Til samanburðar hafa á öllu landinu hins vegar mælst 43.167 jarðskjálftar frá 1. janúar 2014.








**Í LÚXEMBORG** Langflest skattaskjólsmálanna tengjast Lúxemborg. NORDICPHOTOS/AFP

Tillaga um minni skerðingu sögð breyta stöðunni:

## Sýnishornin bara afhent til skoðunar

**SKATTUR** Meirihluti fjárlaganefndar hefur lagt til að skattrannsóknarstjóra verði veittar 26 milljónir umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2015. Samkvæmt frumvarpinu átti að lækka framlög til embættisins um tæplega 40 milljónir. Óttaðist skattrannsóknarstjóri, Bryndís Kristjánsdóttir, að segja þyrfti upp fimm til sex manns vegna þess. „Þetta er allt önnur staða. Þetta er ekki jafn mikill skellur og leit út fyrir,“ segir hún.

Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins sem á sæti í fjárlaganefnd, kveðst hafa sótt fast að skattrannsóknarstjóri fengi óskert framlag. „Það er óverjandi að setja ekki peninga í þetta. Frá 2008 til 2012 skilaði eftirlit skattsins á þriðja tug milljarða króna í aukna skatta og tekjur til ríkisins. Það eru ákveðin vonbrigði að framlagið varð ekki óskert en við urðum að skera einhvers staðar niður.“

Ekki liggur fyrir hvort veita eigi fé til kaupa á gögnum um rúmlega fjögur hundruð Íslendinga sem tengjast svokölluðum skattaskjólum. Starfshópur fjármálaráðuneytisins á að skoða hvort lagalegar hindranir séu á kaupum á leynigögnum og hvort veita eigi sakaruppgjöf vegna undanskota.

„Þessi sýnishorn af gögnunum sem við höfum undir höndum voru einungis afhent til skoðunar en ekki notkunar. Mín afstaða er að við verðum að standa við það samkomulag,“ segir Bryndís um mögulega rannsókn á sýnishornunum. Þau eru með nöfnum 50 Íslendinga og gefa vísbendingar um undanskot. Bryndís segir þó mögulega hægt með einhverjum hætti að breyta þessu samkomulagi.



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Skattrannsóknarstjóri telur auðveldara að meta hvort ástæða sé til að rannsaka málin ef gögnin liggja öll fyrir. „Það er ekki hægt að vita til hvers rannsóknir leiða fyrr en maður byrjar að skoða gögnin. En því nýrri sem gögnin eru þeim mun sterkari eru þau og þar með aukast líkurnar á því að rétt sé að leggja einhvern pening í þetta.“

Bryndís segir skattaskuldir almennt fyrnast eftir sex ár. „Fyrningartíminn getur þó verið 10 ár ef um alvarleg brot er að ræða. En eftir því sem tíminn líður verða þetta ekki jafnáhugaverð gögn.“ - ibs

PIPAR\TBWA • SÍA • 144159




# Jólin koma til ÚTIVISTARFÓLKSINS

**Velkomin í Ellingsen!** Hjá okkur færðu fatnað og útbúnað sem dugar vel til útivistar og ferðalaga um landið í hvaða veðri sem er. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum sem veita faglega og vandaða ráðgjöf og finna réttu vörurnar fyrir þig. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**10.990 KR.**



**JETBOIL** ZIP HITABOLLI
**18.990 KR.**



**SILVA** RANGER S
ÁTTAVITI
**6.495 KR.**



**BERGANS** BARNA
SVEFNPOKI
**14.990 KR.**




**MOUNTAIN HARDWEAR** HÚFA
Svört og grá.
**3.990 KR.**



**LEGGHLÍFAR**
GAITER 420 HD
**6.990 KR.**



**BERGANS** SKARSTIND
**29.990 KR.**



**DEVOLD** EXPEDITION M. HETTU
Svart, kvk. Stærðir S–XL
Svart, kk. Stærðir S–XL
**14.990 KR.**



**PETZL** HÖFUÐLJÓS
**5.995 KR.**



**SNOWLINE**
KEÐJUBRODDAR
**8.990 KR.**



**EASTON** GÖNGUSTAFIR
**12.990 KR.**



**CAMPINGAZ** GRILL
ÁHALDASETT
**5.990 KR.**



**CAMPINGAZ** FERÐAGRILL
JÓLAVERÐ
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.

## *Afgreiðslutímar í desember*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þri.–fös. 2.–5. des. | 10–18 | Mánudagur 15. des. | 10–18 | Sunnudagur 21. des. | 12–22 |
| Laugardagur 6. des. | 10–16 | Þriðjudagur 16. des. | 10–18 | Mánudagur 22. des. | 10–22 |
| Sunnudagur 7. des. | 12–16 | Miðvikudagur 17. des. | 10–22 | Þorláksmessa 23. des. | 10–23 |
| Mán.–fös. 8.–12. des. | 10–18 | Fimmtudagur 18. des. | 10–22 | Aðfangadagur 24. des. | 10–12 |
| Laugardagur 13. des | 10–18 | Föstudagur 19. des. | 10–22 | Jóladagur 25. des. | Lokað |
| Sunnudagur 14. des. | 12–18 | Laugardagur 20. des. | 10–22 | | |

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

**Munið gjafabréfin!**




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

EINSTÖK TILBOÐ!
GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.BÍLALAND.IS




TOYOTA LAND CRUISER 120VX
Nýskr. 03/06, ekinn 228 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.590.000
TILBOÐSVERÐ! 2.990 þús.




NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/13, ekinn 31 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.570.000
TILBOÐ kr. 2.190 þús.




KIA SPORTAGE III
Nýskr. 02/13, ekinn 59 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.090.000
TILBOÐ kr. 4.690 þús.




HYUNDAI iX35
Nýskr. 04/11, ekinn 109 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.090.000
TILBOÐ kr. 2.590 þús.




HYUNDAI SANTA FE CRDi
Nýskr. 11/07, ekinn 161 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.550.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 04/11, ekinn 120 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.140.000
TILBOÐ kr. 2.590 þús.




LAND ROVER FREELANDER SE
Nýskr. 02/06, ekinn 102 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.790.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



# Loftslagsfé varið í kolakynt verkefni

Japönsk stjórnvöld notuðu einn milljarð dala, sem þeir höfðu heitið Sameinuðu þjóðunum að verja í baráttuna gegn hlýnun jarðar, til þess að reisa þrjár kolakyntar verksmiðjur í Indónesíu. Skýrar reglur virðist vanta um meðferð fjárins.

**JAPAN, AP** Baráttan gegn loftslagsbreytingum tekur á sig margvíslegar myndir. Ein af þeim undarlegri virðist vera meðferð japanskra stjórnvalda á fé, sem þau höfðu heitið Sameinuðu þjóðunum að nota til að vinna gegn hlýnun jarðar.

Féð notuðu stjórnvöld til þess að reisa þrjár kolakyntar verksmiðjur í Indónesíu. Og skráðu það hjá Sameinuðu þjóðunum sem fjármögnun vegna loftslagsmála.

Japanar segja þessar þrjár verksmiðjur reyndar ekki brenna jafn miklu af kolum og aðrar kolakyntar verksmiðjur. Tæknin sé orðin það fullkomin.

Þær losa engu að síður helmingi meira af koltvísýringi en sambærilegar verksmiðjur, sem knúnar eru með gasi. Þá hafa íbúar í nágrenni einnar af þessum verksmiðjum, sem er í Cirebon í Indónesíu, kvartað undan því að mikilvægir stofnar af rækjum, fiski og kræklingi hafi minnkað.

Japanar segjast sjálfir ekki sjá neitt athugavert við þetta háttalag, enda séu engar reglur til sem banni þeim að skrá verkefni af þessu tagi sem loftslagsverkefni hjá Sameinuðu þjóðunum.

„Sum lönd hafa ekki efni á að nota annað en kol," sagði Takako Ito, talskona japanska utanríkisráðuneytisins. „Við viljum útvega þessum löndum bestu leiðirnar til þess að draga úr útblæstri koltvísýrings."



**FISKIMENN KVARTA** Mikilvægir stofnar rækju, kræklings og fisks hafa minnkað eftir tilkomu verksmiðjunnar í Cirebon, sem sést í bakgrunni myndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Christiana Figueres, loftslagsstjóri Sameinuðu þjóðanna, segir Japana hins vegar ekki með nokkru móti geta réttlætt þetta framferði sitt.

„Kol ein og sér eiga ekki heima í orkubúskap framtíðarinnar," segir hún. „Með tímanum ættum við að fara að sjá mjög skýra tilhneigingu til þess að fjárfesta í hreinni, endurnýjanlegri orku."

Árið 2009 hétu velmegunarlöndin því að vera árið 2020 farin að útvega 100 milljarða dala árlega til þess að fjármagna baráttuna gegn loftslagsbreytingum í fátækari löndum heims. Þessi fjárhæð samsvarar rúmlega 1.200 milljörðum króna.

> **Sum lönd hafa ekki efni á að nota annað en kol.**
> *Takako Ito, talskona japanska utanríkisráðuneytisins*

Jafnframt samþykktu þau að verja 30 milljörðum dala árlega næstu þrjú árin. Japanar samþykktu að útvega um helming fjárins.

gudsteinn@frettabladid.is

Jóladagatal Miðborgarinnar okkar
NÝ TILBOÐ DAGLEGA
FYLGIST MEÐ Á FACEBOOK.COM/MIDBORGIN
ÚRVALIÐ ER Í MIÐBORGINNI!
WWW.MIDBORGIN.IS
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
LEIGUFÉLAG ÍSLANDS
MIÐBORGIN OKKAR

GOLFKLÚBBURINN ODDUR

**Aðalfundur Golfklúbbsins Odds (GO)**

verður haldinn í golfskálanum Urriðavelli
í dag, þriðjudaginn 2. desember kl. 20:00

Dagskrá:
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins starfsárs
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
- Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- Umræður og atkvæðagreiðslur um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar
- Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn
- Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- Önnur mál

**Félagar eru hvattir til að mæta**

Vægi Icelandair minnkar:

## EasyJet eykur umsvif sín

**SAMGÖNGUR** Breska flugfélagið EasyJet hefur aukið umsvif sín mest á Keflavíkurflugvelli á milli ára í nóvember, um 6,2 prósent.

EasyJet stóð fyrir tíundu hverri ferð á Keflavíkurflugvelli að því er fram kemur á túristi.is. Farnar voru 845 áætlunarferðir frá Keflavíkurflugvelli í síðasta mánuði og hefur vægi Icelandair og WOW air dregist saman milli ára.

Í nóvember í fyrra voru um þrjár af hverjum fjórum ferðum á vegum Icelandair en núna er vægi félagsins 67,8 prósent. Hlutdeild WOW air hefur dregist saman um 0,7 prósent á milli ára. - glp



**LOKA GÖTUNUM** Sjálfskipaðir löggæslumenn í Maiduguri reyna að tryggja öryggi íbúanna. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjuárásir í Nígeríu:

## Hafa kostað hundruð lífið

**NÍGERÍA, AP** Hátt í 200 manns hafa látið lífið í sprengjuárásum í Nígeríu undanfarna viku. Tvær sjálfsvígsárásir voru gerðar í gær, báðar á höfuðborgir héraða í norðurhluta landsins.

Herskáir öfgamenn, sem kenna sig við íslamska trú, eru taldir bera ábyrgð á árásunum. Svo virðist sem tvær konur hafi verið sendar á vettvang í borginni Maiduguri í gær til að gera þar sjálfsvígsárás.

Eftir árásina í Maiduguri í gær lokuðu hópar sjálfskipaðra löggæslumanna götum borgarinnar í von um að geta tryggt öryggi íbúanna. - gb


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
ALLT AÐ
30%
AFSL.
AF ÖLLUM FÖTUM,
SKÓM & FYLGIHLUTUM
FYRIR DÖMUR
THE COLLECTION DEBENHAMS
EDITION
FIORELLI
GERRY WEBER
JASPER CONRAN
STAR BY julienmacdonald
JUST FEMALE
MAINE NEW ENGLAND
Mantaray
MEXX
OROBLU
PART TWO
principles BY BEN de LISI
redherring
RJR.
by SECOND FEMALE COPENHAGEN
sloggi
SOAKED IN LUXURY
TAIFUN COLLECTION
Tamaris
Triumph INTERNATIONAL
WAREHOUSE
OPIÐ Í DAG FRÁ 11:00 - 19:00
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Lántaki þarf að greiða fjórfalda upphæð smáláns vegna vanskila

Kostnaður vegna smálána getur fjórfaldast séu lánin ekki greidd innan þrjátíu daga. Ofan á hvert 20 þúsund króna lán bætast tæplega sex þúsund krónur vegna lánshæfismats. Að auki bætist innheimtukostnaður við hvert lán. Vanskil koma ekki í veg fyrir að ný lán séu tekin.



**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Hundrað þúsund króna skuld 21 árs karlmanns vegna láns sem hann tók hjá smálánafyrirtækinu Hraðpeningum var orðin meira en 400 þúsund krónur aðeins örfáum mánuðum eftir að lánið var tekið.

Við fyrstu sýn virðast lánaskilmálar vera sanngjarnir. Á vefsíðu Hraðpeninga kemur til dæmis fram að þegar tekið er 20 þúsund króna lán í þrjátíu daga bætist við 733 krónur í kostnað og seðilgjald.

Þar með er öll sagan ekki sögð. Til þess að geta fengið lán þarf að undirgangast lánshæfismat. Til þess að fá lánið greitt samdægurs þarf lántaki að fá flýtimeðferð á því. Hann greiðir því 5.990 krónur fyrir greiðslumatið í hvert sinn sem smálán er tekið. Skiptir þá engu þótt fleiri en eitt lán séu tekin samdægurs.

Lendi lántaki í vanskilum bætist síðan við margfaldur innheimtukostnaður ofan á bæði höfuðstól lánsins og lánshæfismatið. Innheimtukostnaðurinn reiknast á hvert lán fyrir sig en ekki lánin sameiginlega.

Fréttablaðið ræddi við föður tuttugu og eins árs gamals manns sem tók fimm smálán þann 16. júní síðastliðinn. Ungi maðurinn tók lán hjá Hraðpeningum.

Samkvæmt frásögn föður unga mannsins mun hann hafa verið nýlega byrjaður í sambandi með konu. Þau hafi ákveðið að skella sér saman í stutt frí til útlanda. Grunlaus um það hversu mikinn kostnað hann gæti hlotið af smálánum ákvað maðurinn að taka fimm smálán, hvert að upphæð 20 þúsund, vegna ferðarinnar. Honum tókst ekki að greiða lánin til baka í tæka tíð og lenti því í vanskilum.

Í fyrrnefndu tilfelli nemur heildarkostnaðurinn vegna lánanna fimm sem tekin voru umræddan dag, það er höfuðstóls lánanna, dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, tæplega 295 þúsund krónum.




**AUÐFENGIÐ FÉ** Það er auðvelt að fá lánaðan pening hjá smálánafyrirtækjunum. Það er aftur á móti öllu erfiðara að greiða til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heildarkostnaðurinn vegna lánshæfismats, dráttarvaxta vegna ógreidds lánshæfismats og innheimtukostnaður nemur rúmum 128 þúsund krónum. Heildarkostnaður unga mannsins, þegar hann byrjaði að greiða af lánunum þann 3. nóvember var því kominn upp í 423 þúsund krónur.

Þrátt fyrir að vera í vanskilum eftir 16. júlí gat maðurinn engu að síður tekið smálán hjá sama fyrirtæki að undangengnu lánshæfismati. Þann 5. ágúst tók maðurinn tvö 20 þúsund króna lán.

Ungi maðurinn er byrjaður að greiða af lánunum og er nú í samráði við föður sinn að leita lausna til þess að greiða lánin að fullu. Bannað er að innheimta kostnað vegna greiðslumatsins.

Stór hluti skuldar mannsins er vegna flýtimeðferðar á greiðslumatinu og áfallins kostnaðar vegna vanskila á greiðslum á greiðslumatinu.

Á hinn bóginn komst áfrýjunarnefnd neytendamála að þeirri niðurstöðu í síðustu viku að smálánafyrirtækjunum Kredia og Smálánum hafi verið óheimilt að taka sérstaka greiðslu fyrir flýtiafgreiðslu lánshæfismats. Þetta er niðurstaða áfrýjunarnefndar neytendamála. Með ákvörðuninni var niðurstaða Neytendastofu sama efnis staðfest.

Kredia og Smálán sendu frá sér yfirlýsingu eftir að ákvörðunin var birt þar sem fram kom að fyrirtækin telji ákvörðunina ekki vera í samræmi við lög um neytendalán. Þau hyggjast láta reyna á málið fyrir dómstólum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur ekkert smálánafyrirtæki breytt starfsemi sinni eftir úrskurðinn.

> ➜ Þrátt fyrir að vera í vanskilum eftir 16. júlí gat maðurinn engu að síður tekið smálán hjá sama fyrirtæki.

## Heildarkostnaður vegna fimm smálána

16. JÚNÍ 2014

**Tók 20.000 kr. lán fimm sinnum** Ungi maðurinn tók samtals 100 þúsund króna lán. Ofan á hvert lán bætast 733 krónur vegna kostnaðar og seðilgjalds. **103.665 kr.**

**Kostnaður vegna greiðslumats fylgdi hverju láni** Flýtimeðferð fyrir hvert og eitt greiðslumat kostar 5.990 krónur. Greiða þarf greiðslumat fyrir hvert og eitt lán. **29.950 kr.**

**5 lán með greiðslumati í hvert sinn samtals** **133.615 kr.**

**Dráttarvextir falla á höfuðstól og lánshæfismat** Þegar maðurinn stóð ekki í skilum bættust dráttarvextir við vegna höfuðstóls lánsins og greiðslumats. Dráttarvextir á höfuðstólinn voru 5.416 og 1.705 krónur féllu á lánshæfismatið. **7.121 kr.**

**Innheimtukostnaður** Þegar lántaki var kominn í vanskil féll á innheimtukostnaður vegna kröfunnar. Hann var 185.890 krónur vegna höfuðstólsins en 96.350 vegna lánshæfismatsins. **282.240 kr.**

3. NÓVEMBER

**Skuld lántakandans hefur fjórfaldast** Í stað þess að skulda 100 þúsund krónur skuldar lántakandinn yfir fjögur hundruð þúsund. **SAMTALS 422.976 kr.**

**Þann 5. ágúst fékk maðurinn greiðslumat á ný þrátt fyrir vanskil** Viðkomandi tók tvö 20 þúsund króna lán og greiddi gjald fyrir flýtimeðferð lánshæfismatsins.

### ➜ Hafa heimild til að taka út af reikningum

Hafi lántaki ekki greitt skuld sína við Hraðpeninga á eindaga getur fyrirtækið nálgast peningana á bankareikningi lántakanda þann daginn. Sé ekki næg innistæða á reikningnum þann daginn getur fyrirtækið kannað á hverjum degi hvort innistæða sé á reikningnum. Eða eins og það er orðað í skilmálum Hraðpeninga:

„Viðskiptavinur veitir lánveitanda heimild til að skuldfæra lánið auk áfallins kostnaðar af bankareikningi sínum á eindaga. Viðskiptavinur ábyrgist að næg innistæða verði á reikningnum á eindaga lánsins fyrir láninu auk alls lánskostnaðar og vaxta. Ef ekki reynist innistæða á bankareikningi viðskiptavinar hefur lánveitandi heimild til að skuldfæra á dags fresti bankareikning viðskiptavinar þar til lán auk alls kostnaðar viðskiptavinar, er greitt.“

GILDI lífeyrissjóður

# Aukaársfundur
3. desember 2014

Aukaársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn miðvikudaginn 3. desember nk. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík

**Dagskrá fundarins:**

1. **Samrunasamningur Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga lagður fram til afgreiðslu.**
2. **Tillögur til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.**

Tillögurnar má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á heimasíðunni www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúm stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundinum.

Reykjavík, 20. nóvember 2014,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI

Landsbjörg áfram sjálfboðaliðastarf, segir formaður:

# Björgunargjald er ekki til umræðu

**SLYSAVARNIR** Hörður Már Harðarson, formaður Landsbjargar, segir innheimtu björgunargjalds ekki koma til greina. Þannig hafi fyrirkomulagið verið og ekki standi til að breyta því.

„Opinberar stofnanir hafa eftirlit með því hvort ekki sé allt í röð og reglu. Landsbjörg er hins vegar sjálfboðaliðasamtök sem fólk leitar til í algjörri neyð fari eitthvað úrskeiðis,“ segir Hörður. Ekki komi til greina að rukka einstaklinga eða fyrirtæki um björgunargjald nema háttsemi þeirra hafi verið forkastanleg. Líkt og hafi verið raunin fyrir tveimur árum þegar bjarga þurfti ferðamanni sem hafði hunsað lokun á Lakavegi.



**HÖRÐUR MÁR HARÐARSSON**

Hörður segir að björgunarsveitarfólki sé slétt sama þótt þakplötur eða trampólín skemmist. Farið sé í útköll til að koma í veg fyrir fok og að tjón verði á fólki og stærri eignum. „Við höldum áfram að fara út að aðstoða fólk þegar mikið liggur við. Það er hins vegar hálfergjandi að þurfa að huga að sama grillinu eða þakinu tvö útköll í röð,“ segir Hörður. Hann bætir við að fólk eigi að geta treyst á björgunarsveitina en einnig eigi það að gera allt sem í valdi þess stendur til að hindra það að kalla þurfi hana út. Kostnaðinn segir hann svo vera aukaatriði. Aðalmálið sé að enginn hafi slasast og ekkert stórtjón orðið. - joe



**ÚTKALL** Barist við þakplötu sem fauk í óveðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# BOSCH

# Veldu Bosch fyrir jólin

## Gæða-heimilistæki á hagstæðu jólaverði.



### Uppþvottavél, hvít
SMU 55M12SK - Meisterstück

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB. Fimm kerfi. Tímastytting þvottakerfa. 13 manna.

**Jólaverð: 129.900 kr.**

Fullt verð: 151.900 kr.



### Þvottavél
FRÁBÆR KAUP

WAB 24166SN

Tekur mest 6 kg.
Hámarksvinduhraði: 1200 sn./mín.
Orkuflokkur A+++.

**Jólaverð: 79.900 kr.**

Fullt verð: 87.900 kr.



### Uppþvottavél, stál
SMU 55M15SK - Meisterstück

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB. Fimm kerfi. Tímastytting þvottakerfa. 13 manna.

**Jólaverð: 139.900 kr.**

Fullt verð: 159.900 kr.



### Þvottavél
VÆNTANLEG

WAP 28498SN

Tekur mest 8 kg.
Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín.
Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur mótor með 10 ára ábyrgð.

**Jólaverð: 139.900 kr.**

Fullt verð: 159.900 kr.

### Ryksuga
BGL 4SIL69A

Orkuflokkur A. Útblástur A.
Parket og flísar, flokkur A.
Teppi, flokkur C.
Hljóð: 69 dB.
Vinnuradíus: 10 metrar.

**Jólaverð: 34.900 kr.**

Fullt verð: 47.900 kr.



Við höfum þegar kvatt vörugjöldin og **lækkað verð** á öllum heimilstækjum, sem bera vörugjöld, **um 20%** til áramóta. Öll verð miðast við að vörugjöld séu fallin niður.



### Þurrkari
FRÁBÆR KAUP

WTE 84384DN

Tekur mest 7 kg. Gufuþétting, enginn barki. Rakaskynjari. Krumpuvörn í lok kerfis.

**Jólaverð: 79.900 kr.**

Fullt verð: 103.900 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

**BOSCH**

**BÚÐIN**

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Eiga rithöfundar að skipta sér af gagnrýni?

# Rífumst um bækur og gagnrýni

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og verðlauna fyrir bestu þýðingu á erlendri bók voru tilkynntar í gær. Tilnefnt er í þremur flokkum: barna- og unglingabókmenntum, fagurbókmenntum og fræðiritum og ritum almenns efnis, auk fyrrnefndra þýðingarverðlauna. Fimm bækur eru tilnefndar í hverjum flokki og eins og gefur að skilja sýnist sitt hverjum um réttmæti þess að tilnefna þessa bókina en ekki aðra. Valið er alfarið í höndum þriggja manna dómnefnda í hverjum flokki og auðvitað borin von að allir bókaunnendur séu sammála þeim. Fyrr mætti nú vera einsleitnin.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Þær raddir hafa komið upp í umræðu um verðlaunin að óhæfa sé að tilnefningar og verðlaunaveiting fari fram svo skömmu eftir að meirihluti af útgáfu ársins er aðgengilegur þar sem erfitt sé að ná að lesa allar bækur sem út koma á svo stuttum tíma og enn þá erfiðara að öðlast einhverja yfirsýn. Um það má sjálfsagt deila eins og allt annað, eflaust væri betra fyrir dómnefndirnar að hafa lengri tíma til að rýna í bækurnar, bera þær saman, ræða þær sín á milli og svo framvegis, en Íslendingar gera helst allt í skorpum og ekkert undarlegt að val bestu bóka ársins fari fram eftir maraþonlestur á örfáum vikum. Mætti samt gjarnan skoða hvort ekki væri sanngjarnara gagnvart bæði dómnefndum og höfundum að tíminn væri rýmri.

Sama dag og tilnefningarnar voru kynntar loguðu vefmiðlar og samfélagsmiðlar vegna gagnrýni rithöfunda á tvo dóma sem bókmenntagagnrýnandi hafði flutt í Víðsjá á Rás 1. Stóryrðin voru ekki spöruð og maðurinn ásakaður um alls kyns annarlegar hvatir. Eiginlega fremur hrollvekjandi lesning og hætt við að gagnrýnandi sem notaði slíkan munnsöfnuð um rithöfund fengi ekki að kemba hærurnar í starfi. Það er að sjálfsögðu jákvætt að bækur og umfjöllun um þær séu fólki hugleiknar, en eins og í annarri umræðu verður að gera kröfu um lágmarks mannasiði. Ræðum bækur og gagnrýni endilega í drep en hættum að persónugera skrif fólks og blanda saman ritsmíðum og persónum, það er ekki frjó umræða.

Samt felast góðar fréttir í þessu upphlaupi. Að bækur skuli enn vera fólki slíkt hjartans mál að dagfarsprúðasta fólki missi stjórn á sér og ausi aðra auri er, þegar upp er staðið, miklu meira jákvætt en neikvætt. Sá leiðinda kvittur hefur nefnilega fengið byr undir báða vængi undanfarin ár að bækur séu að verða einnota iðnaðarframleiðsla sem skipti litlu máli í stóra samhenginu. Ekkert gæti verið fjær sanni. Við erum kannski hætt að trúa því að skáldskapur geti breytt heiminum á svipstundu en góðar bókmenntir breyta þeim sem þær lesa og þar sem heimurinn samanstendur af einstaklingum skiptir hver lesandi sem sér heiminn í nýju ljósi eftir lestur góðrar bókar máli í því að mjaka okkur nær einhverju sem kallast gæti betri og víðsýnni heimur. Það er ekki fyrr en fólki verður sama um bækur og umræðuna um þær sem við þurfum að fara að hafa verulegar áhyggjur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðherra í öngstræti

Starfsfólk Fiskistofu berst gegn ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar atvinnuvegaráðherra um að flytja meginhluta Fiskistofu til Akureyrar. Þau segja í áskorun til Sigurðar Inga ráðherra: „Þú yrðir maður að meiri og um leið leiddir þú málið út úr því öngstræti sem það er komið í. Erindi umboðsmanns Alþingis ætti eitt og sér að nægja til að vekja þig til umhugsunar." Til þessa hefur Sigurður Ingi hvergi hvikað og hefur margsagt að ekki komi til greina að draga ákvörðunina til baka. „Við treystum því að þú, að vel íhuguðu máli … fallir alfarið frá ákvörðun um flutning höfuðstöðva Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar."



### Lögleysa?

Birgittu Jónsdóttur eru flutningar Fiskistofu hugleiknir. Hún hefur spurt Sigurð Inga Jóhannsson hvort hann þurfi lagaheimild til flutninganna og hvort slíka heimild sé að finna í gildandi lögum. Birgitta rifjar upp að Hæstiréttur hafi, fyrir átta árum, metið flutninga Landmælinga á Akranes ólöglega. „Öll ytri skilyrði fyrir flutningi höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar eru þau sömu og þegar þáverandi umhverfisráðherra, með minnisblaði 3. júlí 1996, kynnti starfsmönnum Landmælinga Íslands þá ákvörðun sína að flytja starfsemi Landmælinga upp á Akranes," segir í greinargerð Birgittu Jónsdóttur í fyrirspurninni til ráðherrans.



### Fréttaskýring Jónasar

Jónas Kristjánsson ritstjóri skrifar stutta fréttaskýringu um fylgi flokkanna. Hann segir: „Þrátt fyrir dagleg hneyksli fer fylgi ríkisstjórnarinnar ekki niður úr 35%. Þar virðist vera botninn, Sjálfstæðis með 25% fylgi og Framsókn með 10% fylgi." „En fylgistapið nægir engan veginn til að koma hér upp norðurevrópsku fyrirmyndarríki. Þessi 35% eru enn botnfallið í þjóðfélaginu. Hugsa aldrei um pólitík og láta smala sér eins og sauðfé á degi kosninga. Það er þessu fólki að kenna, að bófaflokkum eru afhent völd til að arðræna samfélagið. Að vísu hagar ríkisstjórnin sér eins og kjörtímabilið verði hið síðasta í samstarfi bófaflokkanna. Í því verður hún vonandi sannspá."

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Á að skerða ferðafrelsi?

FERÐAÞJÓNUSTA



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

Á næstu dögum hyggst iðnaðarráðherra leggja fram margboðað frumvarp um náttúrupassa. Samkvæmt fréttum á hver Íslendingur að kaupa passa á 1.500 krónur til að fá að horfa á Dettifoss, Gullfoss og hinar náttúruperlurnar sem hingað til hafa verið álitnar sameign þjóðarinnar.

Samtök helstu ferðaþjónustuaðila hafa lýst því yfir að þau leggist gegn þessum hugmyndum þar sem nýtt gjald á ferðamenn og eftirlit með þeirri gjaldtöku geti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Bent hefur verið á að áhrifin af því að selja inn á helstu náttúruperlur Íslands grafi undan þeirri ímynd Íslands sem ósnortið land sem mörgum áratugum hefur verið eytt í að byggja upp. Þá hefur verið gagnrýnt að náttúrupassafyrirkomulagið geri ráð fyrir því að lögreglan eða aðrir aðilar stundi eftirlit við náttúruvætti. Niðurstaða samtaka ferðaþjónustuaðila er að heillavænlegra sé að hækka gistináttaskatt.

En þessi rök ferðaþjónustunnar eru ekki einu rökin gegn þessum hugmyndum ráðherrans sem eru mjög á skjön við þær leiðir sem aðrar þjóðir hafa valið til að vernda viðkvæm svæði. Langflestar þjóðir hafa valið að sækja fé í gegnum hið almenna skattkerfi, með farseðlasköttum eða gistináttagjöldum. Náttúrupassinn verður líklega sýnidæmi um séríslenskar „lausnir", þó ekki endilega til mikils sóma. Mestu máli skiptir þó að þetta sérstaka gjaldtökukerfi, sem mun kosta sitt, mun stangast á við almannarétt sem hefur verið tryggður í íslenskum lögum allt frá Jónsbók og þyrfti að afnema með lagabreytingu ef náttúrupassinn á að verða að veruleika.

**➜ Með náttúrupassanum hyggst Sjálfstæðisflokkurinn, sem eitt sinn þóttist vera boðberi frelsis, beinlínis skerða ferðafrelsi íslensks almennings…**

Með náttúrupassanum hyggst Sjálfstæðisflokkurinn, sem eitt sinn þóttist vera boðberi frelsis, beinlínis skerða ferðafrelsi íslensks almennings, rukka alla fyrir að fara um landið og byggja upp bákn til að hafa eftirlit með skattheimtunni. Þvert á almannarétt hefur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins samþykkt að skerða ferðafrelsi almennings til að geta rukkað fólk um skatt, í raun lagt auðlindagjald á almenning í landinu. Það er því holur hljómur í öllu frelsistali Sjálfstæðisflokksins. Ljóst er að í þessum efnum mun það koma í hlut okkar hinna að verja einstaklingsfrelsið sem Sjálfstæðisflokkurinn þykist standa vörð um.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hún var bara lítið barn!

MANNRÉTTINDI



**Bryndís Bjarnadóttir**
herferða- og aðgerðastjóri Íslandsdeildar Amnesty International

**➔ Undanfarin ár, í kringum 10. desember, sem er alþjóðlegur mannréttindadagur, hefur Amnesty International staðið fyrir einum stærsta mannréttindaviðburði heims – bréfamaraþoni.**

Hún var aðeins tíu ára gömul, stúlkan frá El Salvador sem var neydd til að fæða barn. Allt frá því hún var kornabarn hafði hún sætt kynferðislegri misnotkun. Eftir eina af mörgum nauðgunum varð hún þunguð og þar sem fortakslaust bann ríkir við fóstureyðingum í El Salvador átti hún ekki annarra kosta völ en að ganga með barnið.

Læknir sem meðhöndlaði litlu stúlkuna lét eftirfarandi orð falla: „Við þurftum að meðhöndla níu ára gamla stúlku sem var þunguð og ól barn aðeins tíu ára … Þetta var hrikalega erfitt mál … það endaði með keisaraskurði á 32. viku meðgöngu … þetta tilfelli setti mark sitt á okkur öll kannski vegna þess að hún skildi ekki hvað var að koma fyrir hana … hún bað okkur um liti, Crayon-liti, og hóf að teikna mynd af okkur öllum og hengdi upp á spítalaveigginn. Hjarta okkar sökk af sorg. Hún er bara lítið barn, lítið barn! Hún skildi ekki að hún ætti sjálf von á barni.“

Blátt bann við fóstureyðingum var bundið í landslög í El Salvador árið 1998 sem þýðir að konur og stúlkur eru saknæmar í öllum tilvikum leiti þær slíkrar aðgerðar, jafnvel þótt lífi eða heilsu þeirra sé ógnað, þungun sé afleiðing nauðgunar eða sifjaspells eða sýnt þyki að fóstrið sé ekki lífvænlegt. Bannið undanskilur ekki einu sinni barnungar stúlkur sem verða þungaðar í kjölfar nauðgunar eða sifjaspells. Hér er um ríkisofbeldi gegn konum og stúlkum að ræða og jafngildir bannið pyndingum og annarri illri meðferð samkvæmt Amnesty International.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum þar sem brotið er miskunnarlaust á konum, börnum og karlmönnum. Moses var að ljúka grunnskólaprófi þegar líf hans tók hamskiptum. Hann var aðeins 16 ára gamall þegar nígeríski herinn handtók hann í nóvember árið 2005. Moses var ásakaður um að stela þremur farsímum og öðrum samskiptabúnaði og sætti pyndingum og annarri illri meðferð í kjölfarið. Hann var meðal annars bundinn og hengdur upp á fótum í nokkrar klukkustundir í yfirheyrsluherbergi og notast var við töng til að draga neglur af fingrum og tám til að þvinga hann til játningar. Réttarhöldin og sakfellingin gegn Moses byggði á mótsagnakenndum vitnisburði og játningum Moses sem þvingaðar voru fram með pyndingum. Eftir átta ár í fangelsi var Moses dæmdur til dauða með hengingu.

**Bréf til bjargar lífi**

Víða um heim er frelsi fólks ógnað, mótmælendur eru fangelsaðir og jafnvel pyndaðir fyrir að birta skoðanir sínar opinberlega, aðgerðasinnar eru dæmdir til dauða, konur og stúlkur deyja við barnsburð af því þær fá ekki notið nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu eða þær fá engu ráðið um eigið líf og líkama.

Undanfarin ár, í kringum 10. desember, sem er alþjóðlegur mannréttindadagur, hefur Amnesty International staðið fyrir einum stærsta mannréttindaviðburði heims – bréfamaraþoni. Þá koma hundruð þúsunda einstaklinga saman um víða veröld og senda bréf til stjórnvalda sem brjóta gróflega á mannréttindum fólks. Einnig hafa þolendum mannréttindabrota verið sendar stuðningskveðjur, en fyrir þolendur brotanna og fjölskyldur þeirra eru bréfin tákn um alþjóðlega samstöðu fólks sem lætur sér annt um réttindi þeirra og mannlega reisn.

Íslendingar hafa ekki látið sitt eftir liggja en á síðasta ári voru rúmlega 50.000 bréf og kort send utan. Bréfin bera sannarlega árangur. Á hverju ári eiga sér stað raunverulegar breytingar á lífi þolenda mannréttindabrota vegna undirskrifta ykkar og aðgerða. Fólk sem er ranglega fangelsað er leyst úr haldi. Pyndarar eru látnir svara til saka og fólk í fangelsum fær mannúðlegri meðferð. Yorm Bopha frá Kambódíu er til að mynda ein þeirra sem fengu lausn sinna mála í kjölfar bréfasendinga. Yfirvöld fengu nálægt 253.000 ákoll frá stuðningsfólki Amnesty sem tók þátt í bréfamaraþoninu í 54 löndum. Yorm sat í fangelsi í þrjú ár eftir falskar ákærur á hendur henni vegna mótmæla gegn þvinguðum brottflutningi á fólki í samfélagi hennar. Hún var leyst úr haldi gegn tryggingu í nóvember 2013. Hún heldur nú áfram að berjast fyrir samfélag sitt.

Þannig eru mörg dæmi um að þrýstingur á yfirvöld beri árangur. Fleiri þurfa nú hjálpar ykkar við. Ekki láta ykkar eftir liggja á aðventunni í ár í baráttunni fyrir betri heimi. Takið þátt í bréfamaraþoni Íslandsdeildar Amnesty International. Þar getið þið brugðist við vegna 12 áríðandi mála sem þurfa á athygli að halda. Ofangreind mál, Moses frá Nígeríu og blátt bann við fóstureyðingum í El Salvador, eru meðal þeirra mála sem tekin verða fyrir á bréfamaraþoni Amnesty í ár.

Það hefur aldrei verið einfaldara að taka þátt. Tilbúin bréf til stjórnvalda verða á öllum þeim 19 stöðum á landinu sem bréfamaraþonið fer fram í ár. Einnig er hægt að senda stuðningskveðjur til fórnarlamba mannréttindabrota. Dagskrána má finna á www.amnesty.is.

## AF NETINU

### Hlægilegur náttúrupassi



Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ætlar alla leið með náttúrupassann – einmitt nú þegar samtök helstu aðila í ferðaþjónustu hafa snúist gegn þeirri leið. Vilja frekar gistináttagjald.

Þetta er mikill dómgreindarbrestur hjá Ragnheiði Elínu.

Náttúrupassinn felur í sér að nú verða Íslendingar skattlagðir sérstaklega ef þeir vilja skoða náttúruperur í landi sínu. Það verður aldrei samþykkt af almenningi.

Vonandi stöðva Framsóknarmenn þessa fásinnu. Tveir glæsilegustu formenn Framsóknarflokksins sem jafnframt voru þekktir náttúruunnendur, Eysteinn Jónsson og Steingrímur Hermannsson, hefðu aldrei látið sér detta í hug að taka þátt í slíkri gjaldtöku á Íslendinga, fyrir að njóta landsins.

Náttúrupassinn felur líka í sér að hafa verður eftirlitsfólk með sultardropa á nasavængjum við helstu náttúruperlur, allan ársins hring, til að tryggja að enginn komist inn án passa.

http://blog.pressan.is

*Stefán Ólafsson*

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra

HEILBRIGÐISMÁL



**Bryndís Snæbjörnsdóttir**
formaður Landssamtakanna Þroskahjálp



**Friðrik Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálp

**➔ Það ætti að vera öllum ljóst að fólk sem komið er af barnsaldri óskar ekki eftir bleyjum til eigin nota nema að það þurfi á þeim að halda. Það er skoðun Landssamtakanna Þroskahjálpar að kostnaður sem tilkominn er vegna fötlunar einstaklings eigi að koma úr sameiginlegum sjóðum.**

Ágæti ráðherra.

Tilefni þessara bréfaskrifa eru ekki sérlega ánægjuleg. Eins og þú veist manna best þá voru gerðar breytingar á kostnaðarþátttöku notenda í bleyjukaupum og ýmsum öðrum hjálpartækjum við setningu nýrrar reglugerðar sem tók gildi um síðustu áramót.

Við sendum þér opið bréf sem birtist í Fréttablaðinu 6. febrúar sl. jafnframt því sem við sendum það til þín í ráðuneytið þitt. Því miður hefur þú ekki látið svo lítið að svara tilskrifum okkar og þykir okkur það ákaflega miður og lítilsvirðing við þá notendur sem í hlut eiga en þeir eiga margir hverjir erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér og verjast ósanngjarnri gjaldtöku af hálfu hins opinbera.

Eins og við sögðum þér í fyrra bréfi þá hefur þessi gjaldtaka veruleg áhrif á lífskjör hjá fólki sem vegna veikinda eða fötlunar er háð því að nota bleyjur og undirbreiðslur að staðaldri. Þegar við skrifuðum þér síðast höfðum við aflað okkur upplýsinga um kostnaðarhlutdeild notenda í bleyjukaupum. Samkvæmt okkar útreikningi áætluðum við að kostnaðarhlutdeild notenda í bleyjukaupum gæti numið 4–5.000 krónum á mánuði. Fyrir einstakling sem einungis hefur örorkulífeyri til framfærslu munar töluvert um 5.000 krónur á mánuði þar sem hann hefur einungis 162.546 krónur til ráðstöfunar eftir skatt á mánuði.

**Sanngirnismál**

Það ætti að vera öllum ljóst að fólk sem komið er af barnsaldri óskar ekki eftir bleyjum til eigin nota nema að það þurfi á þeim að halda. Það er skoðun Landssamtakanna Þroskahjálpar að kostnaður sem tilkominn er vegna fötlunar einstaklings eigi að koma úr sameiginlegum sjóðum. Því sé hér um sanngirnismál að ræða og eðlilegt að Sjúkratryggingar Íslands greiði slík hjálpartæki að fullu.

Frá því að við skrifuðum þér síðast, Kristján, þá hefur ástandið versnað til muna því krónutalan á bak við 10% kostnaðarhlutdeildina hefur hækkað til muna og kunnum við engar skýringar á því nema væntanlega hækkað verð á bleyjum. Fólk er orðið bæði reitt og áhyggjufullt og finnst þessi gjaldtaka ósanngjörn. Foreldrum stálpaðra fatlaðra barna og fullorðins fólks sem þarf fötlunar sinnar vegna að nota bleyjur dagsdaglega þykir ómaklega að sér vegið. Eða eins og einn faðir sem hafði samband við okkur orðaði það: „Nú eru þeir loksins búnir að finna breiðu bökin, þá sem geta borgað.“ Hann var reiður þessi faðir, mjög reiður, og það er skiljanlegt.

Við skorum á þig, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, að endurskoða umrædda reglugerð og færa hana aftur til fyrra horfs, þ.e. í 100% greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands vegna bleyjukaupa einstaklinga þriggja ára og eldri.

Að lokum viljum við minna þig á fyrri ábendingu okkar er varðar hag fólks sem einungis hefur bætur almannatrygginga sér til framfærslu. Það er að þær breytingar sem núverandi ríkisstjórn hefur gert á bótum almannatrygginga hafa ekki komið þeim einstaklingum til góða og því má fullyrða að hagur þessa fólks hefur versnað frá því sem áður var og ekki er hægt að tala um að hann hafi verið sérstaklega góður fyrir.




Ísland – allt árið er markaðsverkefni sem hefur þann tilgang að festa ferðaþjónustu í sessi sem heilsársatvinnugrein og auka arðsemi af greininni. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að veita á næstu tveimur árum allt að 200 milljónum króna hvort ár til verkefnisins, enda sé samanlagt framlag annarra þátttakenda ekki lægri fjárhæð. Því er nú stefnt að gerð nýs samnings fyrir árin 2015 og 2016 en núgildandi samningur rennur út í lok þessa árs.

Verkefnið er markaðs- og kynningarverkefni fyrir Ísland og íslenska ferðaþjónustu á erlendum mörkuðum. Markaðssetningin fer fram undir formerkjum Inspired by Iceland. Framlögum skal varið með almennum hætti og kynningarefni á vegum þess verður í þágu ferðaþjónustunnar í heild.

Helstu markmið verkefnisins eru að jafna árstíðasveiflur í ferðaþjónustu, auka meðalneyslu ferðamanna og bæta viðhorf og vitund gagnvart Íslandi sem heilsársáfangastað.

Lágmarksframlag þátttakenda til samningsins eru 20 m.kr. Fyrirtækjum, félagasamtökum, sveitarfélögum, stofnunum og öðrum er heimilt að mynda hóp sem yrði aðili að samningnum.

Íslandsstofa er framkvæmdaraðili verkefnisins og veitir allar nánari upplýsingar. Áhugasamir sendi tölvupóst á islandalltarid@islandsstofa.is fyrir 15. desember n.k.

COME AND BE INSPIRED BY ICELAND

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



# Heppin

KYNBUNDIÐ OFBELDI



Auður Inga Rúnarsdóttir
starfsnemi

Dagana 25. nóvember til 10. desember stendur yfir 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Ég er í starfsnámi hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands sem heldur utan um átakið á höfuðborgarsvæðinu, og hef því fylgst vel með átakinu.

Aukin innsýn mín í málefnið hefur gert mér dálítið ljóst. Ég er heppin. Ég er heppin vegna þess að ég hef ekki orðið fyrir alvarlegu kynbundnu ofbeldi. Vissir þú að tölfræðilega séð þá er þessi staðhæfing rétt? Ég er heppin að hafa ekki orðið fyrir alvarlegu ofbeldi vegna kyns míns. Þá er ekki þar með sagt að ég hafi aldrei orðið fyrir óviðeigandi áreitni, óþægindum eða ofbeldi af neinu tagi.

Ég hef verið hunsuð, færð til, kallað hefur verið á mig, mér kennt um að vera kynköld þegar ég sýni ekki nægan áhuga og kölluð drusla þegar ég sýni of mikinn áhuga. En ég hef ekki orðið fyrir líkamlegu eða sálarlegu tjóni sem hefur fylgt mér eða haft alvarleg áhrif á mig, og þess vegna er ég heppin.

Ég veit ekki með þig, en mér finnst það óhugnanlegt. Vissir þú að 42% kvenna eru ekki jafn „heppin“ og ég? Vissir þú að ein af hverjum fjórum konum hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi og tvær af hverjum fimm konum hafa verið beittar kynbundnu ofbeldi í einhverri mynd? Þetta eru ekki einhver illvirki sem gerast órafjarri og maður les um á netinu. Þetta er ekki að gerast í annarri vídd, öðru bæjarfélagi eða öðrum vinnustað. Kynbundið ofbeldi á sér stað í okkar nánasta umhverfi, og í okkar vinahópum og fjölskyldum eru konur (ft.) sem hafa orðið fyrir því. Konur sem eru ekki „heppnar“.

**➜ Ég get bara vonað að 16 daga átakið og greinarnar hafi áhrif og veki umræður í samfélaginu. En þú, þú getur gert vonir mínar að veruleika. Þú getur rætt viðkvæmu málefnin.**

Þessu vil ég breyta. Ég get bara vonað að 16 daga átakið og greinarnar hafi áhrif og veki umræður í samfélaginu. En þú, þú getur gert vonir mínar að veruleika. Þú getur rætt viðkvæmu málefnin. Þú getur spurt vini og kunningja hvort allt sé í lagi þegar þú ert í vafa. Þú getur gert heiminn örlítið betri með því að auðvelda umræðu um kynbundið ofbeldi. Ábyrgðin á ofbeldinu er gerandans. Ábyrgðin á þögguninni er okkar allra. Aukin umræða auðveldar þolendum jafnt sem gerendum að stíga fram og leita sér hjálpar. Með þessu móti getum við haft áhrif og dregið úr kynbundnu ofbeldi.

Mér finnst rangt að eftirfarandi staðhæfing sé sönn: Ég er heppin vegna þess að ég hef ekki orðið fyrir alvarlegu ofbeldi vegna kyns míns. Ef þú ert sammála mér, leggðu þitt af mörkum og opnaðu umræðu um kynbundið ofbeldi.

# Barnaréttur – umgengni – dagsektir

FJÖLSKYLDUMÁL



Leifur Runólfsson
lögmaður

Ein af meginreglum barnaréttar er að hafa skal það að leiðarljósi sem er barninu er fyrir bestu en menn geta vissulega deilt um það hverju sinni. Hér verður fjallað í stuttu máli um rétt barns til umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá og beitingu dagsekta vegna tálmana. Með tálmun er almennt vísað til atferlis foreldris sem er fólgið í því að koma í veg fyrir að barn fái notið umgengnisréttar við hitt foreldrið

### Hvernig er umgengni komið á

Þegar foreldrar barns búa ekki saman þá þarf að ákvarða hvernig umgengni barnsins verður við það foreldri sem það býr ekki hjá. Það eru í raun fjórar leiðir til að ákvarða umgengni. Í fyrsta lagi geta foreldrar komist að samkomulagi sín á milli. Í öðru lagi geta foreldrar gert með sér staðfestan samning hjá sýslumanni. Í þriðja lagi getur annað foreldrið krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni og loks í fjórða lagi geta aðilar fengið dóm eða dómssátt um umgengni samhliða forsjármáli sem rekið er fyrir dómstól.

### Umgengni

Mikilvægt er að huga vel að inntaki og framkvæmd varðandi umgengni. Með umgengni er ekki aðeins átt við samveru foreldris og barns heldur er þar einnig átt við önnur samskipti svo sem símtöl. Grunnreglan er sú að barn á rétt á að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

### Samkomulag mikilvægt

Það er mikilvægt að foreldrar sem búa ekki saman komist að samkomulagi um hvernig umgengni verður háttað. Sé umgengnissamningurinn ekki staðfestur af sýslumanni, ekki hefur verið úrskurðað um umgengnina eða fallið dómur eða dómssátt varðandi umgengnina er ekki hægt að fara fram á að sýslumaður úrskurði dagsektir vegna umgengnistálmana.

### Sáttarmeðferð

Áður en hægt er að krefjast úrskurðar um að lögheimilisforeldri verði beitt dagsektum fyrir að tálma umgengni er aðilum skylt að leita sátta, skv. 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003, því verður ekki úrskurðað um dagsektir nema að lagt verði fram gilt sáttarvottorð. Eitt af markmiðum sáttarmeðferðar skv. 33. gr. a barnalaga er að hjálpa foreldrum að finna upp á eigin spýtur þá sátt sem er barninu fyrir bestu. Sáttarmaður skal vera hlutlaus og leiða ferlið en hann ber ekki ábyrgð á lausn málsins. Þá er gert ráð fyrir því að barni gefist kostur á að tjá sig við sáttarmeðferðina hafi barnið aldur og þroska til þess nema að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust. Komist sáttarmaður að þeirri niðurstöðu að foreldrar muni ekki ná sáttum þá gefur sáttarmaður út sáttarvottorð þess efnis.

**➜ Forsenda fyrir beitingu dagsekta til að þvinga fram umgengni er að lögheimilisforeldrið hafi tálmað umgengni. Dagsektir eru ákvarðaðar fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til látið er af tálmununum. Þess skal getið að dagsektir renna í ríkissjóð en ekki í vasa hins foreldrisins.**

### Dagsektir

Forsenda fyrir beitingu dagsekta til að þvinga fram umgengni er að lögheimilisforeldrið hafi tálmað umgengni. Dagsektir eru ákvarðaðar fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til látið er af tálmunum. Þess skal getið að dagsektir renna í ríkissjóð en ekki í vasa hins foreldrisins.

Áður en úrskurðað er um hvort dagsektir skuli lagðar á þarf sýslumaður að gæta að málsmeðferðarreglum. Honum ber að gefa báðum foreldrum kost á að koma að sínum sjónarmiðum og ljóst er að sýslumaður á ekki að leggja á dagsektir nema að hann telji alveg ljóst að tálmunum hafi verið beitt án málefnalegra ástæðna.

„Mörgum kann að þykja undarlegt að ekki sé hægt að beita foreldri sem sinnir ekki umgengni við barn sitt dagsektum. Ástæða þess er að löggjafinn telur að umgengni sem komið er á gegn vilja foreldris, sem barn býr ekki hjá, með beinum þvingunarúrræðum, sé ekki barni til góðs.“






ENNEMM / NM65265



Luktir með rafmagnskertum og tímastilli. Mega vera úti.
▶ **Verð frá: 2.990 kr.**



Mikið úrval af stjörnum – margir litir.
▶ **Verð frá: 990 kr.**



Skapaðu notalega stemningu. Þriggja arma ljós.
Verð: 19.900 kr.
▶ **Tilboð: 14.900 kr.**



Discoco ljósakrónur á tilboði – ýmsar stærðir og litir.
▶ **Verð frá: 69.900 kr.**



Mikið úrval af Sennheiser heyrnartólum. Momentum og Urbanite fáanleg í öllum litum.

**Komdu, prófaðu, hlustaðu!**



**WL Sólarljós með vakningu**

- Frábær byrjun á góðum degi.
- Þú vaknar við sífellt meiri birtu á náttúrulegan hátt.

▶ Sólarljós með útvarpi: **15.900 kr.**
▶ Sólarljós með útvarpi og tengingu fyrir MP3 spilara eða snjallsíma: **19.800 kr.**



**Öflugur andlitsbursti**

- Hreinsar burt óhreinindi úr húðholum og fínum andlitslínum.
- Virkni húðvara verður mun betri á hreinni húð.
- Burstinn er vatnsheldur og hægt að nota í sturtu.
- Með burstanum fylgir hleðslustöð og 4 aukaburstar.

▶ **Verð: 11.900 kr.**

**PFAFF** - Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 414 0400 - www.pfaff.is

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-16

# Eru bananar dýrir?

LÝÐRÆÐI



**Sturla Kristjánsson**
sálfræðingur og Davis-ráðgjafi

Að undanförnu hafa orðið nokkrar umræður um sannsögli ráðherra og ábyrgð forstöðumanna á rekstri ríkisstofnana.

Ráðherrar eru sakaðir um dvínandi sannleiksást og einhverjir þingmanna vilja reka úr starfi þá forstöðumenn ríkisstofnana sem fara fram úr fjárlögum.

Ráðherrar og embættismenn eru sakaðir um óráðvendni og ósannsögli, þeir ljúgi að þingi og þjóð og virði ekki fjárheimildir.

Sagt er að við búum við þrískiptingu valdsins; aðskilnað löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds – löggjafinn setji samfélaginu lög, framkvæmdarvaldið sjái um að lögum sé framfylgt og dómsvaldið ákvarði lögmæti gjörða okkar og þá viðurlög við frávikum ef finnast.

En er þetta svo? Við kjósum til Alþingis. Stjórnmálaflokkarnir ákveða hverja megi kjósa. Með röðun á lista eru kjósendur því raunar sviptir kosningarréttinum, 40-50 þingsæti af 63 eru þegar mönnuð og þau sem eftir eru verða setin af þeim, sem flokkarnir leyfa kjósendum að velja á milli.

Eftir kosningar skal mynda ríkisstjórn. Flokksforingjar meirihluta þingmanna mynda meirihlutastjórn. Þingmenn setjast í ráðherrastólana og gegna tveimur störfum og þar með flyst löggjafarvaldið yfir í ráðuneytin.

Forystumenn stjórnmálaflokkanna velja sér flokksbræður til þingsetu og ráðherra úr þingliði.

Ráðherrar og embættiskerfið taka síðan að sér löggjafarvaldið; lagafrumvörp eru undirbúin og frágengin af stjórnarráðinu, samþykkt í ríkisstjórn, kynnt í þingflokkum stjórnarflokkanna og keyrð í gegnum Alþingi. Löggjafarvaldið er sem sagt í höndum ráðherra og embættismanna stjórnarráðsins.

### Hvar er lýðræðið?

En hvað með dómsvaldið? Eru dómstólar óháðir stjórnmálum? Kjósum við okkur dómara? Nei, forystumenn stjórnmálaflokkanna í ráðherrastólum velja sér dómara.

**➜ En hvað með dómsvaldið? Eru dómstólar óháðir stjórnmálum? Kjósum við okkur dómara? Nei, forystumenn stjórnmálaflokkanna í ráðherrastólum velja sér dómara.**

Hvar er lýðræðið og þrískipting valdsins þegar ríkisstyrktir stjórnmálaflokkar ákveða hverjir megi verða þingmenn, hverjir fái að verða ráðherrar og hverjir dómarar?

Foringjarnir setjast í ráðherrastóla og velja með sér trausta flokksmenn. Framkvæmdarvaldið segir síðan Alþingi fyrir verkum og velur dómara.

Við þessar aðstæður fara öflugir flokksgæðingar sínu fram, jafnvel á svig við lög og reglur. Þótt almenningi ofbjóði framganga þeirra þurfa þeir engu að kvíða, samherjar á þingi slá um þá skjaldborg og finna þeim síðan feit embætti, t.d. sem bankastjórar, forstöðumenn ríkisstofnana eða sendiherrar.

Til eru þingmenn sem vilja reka forstöðumenn ríkisstofnana fari þeir fram úr fjárlögum. Búum til dæmi. Alþingi setur lög um grunnskóla ríkisins. Fyrirkomulag skólahalds er útfært í reglugerðum, námstilhögun í námsskrá. Kostnaður við kennslu ræðst í kjarasamningum. Að forsendum gefnum reiknar forstöðumaður út heildarkostnað við framkvæmd laganna og skilar til ráðuneytis sem tillögu til fjárlaga. Ráðuneyti ber að skila raunhæfum niðurstöðum forstöðumanns til fjárlaganefndar en þá gerist það að hækkun útgjalda á milli ára þykir of mikil og ráðuneytið lækkar niðurstöðutölu forstöðumanns um 10%. Stjórnarliðar í fjárlaganefnd trúa fjárlagatillögum úr ráðuneyti ráðherra síns og telja sig tryggja lögboðna framkvæmd skólastarfs með samþykkt þeirra. Framkvæmd stendur óhögguð en fjárveiting skorin niður um 10%. Óhjákvæmileg afleiðing er framúrkeyrsla upp á rúm 11%.

Framkvæmdarvaldinu er varla ætlað að hindra framkvæmd lögboðinnar almannaþjónustu með röngum fjárlagatillögum eða tefja framkvæmd laga með ákvæðum í reglugerðum.

Ef framkvæmdarvald og fjárlaganefnd valda hlutverki sínu þarf engan að reka; en verði þeim á mistök eða misgjörðir má alltaf verja kóng eða drottningu með því að fórna peði.




## AF NETINU

### Bann við mismunun



Heyri í fréttum að ekki megi gera greinarmun á innlendum og erlendum mönnum vegna EES-samnings. Það skýri hvers vegna verði að selja innlendum náttúrupassa sem og erlendum ferðamönnum. Bann við að mismuna fólki hefur hins vegar ekkert með Noreg eða Liechtenstein að gera. Í öllum samningum og sáttmálum sem lúta að mannréttindum er blátt bann við því að mismuna fólki eftir uppruna, litarhætti, trú etc. Grunnurinn er Mannréttindasáttmáli Evrópu og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Slíkt grundvallarbann hefur ekkert með samninga okkar við önnur ríki að gera. Þessu þarf að halda til haga. Tek það fram hins vegar að mér finnst náttúrupassi mjög vafasöm hugmynd og tel að hún muni aldrei ganga upp.

http://blog.pressan.is

*Baldur Kristjánsson*

## JÓLIN Í ÁSGARÐI

**Starfsfólk Ásgarðs í Mosfellsbæ færði Barnaspítala Hringsins vönduð og sterk leikföng að gjöf á dögunum. Jólamarkaður Ásgarðs verður haldinn laugardaginn 6. desember að Álafossvegi í Mosfellsbæ milli klukkan 12 og 17.**



ÞÚ VELUR NÁTTÚRULEGA



Án Parabena og SLS

DGJ ORGANICS



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

# ENNÞÁ ÖFLUGRA D-VÍTAMÍN SPREY

**GENGUR VEL KYNNIR** *Dlúx 3000 er nýtt og enn öflugra D-vítamín sem úðað er undir tungu og virkar fljótt og vel. D-vítamín styrkir m.a. ónæmiskerfið.*

Nú þegar myrkrið er við völd og lægðirnar skella á okkur eru D-vítamínbirgðir okkar, sem búum hér á norðurslóðum, oft í lágmarki. Þá er alveg nauðsynlegt að fá D-vítamín með öðrum leiðum en frá sólinni," segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf.

### D-VÍTAMÍNSKORTUR Á NORÐURSLÓÐUM

Rannsóknir sýna að D-vítamínskortur er mikill á norðurslóðum og geta einkennin lýst sér í depurð, vöðva- og beinverkjum, þreytu og orkuleysi. Breska heilbrigðisráðuneytið hefur biðlað til fólks að taka inn D-vítamín en talið er að 10 milljónir Breta þjáist af D-vítamínskorti.

### STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

D-vítamín er oft talið eitt nauðsynlegasta vítamínið sem mannslíkaminn þarfnast. Það gegnir lykilhlutverki í bein- og tannheilsu, hefur styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið og getur því átt stóran þátt í að fyrirbyggja og losa okkur við flensu, kvef og aðra fylgifiska vetrarins.

### SPREYJAÐ UNDIR TUNGU

Dlux 3000 er spreyj að undir tungurót t þess að tryggja fljó og örugga upptöku. Vítamínið er blanda olíu og fer því beint inn í blóðrásina í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn þar sem það oftar en ekki tapar stórum hluta af virkni sinni.

### AF HVERJU DLUX 3000?

- D-vítamín er eitt nauðsynlegasta vítamínið fyrir líkamann



**MIKILVÆGT FYRIR FÓLK Á NORÐURSLÓÐUM** Rannsóknir sýna að D-vítamínskortur er mikill á norðurslóðum.

- Er í munnúðaformi og tryggir hámarks upptöku og nýtingu
- Þægilegt í notkun
- Vítamínið fer beint út í blóðrásina
- Í hverju glasi eru 100 úðar eða 3 mánaða skammtur
- Með góðu piparmyntubragði
- Fyrir alla fjölskyldumeðlimi, 6 ára og eldri
- Hentar grænmetisætum




Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is. Útsölustaðir: Heilsuhúsið, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Lyfjaver/ Heilsuver, Heilsutorg Blómavals, Apótekarinn Mosfellsbæ og Apótek Vesturlands.

### FLENSUFÆLA

Ekki gleyma D-vítamíninu. Burt með flensu og slen.

### NÁUM SÓLINNI INN

„Eftir krappa lægð þurfum við Íslendingar D-vítamín. Náum sólinni inn fyrir jólin."

AUKAOPNUN
LAGERSALA

Vatnagörðum 8, 104 Reykjavík
Miðvikudaginn 3. desember
Opið frá 12:00 - 21:00

AÐEINS OPIÐ ÞENNAN EINA DAG!
KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP!
20% AUKA-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.



SPECIALIZED DIVERGE COMP SMARTWELD
Diverge er hannað til að takast á við allar tegundir vega og hafa betur. Smartweld stell, koltrefjagaffall, Shimano 105 skipting, vökva-diskabremsur.
Verð: **399.990 kr.**

SÉRÐU MIG NÚNA?
Allt fyrir veturinn í Kríu.
Kría hjól ehf // Grandagarður 7 // 101 Reykjavík

KRIA CYCLES



SPECIALIZED DEFROSTER TRAIL
Vatnsheldir og fóðraðir með Thinsulate til að halda fótunum þínum þurrum og hlýjum.
Verð: **34.990 kr.**



SPECIALIZED DEFLECT HANSKAR
Vindheldir, fóðraðir og með endurskini og Wiretap gómum fyrir snertiskjái.
Verð: **9.990 kr.**



PROVIZ REFLECT360 JAKKI
Eitt, stórt endurskinsmerki. Það er ekki séns að bílstjórar sjái þig ekki í þessum.
Verð: **16.990 kr.**



EXPOSURE TRACE LJÓSASETT
Ótrúlega létt og lipurt ljósasett með USB hleðslutengi.
Verð: **21.990 kr.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447

# HÁ TÍÐNI HEIMAFÆÐINGA Á ÍSLANDI

***RANNSÓKN** Berglind Hálfdánsdóttir, ljósmóðir og doktorsnemi, vinnur úr niðurstöðum rannsóknar um útkomu fyrirfram ákveðinna heimafæðinga á Íslandi. Niðurstöðurnar geta hjálpað konum að taka upplýstar ákvarðanir um fæðingarstað. Heimafæðingum fjölgaði úr 0,1% árið 1990 í 2,2% árið 2012.*

Heimafæðingarþjónusta er dálítið sérstök því hún er víða rekin sem jaðarþjónusta en ekki innan almenna heilbrigðiskerfisins. Á Íslandi er henni sinnt af sjálfstætt starfandi ljósmæðrum en hún er greidd af Sjúkratryggingum Íslands og eftirliti er sinnt af landlækni,“ segir Berglind. Hún tilgreinir að starfsemi heimafæðingaþjónustunnar á Íslandi sé sjálfstæð líkt og víða erlendis. „Þó að nokkuð sé til af erlendum rannsóknum um útkomu heimafæðinga er erfitt að alhæfa um að þær niðurstöður eigi líka við hér á landi. Heimafæðingarþjónustan er svo ólík á milli landa og þess vegna fannst okkur afar nauðsynlegt að skoða hvernig útkoman er hér á landi,“ segir Berglind sem vinnur nú úr niðurstöðum rannsóknar sem ber yfirheitið „Útkoma fyrirfram ákveðinna heimafæðinga og sjúkrahúsfæðinga á Íslandi 2005-2009“.

Hún segir ljósmæður alltaf vera að leita leiða til að bæta þjónustuna. „Þótt við séum með einn lægsta mæðra- og ungbarnadauða í heimi þá þurfum við alltaf að vera vakandi fyrir því sem betur má fara. Margar erlendar rannsóknir hafa sýnt skýr tengsl milli inngripa í fæðingarferlið og neikvæðrar útkomu. Því spyrjum við okkur hvernig afmarka megi notkun á inngripum við þær aðstæður þar sem þeirra er raunverulega þörf,“ segir Berglind og telur að flestar ljósmæður styðji rétt kvenna til að velja hvar þær fæði barnið sitt. „Okkar hlutverk er ekki að segja konum hvar þær eigi að fæða heldur veita þeim upplýsingar um hvaða útkoma er líkleg á hverjum stað fyrir sig. Til þess að geta það þurfum við að hafa gögn um heimafæðingar á Íslandi og það var ein af ástæðum þess að ég fór út í þessa rannsókn.“



**HAMINGJA** Æ fleiri íslenskar konur kjósa að fæða heima. Berglind Hálfdánsdóttir vinnur nú úr gögnum til að kanna útkomu slíkra fæðinga hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY

## HRÖÐ FJÖLGUN HEIMAFÆÐINGA

Eitt af því sem ýtti Berglindi og starfsfélögum hennar af stað í að gera íslenska ferilrannsókn var mjög skyndileg og hröð aukning í fjölda heimafæðinga á Íslandi. „Fyrir miðja síðustu öld áttu næstum allar fæðingar sér stað í heimahúsi. Svo var farið að bjóða upp á sjúkrahúsþjónustu og allt í einu komst það í tísku,“ segir Berglind og bendir á að gamlar heimildir greini frá því að læknir, sem gegndi svipaðri stöðu og landlæknir í dag, hafi varað við þessari þróun. „Hann varaði konur við því að fara frá öryggi heimilisins í þessar hættulegu aðstæður á sjúkrahúsinu enda voru sýklalyf ekki komin til sögunnar og mikil sýkingarhætta á sjúkrahúsum. Þegar sýklalyfin komu til fjölgaði fæðingum gífurlega á sjúkrahúsum og hafa verið normið síðan,“ lýsir hún.

Tíðni heimafæðinga náði algeru lágmarki í kringum 1990, fór þá niður undir 0,1 prósent. „Frá aldamótum hefur þetta aukist og mjög hratt frá 2005. Nýjustu opinberu tölur eru frá 2012 og þá var fjöldi heimafæðinga 2,2 prósent,“ segir Berglind og tiltekur að á Íslandi sé tíðni heimafæðinga sú þriðja hæsta í Evrópu.

## BREYTT HUGMYNDAFRÆÐI

Berglind segir erfitt að fullyrða um ástæðu þessarar fjölgunar. Hún hefur þó sínar hugmyndir. „Eitt sem mér hefur dottið í hug er tilkoma netsins. Með tilkomu þess gátu konur fengið upplýsingar bæði frá fagfólki og frá öðrum konum milliliðalaust. Síðum um heimafæðingar hefur einnig fjölgað. Þannig hefur vitneskja fólks og meðvitund um heimafæðingar aukist,“ segir Berglind. Hún telur einnig að viðhorfsbreyting ljósmæðra skipti miklu. „Rétt fyrir aldamótin fór ljósmæðramenntunin inn í háskólann sem sjálfstæð fræðigrein og ljósmæður sjálfar fóru að stýra menntuninni. Þá varð hugmyndafræði ljósmæðra um náttúrulega fæðingu leiðarljós í menntun nýrra ljósmæðra sem breytti afstöðu stéttarinnar.“ Berglind bendir til að mynda á að árunum fyrir aldamótin hafi ljósmæður sem sinntu heimafæðingum verið sárafáar, oft ekki nema ein eða tvær á öllu landinu. „Á árunum sem rannsókn mín tekur til, 2005 til 2009, voru þær orðnar 22.“

Niðurstöðu úr rannsókn Berglindar er að vænta í byrjun næsta árs. „Það verður ánægjulegt að geta gefið íslenskum konum haldbærar upplýsingar um hvernig heimafæðingar koma út hér á Íslandi,“ segir Berglind.

■ solveig@365.is

## NAUÐSYNLEG RANNSÓKN

„Okkar hlutverk er ekki að segja konum hvar þær eigi að fæða heldur veita þeim upplýsingar um hvaða útkoma er líkleg á hverjum stað fyrir sig. Til þess að geta það þurfum við að hafa gögn um heimafæðingar á Íslandi.“



**BERGLIND HÁLFDÁNSDÓTTIR** Ljósmóðir og doktorsnemi. MYND/STEFÁN









## LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og efnið kólín sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.






**BIRNA GÍSLADÓTTIR** Birna er sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare sem flytur inn Active Liver en töflurnar styðja við niðurbrot fitu í þörmum, bæta meltinguna og stuðla að eðlilegri lifrarstarfsemi. MYND/VALLI

# LIFIR ÞÚ LÍFI ÞÍNU TIL FULLS?

*Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á vellíðan.*

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki þess að mikið álag er á lifrinni.

**NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?**

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Birnu Gísladóttur, sölu- og markaðsstjóra hjá Icecare, sem flytur inn Active Liver. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins."

Kirsten var með dæmigerð einkenni þess að fita hefði safnast upp í lifrinni. Hún var í ofþyngd, oft uppþembd, með meltingarvandamál og „svampkennda" húð. Auk þess var hún oft þreytt. Kirsten fékk tækifæri til að prófa nýju Active Liver-töflurnar og eftir þriggja vikna notkun varð hún undrandi. „Húðin á mér er betri og pokarnir undir augunum hafa minnkað. Ég geisla og lít heilbrigðari út. Ég er mjög ánægð og hef ekki sömu löngunina í óhollan mat, áfengi, sætindi og kaffi. Það leikur enginn vafi á því að mér líður miklu betur. Ég er í náttúrulegri vímu. Jurtatöflurnar eru góðar fyrir lifrina og meltinguna. Áður fyrr fann ég að meltingin var ekki í lagi en maður finnur ekki eins mikið fyrir því ef lifrin starfar ekki eðlilega. Þess vegna hafði ég ekki leitt hugann að því hversu mikilvæg lifrarstarfsemin er fyrir aukna vellíðan."



**LÍTUR HEILBRIGÐAR ÚT** Kirsten hefur minni löngun í óhollan mat, sætindi, kaffi og áfengi eftir að hún fór að taka Active Liver-töflurnar.

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegri efnaskiptingu og niðurbroti á fitu. Sem betur fer er það ekki einungis prótein sem getur örvað lifrarstarfsemina," segir Birna.

**LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER**

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og efnið kólín sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.




**LÉTTIST UM TVÆR FATASTÆRÐIR**

„Eftir að ég tileinkaði mér heilbrigðari lífsstíl, með því að taka inn Active Liver-töflurnar með kvöldmatnum, finn ég fyrir aukinni vellíðan. Ég hef farið niður um tvær fatastærðir og skipt út fataskápnum. Það er frábært," segir Kirsten.

***Active Liver og allar hinar vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.***

## ALLT ANNAÐ LÍF

*Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Soffía Káradóttir ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur þegar hún sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. „Ég var að byrja á breytingaaldrinum og vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum. Eftir aðeins tíu daga notkun á Femarelle voru öll einkennin horfin. Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum lengur eða fótaóeirð. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum. Femarelle gerir það mikið fyrir mig að ef ég gleymi að taka töflu þá finn ég strax fyrir því þegar það hefur gerst."

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég veit af einni vinkonu minni sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli einnig með glöðu geði með því að aðrar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle því að ég gæti ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst því, þvílíkt undraefni."




## FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRLEGAN HÁTT

*Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Helene Jensen hefur lagt af eftir að hún fór að taka Chili Burn.*

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt," segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare, sem flytur inn Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmyntuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíumi. „Chili Burn virkar þannig með þreföldum hætti, það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina."




**FRAMLEITT OG PRÓFAÐ Í SKANDINAVÍU**

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chiliplöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda catechins-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu „Obesity" sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmyntuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.

## UMBYLTING Á HEILSU

*Bio Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (Probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflóruna sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum.*

Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi hefur náð betri heilsu með notkun Bio-Kult Original.

„Forsagan er þannig að ég var mjög veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur og breytti mataræðinu alveg en náði samt ekki alveg fullri heilsu. Ég hóf þá að kynna mér hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég fann eftir mikla leit á netinu og víðar að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. Bacillus Subtilis).

Ég fór að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á heilsunni hjá mér!"






Þjáist þú af hægðatregðu?

Microlax mýkir harðar hægðir og hjálpar til við hægðalosun með einföldum hætti

- Hraðvirkt
- Fyrir bæði börn og fullorðna
- Staðbundin verkun í endaþarmi og skilst út með hægðum
- Microlax hefur verið í notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi

**Microlax endaþarmslausn** (inniheldur natríumsítrat og natríumlárilsúlfóasetat) fæst án lyfseðils og er notað við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaþarmsspeglun eða röntgenmyndatöku. **Skammtar:** Fullorðnir og börn: 1 túpa í endaþarm u.þ.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Snúið enda túpusprotans af og smyrjið endann með dropa af innihaldinu. Færið allan sprotann inn í endaþarm, hjá börnum yngri en 3 ára skal einungis færa sprotann inn að hálfu. Tæmið túpuna alveg og haldið samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna. **Varnaðarorð:** Gætið varúðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Notið ekki ef einstaklingur þjáist af blæðandi eða særandi gyllinæð, þarmabólgu eða bráðum maga- eða þarmasjúkdómi. Má aðeins nota daglega í skamman tíma. Óeðlilega mikil notkun getur valdið niðurgangi og vökvatapi. Ef þörf er á hægðalyfjum daglega skal kanna ástæður hægðatregðunnar. Tíð eða endurtekin notkun í meira en viku getur valdið ávanabindingu. Ef blæðir frá endaþarmi eða ef engin hægðalosun verður eftir notkun getur ástæðan verið alvarleg. Skal þá meðferð hætt og leitað læknis. Inniheldur sorbínsýru sem getur valdið staðbundnum útbrotum. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki er búist við óæskilegri verkun hjá fóstrum/nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/MIC/201411-2




MIKIÐ UPPÁHALD „Í dag er ég sólgin í rauðrófur og pressa þær ýmist í safann minn eða set þær í uppáhaldssalatið mitt," segir Unnur Guðrún Pálsdóttir, betur þekkt sem Lukka. MYND/GVA

# HEILSUBÆTANDI RAUÐRÓFUR

**LITFÖGUR HOLLUSTA** *Rauðrófur eru bráðhollar og stútfullar af steinefnum, trefjum og vítamínum. Þær má matreiða á ýmsa vegu, bæði heitar og kaldar, og nota sem meðlæti með kjöti og fiski, út á salatið eða í holla heilsudrykki.*

Mörgum landsmönnum þykja rauðrófur ómissandi hluti jólahátíðarinnar, hvort sem þær eru snæddar með heimalagaðri kæfu og rúgbrauði eða einfaldlega sem meðlæti með jólasteikinni. Rauðrófur voru algengari á borðum landsmanna áður fyrr en margt ungt fólk veigrar sér við að borða þær. Þær eru þó bæði bráðhollar og ódýr matur auk þess sem hægt er að matreiða þær á ýmsa vegu.

Ein þeirra sem hafa tekið ástfóstri við rauðrófuna er Unnur Guðrún Pálsdóttir, betur þekkt sem Lukka á veitingastaðnum Happi. „Mér þóttu rauðrófur alls ekki góðar þegar ég var barn og borðaði þær hreinlega ekki fyrstu áratugi ævinnar. Ég lærði ekki að meta þær fyrr en ég fór að lesa um eiginleika þeirra til að bæta þol og úthald íþróttafólks. Þá fyrst þótti mér áhugavert að finna góðar leiðir til að bæta þeim í mataræði mitt. Í dag er ég sólgin í rauðrófur og pressa þær ýmist í safann minn eða set þær í uppáhaldssalatið mitt með geitaosti."

Rauðrófur eru mjög næringarríkar og stútfullar af andoxunarefnum að sögn Lukku. „Rauðrófan hefur ýmis heilsubætandi áhrif á menn og inniheldur steinefni, trefjar og vítamín sem eru okkur öllum nauðsynleg. Hún er líka mjög járnrík og því frábær við blóðleysi og þreytu. Meðal þekktra áhrifa sem neysla rauðrófu hefur eru lækkandi áhrif á blóðþrýsting. Þessara áhrifa gætir strax og rannsóknir hafa sýnt fram á lækkun háþrýstings hjá fólki innan við hálftíma eftir að það drakk 500 ml af rauðrófusafa."

Fyrr á öldum var rauðrófan stór hluti mataræðis hjá íbúum Mið- og Austur-Evrópu. Réttir eins og borscht-súpan, þar sem rauðrófur eru yfirleitt uppistaðan, hefur löngum verið vinsæl í Austur-Evrópu og nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa lengi nýtt hana í síldar- og rauðrófusalat.

„Rauðrófur má elda á ýmsa vegu. Þær má baka heilar í ofni, borða niðursoðnar eða hráar og þá rifnar út á salat. Ekki má svo gleyma rauðrófusafanum en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að neysla hans getur aukið úthald íþróttafólks um 15-20%. Ekki lítil aukning það!"

Og Lukka hefur góð ráð til heilbrigðisyfirvalda. „Viljum við hagræðingu í heilbrigðiskerfinu? Má ekki bjóða ríkisstjórninni að fjárfesta í heilbrigðari Íslendingum með aukinni upplýsingu og fræðslu? Við gætum sparað stórfé í blóðþrýstingslækkandi lyfjum ef við ávísuðum fyrst rauðrófusafa í morgunmat."

## RAUÐRÓFUMAUK LUKKU

500 g rauðrófur
1 msk. sjávarsalt
2 msk. hunang
2 msk. ólívuolía
1 hvítlauksrif
½ dl kapers
2 msk. sítrónusafi
2 msk. tahini
2 msk. vatn

Stillið ofninn á 220 gráður. Afhýðið rauðrófurnar og skerið í bita. Setjið í eldfast mót og hellið ólívuolíu og hunangi yfir. Blandið vel. Sáldrið salti ofan á. Bakið í ofni í 30 mínútur. Setjið rauðrófurnar ásamt öllum safanum sem kom af þeim í matvinnsluvél. Bætið hinum hráefnunum saman við og maukið.







HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 2. DESEMBER 2014



# RAFMAGNSVÉLAHITARAR GETA SPARAÐ MILLJÓNIR LÍTRA AF JARÐEFNAELDSNEYTI

**Í Noregi eru innstungur við fjölmörg íbúðarhús og flestalla vinnustaði en þar eru rafmagnsvélahitarar staðalbúnaður.**



Guðrún Lilja Kristinsdóttir
Íslensk NýOrka

Gjaldeyrissparnaður, nýsköpun, atvinnutækifæri og minni koltvísýringsútblástur eru dæmi um kosti þess að auka notkun innlendrar vistvænnar orku í samgöngum. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að auka hlut bíla sem nýta vistvæna orku og hefur talsvert áunnist í þeim efnum. Fjölbreytni í tæknilausnum hefur aukist á markaðnum en almenningur á oft og tíðum erfitt með að skipta yfir í nýja, óþekkta tækni. Ólíkar kröfur eru gerðar til bílanna og skiptir búseta fólks máli enda innviðir ekki alltaf til staðar.

**Ódýr fjárfesting**

Til að auka notkun innlendrar orku er ekki nauðsynlegt að ráðast í dýrar fjárfestingar í nýjum farartækjum. Vel þekkt dæmi frá nágrannalöndunum eru rafmagnsvélahitarar en undanfarin ár hefur Íslensk NýOrka rannsakað kosti og galla slíkra hitara og eru niðurstöður þeirra rannsókna nánast þær sömu og viðmiðunarrannsókna í nágrannalöndunum:

- Að meðaltali má áætla að heildareldsneytissparnaður sé um 10,7% þegar bíllinn er ræstur í köldu loftslagi.
- Það fer betur með vélina að vera forhituð í köldu loftslagi, hærra hitastig í brunahólfi leiðir m.a. af sér minni núning vélarhluta.
- Sýnt hefur verið fram á minni sótmyndun, minnkun krabbameinsvaldandi efna og svifryks í útblæstrinum.
- Einfalt er að bæta við innanrýmishitara sem hitar upp innanrými bílsins sem hefur í för með sér þægindi, t.d. frostlausar rúður auk þess sem lásar og hurðir frjósa síður fastar.

**Gagnlegir 8 mánuði á ári**

Rannsóknir sýna að vélahitarar hafi áhrif á eldsneytissparnað við hitastig upp að 5°C og eru því gagnlegir allt að 8 mánuði ársins við þá veðráttu sem Íslendingar búa við. Búnaðurinn gengur í flestar tegundir bifreiða, óháð eldsneytisgjafa, en í rannsóknum var einnig litið til metanbíla og kom fram svipaður eldsneytissparnaður fyrir þá og hefðbundna bíla. Bíll sem keyrður er 40 kílómetra á dag að meðaltali og eyðir 7 lítrum á hundraði eyðir sem svarar rúmum 2.000 krónum minna í eldsneyti á mánuði með notkun rafmagnsvélahitara en hann gerir án hans. Á móti kemur að ef miðað er við daglega notkun mun rafmagnsreikningur heimilisins aukist um tæpar 900 kr. á mánuði og er heildarsparnaður því rúmar 1.100 kr á mánuði auk betri endingar vélar, aukinna þæginda og minni umhverfisáhrifa.

**Gæti sparað 6-7 milljónir lítra á ári**

Kostnaður við ísetningu vélahitara er nokkur, en búnaðurinn með ísetningu kostar tæpar 100.000 krónur. Draga mætti úr þeim kostnaði með því að setja búnaðinn í við standsetningu bíla og eru bílainnflytjendur hvattir til að bjóða upp á rafmagnsvélahitara sem aukabúnað. Þannig mætti ná fram verulegum efnahagslegum ávinningi fyrir notendur. Stjórnvöld ættu einnig að sjá hag í aukinni notkun vélahitara og gætu stuðlað að því með því að draga úr álögum. Sem dæmi má áætla að ef helmingur bílaflotans notaði vélahitara gætu sparast um 6-7 milljónir lítra á ári eða um eitt olíuskip á ársgrundvelli.

**Noregur í fararbroddi**

Í Noregi finnast innstungur við fjölmörg íbúðarhús og flestalla vinnustaði en þar eru rafmagnsvélahitarar staðalbúnaður. Rafbílavæðing Noregs hefur notið góðs af þar sem stór hluti innviða var þegar til staðar. Ætla má því að aukin notkun vélahitara í núverandi bílaflota geti auðveldað mjög fyrir aukinni notkun rafbíla. Miklir möguleikar eru fyrir hendi sem geta á skömmum tíma sparað okkur milljónir lítra af innfluttu jarðefnaeldsneyti.







# HINN LITLAUSI VERULEIKI SAMTÍMANS

## Mikill meirihluti bíla á götunum í dag virðist vera í einhvers konar tilfinningalausum gráum eintóni.

**AÐSEND GREIN**
**Örn Sigurðsson**

Kvöld eitt þegar ég var að horfa á gamla svart-hvíta bíómynd frá sjötta áratugnum gramdist mér að fá ekki að sjá í réttu ljósi alla þá litskrúðugu bíla sem þar óku um götur og torg. Þegar ég sat svo sjálfur í umferðarhnút á Sæbrautinni daginn eftir og leit í kringum mig þá fannst mér eins og ég væri að horfa aftur á svart-hvítu bíómyndina, því allir bílarnir á götunni voru litlausir. Þarna var endalaus röð af silfurlituðum, svörtum, hvítum og gráum bílum, sem bættu lítið fyrir gráma hversdagsins. Engin furða þó að þjóðin sé orðin eins svartsýn og raun ber vitni.

### Tilfinningalaus grár eintónn

Svo virðist sem mikill meirihluti bíla á götunum í dag sé í einhvers konar tilfinningalausum gráum eintón. Það kemur því ekki á óvart þegar heyrist af húsmæðrum sem eiga í mesta basli með að finna bílana sína aftur á bílastæðum stórmarkaðanna og hafa sumar þeirra jafnvel brugðið á það ráð að skreyta loftnet eða hurðarhúna þeirra með mislitum borðum til að auðvelda sér leitina. Þetta þjóðráð er þó ekki alltaf framkvæmanlegt, því margir nýir bílar eru með innbyggð loftnet og innfellda hurðarhúna. Hvað er þá til ráða? Jú að hverfa aftur til hugmynda sjötta áratugarins og hefja innflutning á litskrúðugum bílum á nýjan leik.

### Litir lífga upp á daginn

Hver man ekki eftir tvílitum bílum í fögrum tónum, allt frá ljósbláum yfir í vínrauða og þeir grænu virtust vera til í nær endalausum afbrigðum, allt frá mintu yfir í mosa með viðkomu í túrkis og öðrum fögrum blæbrigðum á milli þess bláa og græna. Svo ekki sé talað um þann laxableika og fagurgula. Bjartir litir eru uppörvandi, þeir lífga upp á daginn og eru hamingjuaukandi. Ekki að furða þó fólk hafi bæði verið bjartsýnna og glaðværara forðum daga. Ef maður stígur fæti inn í bílaumboð nú til dags þá verður maður iðulega að sætta sig við að sjá bíla í þremur eða fjórum gráum tilbrigðum.

### Líka að innan

Og ekki tekur betra við þegar sest er undir stýri. Valið stendur nefnilega einungis á milli svartra eða dökkgrárra innréttinga, sem ekki eru beint uppörvandi í skammdeginu, eða kælandi í sumarsólinni. Ef maður dirfist að spyrja um ljóslitaða innréttingu, eða túrkisbláa yfirbyggingu, þá verður sölumaðurinn flóttalegur á svipinn og segir að slíkt sé kannski hægt að sérpanta, en það muni örugglega seinka afhendingu bílsins um meira en hálft ár.

### Þurfa að horfa aftur í tímann

Ég er þess fullviss að ef bílaframleiðendur nútímans myndu snúa við klukkunni og bjóða litskrúðuga bíla, jafnvel tvílita, eins og forðum, þá myndi bílasala aukast á nýjan leik. Til að vinda ofan af þessum drungalega silfurgráhvítsvarta veruleika ættu bílaframleiðendur og bílainnflytjendur að skreppa saman á fornbílasýningar og virða fyrir sér hina klassísku bíla sem framleiddir voru um og eftir miðja síðustu öld. Þá myndu þeir kannski öðlast litaskynið á nýjan leik.


Porsche 911 Turbo S, öflugasta gerð 911.

## Getur bílgerðum fjölgað endalaust?

**Svo mikið er til af bílgerðum að einungis þýsku bílaframleiðendurnir bjóða nú 200 gerðir af bílum sínum. Sem dæmi er Porsche 911 til í 19 útgáfum. Á síðustu þremur árum hefur bílgerðum þýsku framleiðendanna fjölgað um 25%. Samkvæmt áætlunum þeirra verða bílgerðirnar orðnar 230 árið 2018 og finnst mörgum nóg um. Í viðtali við einn af stjórnendum BMW kemur þó fram að fyrirtækið íhugi að fækka bílgerðunum þar sem dýrt sé að framleiða svo margar gerðir. Hann telur að fé væri líklega betur varið í þróun nýrra bíla sem ekki fengjust í jafn mörgum útfærslum og nú er. Vandi framleiðendanna með svona margar bílgerðir endurspeglast líka í því að erfitt er fyrir söluaðila að sýna þær allar og ekki pláss víðast til slíks. Þá fer einnig mikið markaðsfé í að koma þeim öllum á framfæri og birgðahald á varahlutum fyrir þá alla er líka dýrt. Volkswagen og BMW vinna nú hörðum höndum að því að lækka framleiðslukostnað og kannski birtist það brátt í fækkun bílgerða. Porsche hefur einnig það að markmiði að auka heildarsöluna með glænýjum bílum og ef til vill fer útfærslum þeirra fækkandi brátt og kaupendum standa kannski ekki til boða nítján tegundir af 911-bílnum á næstu árum.**




## Porsche vann þolaksturinn í Sao Paulo

**Það voru bæði skin og skúrir hjá Porsche í sex klukkustunda þolakstrinum í Sao Paulo um síðustu helgi. Einn bíla Porsche hafði sigur í þolakstrinum, en Mark Webber, sem ók einum bíla Porsche, lenti í slæmum árekstri og var færður á sjúkrahús í kjölfarið. Hann slasaðist þó ekki illa, en missti meðvitund við áreksturinn og er allur blár og marinn eftir hildarleikinn. Webber var í sjötta sæti þegar áreksturinn varð og aðeins hálftími eftir af keppninni. Svo einkennilega vildi til að Webber lenti í árekstrinum í sömu beygju og hann eyðilagði Jaguar Formúlu 1 bíl sinn í brasilíska Formúlu 1 kappakstrinum árið 2003. Porsche tekur nú í ár þátt í þolaksturskeppnum ársins eftir langa fjarveru og var þetta fyrsti sigur liðsins á þessu tímabili.**


Audi Prologue

# Átta nýjar staðreyndir frá Audi

Þegar Audi kynnti hugmyndabíl sinn, Audi Prologue, á bílasýningunni í Los Angeles fyrir stuttu var margt haft eftir þróunarstjóra Audi, Marc Lichte. Allt varðaði það framtíðarsýn Audi á framleiðslubíla sína og vöktu þær að vonum athygli. Þær helstu voru þessar:

1 Hugmyndabíllinn Audi Prologue markar framtíðarútlit A8, A7 og A6. Þessi bíll gefur tóninn fyrir útlit næstu kynslóðar allra þessara bílgerða og því verður svipur þeirra keimlíkur þrátt fyrir mismunandi stærð.

2 Fyrstur þeirra til að fá þetta útlit verður Audi A8. Til að leggja áherslu á mikilvægi A8 bílsins verður hann fyrstur og svo mun Audi vinna sig niður töluröðina og því yrði A7 næstur og A6 þeirra síðastur. Þar sem nú þegar er búið að hanna Audi A4, mun þetta útlit ekki skila sér í þeim bíl fyrr en í fyrsta lagi eftir fimm ár.

3 Næsta gerð A7 verður áfram sama fegurðardrottningin. Marc Lichte lét hafa eftir sér að Audi A7 væri nú og yrði áfram fallegasti Audi-bíllinn í fjölskyldunni og það yrði hann af nýrri gerð með sitt coupé-lag. Hann mun áfram halda karaktereinkennum sínum þrátt fyrir að verða enn lengra frá öðrum gerðum Audi en hann er nú.

4 Snertiskjárinn sem í stærri bílunum verður var innblásinn af snertiskjánum í Teslabílunum. Lichte er einkar hrifinn af einfaldeika og iPad-líkri virkni skjásins í Tesla Model S. Audi ætlar samt að gera skjáinn í Audi-bílana enn þá betri.

5 Audi þarf nauðsynlega að framleiða bíl sem er stærri en A8. Pláss er fyrir enn flottara flaggskip en A8 og Audi hefur þegar hafið hönnun slíks bíls. Allar líkur eru á að hann fái nafnið Audi A9.

6 Audi TT-fjölskyldan mun stækka. Frumsýningar á tilraunabílunum TT Offroad í Peking, TT Sportback í Frankfurt og jepplingaútgáfa af Audi TT eru ekki skot út í loftið og líklega verður af framleiðslu þeirra allra. Þó hefur verið hætt við framleiðslu á Audi Nanuk Quattro sem einnig var sýndur í Frankfurt.

7 Sport Quattro Concept-bíllinn sem sýndur var í Frankfurt í fyrra verður líklega framleiddur. Ekki er þó víst að hans mjög öfluga drifrás Plug-In-Hybrid verði hin endanlega drifrás í bílnum og líklega verður hún tónuð niður í framleiðslubílnum. Engu að síður verður þetta bíll með engar takmarkanir sem sportbíll.

8 Þegar þú ert bílahönnuður er blýanturinn á lofti á öllum fundum. Lichte segir að þótt hann sé oft á mikilvægum framleiðslufundum séu engar takmarkanir fyrir því að skissa niður nýjar framleiðslugerðir Audi-bíla framtíðarinnar og oft komi það besta fram með þeim hætti. Audi er greinilega ekki á flæðiskeri statt með bílahönnuð eins og Lichte því aðeins örfáar hugmyndir hans verða að veruleika, en þeir sem taka ákvarðanir fyrir fyrirtækið hafa úr mörgu að velja.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins: **Finnur Thorlacius** finnurth@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar: Atli Bergmann atlib@365.is Sími 512 5457
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is







# EINSTAKT BMW TÆKIFÆRI.

## BJÓÐUM NOKKRA FJÓRHJÓLADRIFNA BMW X1 OG GLÆSILEGA BMW 1 SERIES Á EINSTÖKU VERÐI.

Það er komið að þér að gera einstök kaup og upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. Komdu og reynsluaktu fjórhjóladrifnum BMW X1 xDrive 18d eða BMW 1 series 116d og upplifðu aksturseiginleika BMW og aflmiklar dísilvélar sem eiga fáa sína líka.

**BMW X1 xDrive18d – 5,4 l/100 km***
**Verð 6.990 þús. kr. sjálfskiptur**

**BMW 1 series 116d – 4,1 l/100 km***
**Verð 4.390 þús. kr.**

B|L BL ehf. Sævarhöfða 2, 110 Reykjavík. Sími 525 8000

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



## 300 milljónir bíla í Kína

Flestir ökumenn heims eru í Kína og er fjöldi bíla þar á við að hver einasti íbúi Bandaríkjanna ætti bíl. Það eru aðeins ríflega fjögur ár síðan bílar í Kína voru 200 milljónir. Búist er við því að meira en 23 milljónir bíla seljist í Kína í ár og enn meira á næsta ári. Í Bandaríkjunum er búist við að seljist á milli 16 og 17 milljón bílar í ár og hefur bílaeign vaxið nokkuð frá fyrra ári. Í Kína er að finna einar 35 borgir þar sem bílar eru fleiri en ein milljón. Í flestum þeirra er umferð mjög þung og Kínverjar berjast mikið gegn menguninni sem af öllum þessum bílum stafar. Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun bíla í Kína hefur slysum þó fækkað og er helsta skýringin öruggari vegir og meiri og betri kennsla. Banaslysum hefur fækkað um 36% á síðustu tveimur árum og slysum sem rekja má til ölvunar ökumanna hefur einnig fækkað um 39% á sama tíma.

# DRAUMUR BÍLAÁHUGAMANNSINS UPPFYLLTUR

**Vart er hægt að bjóða upp á meiri skemmtan en aka Porsche 911 GTS í braut og á kalifornískum vegum baðaður í sól.**

**PORSCHE 911 GTS**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur



Fátt er skemmtilegra en eiga kost á því að aka sportbíl á góðri keppnisbraut, en alls ekki sakar ef um er að ræða glænýjan Porsche 911 GTS. Draumabíllinn hefur náttúrulega ávallt verið Porsche 911, eins og líklega á við um svo marga bílaáhugamenn. Þessi draumur rættist í Kaliforníu um daginn og þvílíka nautnin. Þessi draumadagur hófst eldsnemma með afhendingu eins af mörgum Porsche 911 GTS sem stóðu fyrir utan lúxushótel í Pasadena í Los Angeles. Velja mátti um að aka lengri eða styttri leið að akstursbrautinni sem er í eyðimörk talsvert frá borginni. Ekki þurfti greinarritari að hugsa sig tvisvar um, lengri leiðin skyldi farin og var 200 km ferð fram undan. Þessi bíll, Porsche 911 GTS, er nefnilega ekki bara frábær brautarbíll, heldur magnað ökutæki til allra nota og ferlega þægilegur bíll sem allir geta ekið. Mikið val var í boði þar sem hann er framleiddur með blæju og án hennar, með fjórhjóladrifi og afturhjóladrifi og beinskiptur eða með hinni frábæru PDK-sjálfskiptingu. Þar sem ég var fyrstur á ferð, enda ekkert hægt að sofa á næturnar vegna mikils tímamunar, valdi ég fjórhjóladrifinn blæjubíl með beinskiptingu og tilhlökkunin hríslaðist um líkamann.

### Ómæld ánægja og blæjan niðri

Þessi akstur var einn sá allra ánægjulegasti sem minnið nær til og aldrei var blæjan sett upp, enda veðrið yfirleitt upp á sitt besta á þessu svæði og sól frá fyrstu til síðustu mínútu. Engu skipti þótt dónaleg hraðaksturstala upp á ríflega 250 km/klst. hafi sést á ferð minni, en slíkt reyndist hægðarleikur á svo öflugum bíl á þráðbeinum vegum eyðimerkurinnar nærri brautinni. Porsche 911 GTS er glænýr bíll frá Porsche og var honum bætt við annars fjölbreytt úrval 911 bíla mitt á milli Porsche 911 Carrera S og 911 GT3. Hann er 430 hestöfl með sína 3,8 lítra boxervél. Hún hendir bílnum í 100 km hraða á 3,8 sekúndum með PDK-sjálfskiptingunni, en 4,2 sekúndum með beinskiptingu. Er það til marks um gæði sjálfskiptingarinnar því engin leið er að taka sprettinn eins hratt með beinskiptingu, alveg sama hversu góður ökumaðurinn er. Hann eyðir einnig minna með PDK-sjálfskiptingunni. Hámarkshraði bílsins er 306 km/klst. Porsche 911 GTS er með PASM-fjöðrunarkerfi sem staðalbúnað og lærir hún á aksturslag ökumanns og stillir að auki fjöðrunina eftir undirlagi. Einnig má stilla á Sport eða Sport+ ham ef taka á vel á bílnum og herðist þá fjöðrunin. Gaman er að finna muninn þarna á, bæði á götum úti sem í brautinni.

### Bilaður brautarakstur

Þegar á brautina var komið var stillt upp þremur bílum fyrir aftan undanfara sem ók á Porsche 911 Turbo S bíl sem skartar 560 hestöflum. Þeim bílum óku keppnisökumenn í Porsche GT3 mótaröðinni og voru þeir í beinu labb-rabb sambandi við þá sem á eftir komu og leiðbeindu ökumönnum við aksturinn. Var hver hringur þeim síðasta skemmtilegri og hreinn unaður að þeysast um á kraftakögglinum hring eftir hring. Ávallt var farinn rólegur hringur í lokin til að kæla bremsur og vél eftir lætin sem sem á undan höfðu gengið. Ég stóðst ekki freistinguna að biðja hæfasta ökumanninn í hópi undanfaranna, ökumann sem náð hefur fyrsta, öðru og þriðja sæti í keppnisröð Porsche 911 GT3 bíla í ár, að fara með mig í „crazy“-hring á brautinni og sýna mér muninn á akstri hans einum á brautinni og akstri gestanna. Var það svakaleg upplifun og við stóðumst ekki freistinguna og fórum tvo hringi með myndavélar í gangi. Sést sá afrakstur brátt í þættinum Á fullu gazi á Stöð 2. Brosandi hringinn varð ég að fara stystu leið upp á hótel aftur sökum tímaskorts, en almáttugur hvað löngunin stóð til þess að fara lengstu leið heim aftur, þessum bíl er eiginlega ekki hægt að skila. Einn slíkan mun ég eignast þótt síðar verði.






Subaru XV í íslenskri náttúru

## Góð sala Subaru krefst nýrra áætlana

Það stefnir í sjöunda metár í sölu Subaru-bíla í ár og sá hraði vöxtur fyrirtækisins sem orðið hefur á síðustu árum hefur gert það að verkum að fyrirtækið þarf að endurskipuleggja framleiðslu sína. Eins og er hljóma áætlanir Subaru upp á óbreytta verksmiðjuskipan á sínum stærsta markaði, Bandaríkjunum, þangað til salan fer í 600.000 bíla á ári. Það stefnir í 500.000 bíla sölu þar í ár og spáð er 554.000 bíla sölu á næsta ári. Ef vöxturinn heldur áfram eins og undanfarið er mun styttra í byggingu nýrra verksmiðja Subaru í Bandaríkjunum en árið 2021, eins og upphafleg plön gerðu ráð fyrir. Jafnvel gæti Subaru þurft að endurskoða framleiðsluáætlanir sínar frá og með árinu 2016, fimm árum áður en gert var ráð fyrir.

### 20% vöxtur undanfarin ár

Sala Subaru jókst um 20% í fyrra og hittiðfyrra og vöxturinn verður álíka á þessu ári. Ekki er þó spáð eins miklum vexti á næsta ári, eða aðeins 10%, sem sumum finnst of hóflegt miðað við söluna síðustu ár. Það væru margir bílaframleiðendur ánægðir með 10% aukningu á milli ára. En þessi mikli vöxtur er ekki bara tóm gleði þar sem það setur Subaru í erfiða stöðu að framleiða upp í eftirspurn, því vænan tíma tekur að byggja nýjar verksmiðjur. Subaru ætlar að koma fram með nýja gerð Tribeca-jeppans á næsta ári og mun hann vafalaust auka enn á sölu Subaru í Bandaríkjunum, en Tribeca er sérstaklega framleiddur fyrir Bandaríkjamarkað.



VIÐ FÖGNUM **35** ÁRUM MEÐ ÍSLENDINGUM

## NÝR MITSUBISHI **OUTLANDER PHEV**

# Í DAG LÍT ÉG NÁTTÚRUNA ALLT ÖÐRUM AUGUM OG HÚN MIG




**Mitsubishi Outlander PHEV** er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú stingur bara í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

**Mitsubishi Outlander**
PHEV (Plug-in Hybrid)
**6.690.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.290.000 kr.**

TIL AFHENDINGAR STRAX!

Búnaður í Outlander PHEV: 18” álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjö öryggispúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# ÁHRIF ÞÝSKALANDS Á BÍLAIÐNAÐINN

**Fyrsti bíllinn var þýskur. Mikilvægasti fólksbíll allra tíma er þýskur. Sögufrægasti sportbíll allra tíma er þýskur. Þrír af tíu mest seldu bílum sögunnar eru frá sama þýska fyrirtækinu.**

**Sindri Snær Thorlacius**

Í seinustu grein minni fór ég yfir helstu áhrif Japans á bílaiðnaðinn. Í þetta sinn ætla ég að fjalla um ekki síðri bílaþjóð sem þó hefur allt aðrar áherslur, hefðir og sögu en Japanarnir: Þjóðverja. Margir gætu spurt af hverju svo oft sé talað um þýska stálið. Þrátt fyrir að það eigi ekkert endilega við í dag þá er nokkuð til í þeim frasa. Ég skal útskýra.




Ferdinand Porsche hannaði Bjölluna, sem varð að vera nægilega ódýr til að almenningur í Þýskalandi hefði ráð á henni.

### Upphafið hjá Mercedes Benz

Við skulum byrja á að kíkja yfir söguna. Þjóðverjarnir Karl Benz og Nikolaus Otto þróuðu fjórgengisvélar á milli 1870-1880 og árið 1887 tróð Benz einni svoleiðis í lítinn þriggja hjóla vagn. Sá vagn var fyrsta bifreiðin sem knúin var áfram með bruna á olíu og markar upphaf mikillar þróunar sem hefur átt sér stað allt til dagsins í dag. Út frá því varð til fyrirtækið sem við þekkjum í dag sem Mercedes Benz.

### Opel á langa og merka sögu

Árið 1899 byrjuðu synir Adams Opel að framleiða bíla eftir að Opel hafði verið starfrækt frá árinu 1862, framleiðandi saumavéla og reiðhjóla. Strax árið 1901 voru u.þ.b. 900 bifreiðar framleiddar í Þýskalandi af alls konar minni og stærri fyrirtækjum. Fyrst um sinn framleiddu Opel-bræður bíla hannaða af Friedrich Lutzmann en bílarnir reyndust svo illa að þeir skiptu yfir í að framleiða franska bíla fyrir Þýskalandsmarkað sem hétu Darracq en samstarfinu lauk árið 1907. Eftir það byrjuðu þeir að framleiða sína eigin bíla með reynsluna að vopni og voru þekktir fyrir að framleiða ódýra en endingarbesta bíla síns tíma, oft kallaðir „læknabílar“ af því að læknar völdu þá gjarnan sem atvinnutæki. Upp úr 1920 varð Opel fyrstur bílaframleiðenda Þýskalands til að fjöldaframleiða bíla, rétt eins og Ford hafði gert fáeinum árum áður í Bandaríkjunum.

### BMW úr flugvélum í bíla

Bayerische Motoren Werke, eða BMW, var stofnsett árið 1916 en framleiddi sína fyrstu bíla árið 1928. Fram að því framleiddi BMW vélar í flugvélar. Fyrstu bílar BMW voru framleiddir undir leyfi Austin frá Bretlandi og algjörlega byggðir á hinum vinsæla Austin 7. Bandarísk fyrirtæki voru í mikilli útrás stuttu eftir aldamótin og fluttu út alls kyns varning til stærstu landa Evrópu og Asíu, þ.á m. bíla. Árið 1912 byrjaði Ford-verksmiðjan að selja í Þýskalandi en kom sér svo loks inn á þýska markaðinn almennilega með því að skrásetja fyrirtæki á vegum Ford í Þýskalandi, Ford Motor Company AG, og fara þ.a.l. fram hjá gríðarháum innflutningstolli sem var á frá 1920-1925.

### Audi framleiddi lúxusdrossíur

Audi kynnti sinn fyrsta bíl árið 1910. Danski auðkýfingurinn Jørgen Rasmussen, eigandi DKW bíla- og mótorhjólaframleiðandans, keypti Audi sem var í eigu Augusts Horch og bandaríska bílaframleiðandans Rickenbackers og notaði V8-vélar þeirra í Audi-bílana sem urðu að algjörum lúxusdrossíum. Árið 1932 sameinuðust Audi, Horch, sem hafði áður verið í eigu Augusts Horch, DKW og Wanderer, og formuðu stórveldið Auto Union AG. Þá varð grillmerki Audi til, fjórir hringir, en hver hringur stendur fyrir hvert fyrirtæki sem sameinaðist.

### Sameining Daimler, Mercedes Benz og Maybach

Árið 1926 sameinuðust fyrirtækin Daimler, Maybach og Benz & Cie. og úr varð Mercedes-Benz. Ástæðan fyrir nafninu var að fyrsti vinsæli bíll Daimler hét Mercedes og Karl Benz fann upp fyrsta bensínbílinn.

### Hitler markaði tímamót

Þegar seinni heimsstyrjöldin fór að nálgast urðu stakkaskipti í þýskum bílaiðnaði undir stjórn Adolfs Hitler og nasista. Fyrir seinni heimsstyrjöld voru þýskir bílar nánast einvörðungu lúxusbílar sem einungis vel efnað fólk hafði efni á að eignast. Hitler hrinti þá af stað hugmynd sinni, Motorisierung, sem gróflega útleggst sem mótorvæðing á íslensku, sem átti að gera meðalmanni þýska þjóðfélagsins kleift að kaupa sinn fyrsta bíl. Uppbygging fræga autobahn-vegakerfisins fór af stað 1929 og ríkisrekni bílaframleiðandinn Volkswagen var settur á laggirnar 1937. Nafnið Volkswagen þýðir fólksbíll eða bíll fólksins og áttu þessir bílar að vera svo ódýrir að hvert heimili ætti að eiga einn.

### Fékk Ferdinand Porsche til að hanna Bjölluna

Til þess að meðalmaðurinn hefði efni á að eignast þennan nýja fólksbíl þurfti hann að vera mjög ódýr, eða kosta um 990 Reichsmark. Það var engin leið til þess að framleiða bíl fyrir svo lágt verð, sem hefði varla dugað fyrir lítið mótorhjól, svo að Hitler setti á laggirnar prógramm til þess að fjármagna framleiðsluna. Fólk keypti litla miða til að setja í bankabók og þegar það var búið að safna nógu mörgum miðum gat það fengið nýja fólksbílinn afhentan. Hitler fékk verkfræðinginn, frumkvöðulinn og hönnuðinn Ferdinand Porsche til að setja saman landslið hönnuða og verkfræðinga til að hanna fyrsta fólksbíl Þýskalands, sem átti að geta komist á 100 km/klst. með tvo fullorðna og þrjú börn innanborðs. Bíllinn sem varð til köllum við Bjölluna, en í byrjun hét hann KdF (Kraft durch Freude) sem þýðir „styrkur með hamingju“. Til þess að framleiða gríðarlegt áætlað magn af bílnum þurfti að byggja verksmiðju.

Sú verksmiðja var byggð árið 1938 í nýrri borg sem var kölluð KdF-borgin og var sérstaklega byggð fyrir verkafólk sem vann í verksmiðjunni.

### Wolfsburg verður til

Þessi borg heitir í dag Wolfsburg og eru höfuðstöðvar VW enn þar. Síðan skall á heimsstyrjöld og hönnun KdF-bílsins var breytt til þess að herinn gæti notað bílana í orrustu. Þá urðu til Kübelwagen og Schwimmwagen. Sá fyrrnefndi þjónaði sama tilgangi og Jeep-jepparnir gerðu fyrir bandaríska herinn en sá síðarnefndi gat siglt á vatni. KdF-verksmiðjan var tilbúin rétt um það leyti þegar heimsstyrjöldin skall á og fór þá strax í að framleiða bíla fyrir herþjónustu líkt og flestar aðrar bílaverksmiðjur í Þýskalandi og öðrum löndum sem tóku þátt í heimsstyrjöldinni. Þegar stríðinu lauk stálu Rússarnir öllu fjármagni sem þjóðin hafði safnað fyrir fólksbílunum svo að fólkið sem hafði fjárfest í verkefninu fékk aldrei fólksbílinn sinn afhentan. Eftir stríðið var KdF-nafninu breytt í Volkswagen á bílnum og Wolfsburg á borginni.

### Breskur major bjargaði Volkswagen

Bretar höfðu yfirráð yfir svæðinu sem Wolfsburg var á eftir stríð og höfðu ekki hugmynd um hvað þeir ættu að gera við þessa nýlegu en hálfeyðilögðu bílaverksmiðju. Fyrst átti að henda öllum bílunum og verkfærunum, eins og var oft gert í löndum sem höfðu tapað stríði. Breskur major í hernum að nafni Ivan Hirst ákvað að mála eina Bjölluna græna og bjóða breska hernum 20.000 eintök af bílnum, sem hann þáði. Þar með var hann búinn að bjarga verksmiðjunni því að hún var aftur farin af stað við framleiðslu bíla. Næst bauð hann hinum ýmsu ríkjum, m.a. Bandaríkjunum, Ástralíu, Bretlandi og Frakklandi, að taka yfir verksmiðjuna en enginn hafði áhuga á að framleiða þennan hráa og ljóta bíl. Verksmiðjan hélt þá áfram að vinna að uppbyggingu Vestur-Þýskalands eftir stríðið undir stjórn Heinrichs Nordhoff sem kom frá Opel og almenningur gat loksins keypt sér sinn fólksbíl. Seinna meir tók ríkið yfir rekstur Volkswagen í Vestur-Þýskalandi og hóf útflutning. Löngu eftir stríð kom í ljós að nokkur bílafyrirtæki í Þýskalandi höfðu notað þrælavinnuafl í verksmiðjum sínum yfir stríðstímann og fór það illa með orðstír þeirra þegar ásökunum rigndi yfir þau. Meðal fyrirtækjanna var meira að segja Ford sem fór mjög illa út úr málinu.

### Tíð eigendaskipti

Eftir stríð urðu eigendaskipti á þýskum bílaframleiðendum tíð. Audi-verksmiðjan endaði austan megin við múrinn og Sovétmenn tóku verksmiðjulínu þeirra niður. Í þeirri gömlu verksmiðju voru síðar meir hinir frægu Trabantar framleiddir. Audi var tekið af fyrirtækjaskrá og var á tímabili ekki til, þangað til nýtt Auto Union var sett á laggirnar í Vestur-Þýskalandi, nánar tiltekið í Ingolstadt, þar sem höfuðstöðvar Audi eru enn í dag. Húsnæðið sem þeir nýttu sér voru risastórar skemmur og byggingar sem voru áður í eigu hers nasista. Þar sem Auto Union var gjörsamlega gjaldþrota nýtti það sér styrki frá Bæjaralandi, sýslunni sem það er staðsett í, ásamt Marshall-aðstoð. Árið 1958-1959 keypti Daimler-Benz, undir forystu Friedrichs Flick, Auto Union. Þá voru þeir enn þá að framleiða eldgömul módel sem hönnuð voru fyrir stríð og gengu einungis á tvígengisvélum svo að Daimler-Benz hrinti af stað þróun Auto Union á nýjum bílum sem voru samkeppnishæfir og smíðuðu einnig stóra verksmiðju í Ingolstadt. Þegar þar var komið seldu þeir Auto Union til Volkswagen sem nýtti sér allt afgangspláss í nýju verksmiðjunni til að framleiða Bjölluna sem var enn mjög vinsæl.

### Volkswagen kaupir Audi af Daimler

Undir stjórn VW fór Auto Union að nefna bílana sína aftur Audi, til þess að losna við ímynd Auto Union og tenginguna við tvígengisvélar. Volkswagen hafði nánast einvörðungu keypt Auto Union fyrir nýju verksmiðjuna í Ingolstadt og eigendur voru tregir við að halda þróun Auto Union-bílanna áfram. Þá fóru hönnuðir og verkfræðingar Auto Union að vinna að nýju módeli í leyni og án vitneskju VW. Úr því varð til hinn goðsagnakenndi Audi 100 sem stjórnendum VW leist svo vel á að þeir hleyptu honum í framleiðslu og nýttu sér hönnun og tækni hans í sín eigin módel. Þar með var endurreisn Audi orðin að veruleika og átti fyrirtækið bara eftir að dafna og stækka eftir það.

### Birtir til hjá Opel

Þegar Opel var komið undan stjórn General Motors fór fyrirtækið að framleiða vörubíla eftir stríð en helmingur verksmiðjunnar var ónýtur og öll verkfæri og tól, 12.000 talsins, voru farin til Rússlands. Til að bæta gráu ofan á svart var verkalýðurinn í mjög slæmu ásigkomulagi, flestir mjög veikir eða vannærðir og á hverjum degi þótti venjulegt að nálægt 900 manns mættu ekki til vinnu eða færu heim úr vinnu vegna veikinda. Þrátt fyrir allt þetta tókst að endurbyggja verksmiðjuna og framleiða Opel Blitz-vörubílinn árið 1946. Upp frá þessu fór fólksbílaframleiðsla aftur í gang, það birti til hjá Opel og árið 1948 tók GM aftur yfir.

### Forveri Porsche 911 verður til

Eftir stríð var Ferdinand Porsche handtekinn fyrir aðkomu sína að stríðinu. Hann hafði hjálpað nasistum við að hanna skriðdreka ásamt fleiri hernaðartækjum og þurfti að sitja inni í tuttugu mánuði. Á meðan hann sat inni ákvað Ferry Porsche, sonur Ferdinands, að smíða sportbíl þar sem enginn svoleiðis var á markaðnum. Þar sem mikill skortur var á verkfærum og málmi svona stuttu eftir stríð þurfti hann að notast mikið við hluti fengna úr Bjöllunni. Porsche 356 varð til, markaði upphaf bílaframleiðslu ▶





Audi Quattro

Porsche og í senn sportbílaframleiðslu Þýskalands. Erwin Komenda var ábyrgur fyrir hönnun yfirbyggingar bílsins en hann tók einnig þátt í hönnun Bjöllunnar. Seinna meir skipti Porsche öllum Volkswagen-pörtum út fyrir sína eigin.

**Isetta kemur BMW á sporið**

Árið 1959 var bifreiðadeild BMW komin í mikla fjárhagskrísu en BMW hafði aðallega framleitt vélar í flugvélar fyrir nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Fyrirtækið ákvað að framleiða bíl, sem hannaður var af ítalska fyrirtækinu Iso, fyrir Þýskalandsmarkað. Bíllinn hét Isetta og var einn af fjölmörgum bubblubílum (e. bubblecars) sem voru í framleiðslu á þessum tíma en þeir voru mjög vinsælir. Þeir voru ýmist þriggja- eða fjögurra hjóla og mjög litlir, enda einungis drifnir af litlum mótorhjólavélum. BMW Isetta sló í gegn og kom BMW aftur á kortið hvað varðar bílaframleiðslu. Árið 1962 fór BMW aftur að framleiða fólksbíla og sportbíla í fullri stærð sem þóttu mjög góðir í akstri og þróaðir í hönnun.

**Af hverju er talað um „þýska stálið“?**

Þjóðverjar hafa lengi verið orðaðir við góð vinnubrögð, fullkomnunaráráttu og skipulag. Þetta hefur skinið í gegn í þýskri framleiðslu frá upphafi. Enn þann dag í dag eru gjarnan merkingar á t.d. raftækjum sem segja „Made in Germany“ stórum stöfum á umbúðunum. Þetta sér maður sjaldan á vörum frá öðrum löndum. Þýskaland varð stærsti framleiðandi stáls í Evrópu seint á 19. öld og átti fjölskyldufyrirtækið Krupp langstærstan þátt í því, en Krupp náði á tímabili að vera stærsta fyrirtæki Evrópu. Bandaríkin og Þýskaland voru öflugustu framleiðendur stáls í byrjun 20. aldarinnar og eftir seinni heimsstyrjöldina stækkaði stáliðnaðurinn í Vestur-Þýskalandi margfalt en Austur-Þýskaland heltist úr lestinni. Þýska stálið þótti skara fram úr í gæðum enda eru Þjóðverjar yfirburðagóðir hvað gæðaeftirlit og fjöldaframleiðslu varðar. Þetta skilaði sér auðvitað í bílaiðnaðinn því að lengi vel þóttu þýskir bílar vera gerðir úr besta stálinu. Það sem einnig hefur ýtt undir ímynd þýskra bíla er staðreyndin að þeir hafa alltaf verið mjög vel settir saman og einungis úr mjög vönduðum efnum. Sem dæmi má nefna að innréttingar í þýskum bílum hafa ávallt verið í sérflokki og úr fyrsta flokks plasti, viði, áli og leðri enda hafa aðrir bílaframleiðendur reynt að herma eftir þeim í marga áratugi. Einnig voru þýskir bílar alltaf þeir endingarbestu og biluðu líka sjaldnar, enda kostuðu þeir gríðarlega mikið.

**Japanar breyta bíliðnaðinum**

Á 9. áratugnum fóru hlutirnir hins vegar að breytast. Japanskir bílar voru farnir að seljast vel í flestum heimshornum og biluðu þeir talsvert minna en allt annað á markaðnum og voru töluvert ódýrari. Seint á 10. áratugnum fóru þýskir bílaframleiðendur að hrynja niður listana í áreiðanleikakönnunum. Líklegasta skýringin fyrir því er að þegar ódýru og áreiðanlegu japönsku bílarnir voru búnir að hasla sér völl á markaðnum fóru dýru þýsku merkin að framleiða ódýrari gerðir bíla til að vera samkeppnishæfir á fólksbílamarkaði. Þar sem þeir voru ekki vanir því fóru þeir að stytta sér leið til að halda framleiðslukostnaði niðri sem orsakaði hærri bilanatíðni. Það sem einnig getur ýtt undir óáreiðanleika og bilun er sú staðreynd að flestir þýskir bílar eru stútfullir af nýjustu tækni og með auknu flækjustigi aukast líkurnar á bilunum. Þessi þróun lék þýsku framleiðendurna grátt og eru þeir enn þá að reyna að ná sama orðstír og þeir höfðu.

**Yfirburðir þýskrar verkfræði**

Stjórnendur þýsku bílamerkjanna hafa með einhverjum undantekningum alltaf verið verkfræðingar sem hafa verið lengi í bransanum og unnið sig upp. Þess vegna hafa þýskir bílar yfirleitt verið gríðarlega vel hannaðir og úthugsaðir. Þar má einna helst nefna Ferdinand Piëch, austurrískan verkfræðing. Afi hans var hinn frægi Ferdinand Porsche. Byrjaði Piëch þess vegna hjá Porsche en flutti sig fljótlega til Audi vegna þess að afi hans vildi ekki að neinn í fjölskyldunni ynni hjá fyrirtækinu. Endaði hann síðan sem forstjóri Audi. Hann átti stóran þátt í Audi 100-verkefninu sem ég nefndi fyrr og einnig í Quattro, bæði rallýbílnum og fjórhjóladrifskerfi Audi. Velgengni Audi og tenging við Volkswagen gerði Piëch kleift að verða forstjóri Volkswagen Group í heild sinni árið 1993. Hann kom að kaupum VW Group á Bentley, Lamborghini og Bugatti en þurfti að fara á eftirlaun 65 ára samkvæmt reglum fyrirtækisins. Síðan þá hefur hann verið í stjórn félagsins og komið t.d. að þróun Lamborghini Gallardo, Audi R8 og Bugatti Veyron svo að fáir séu nefndir.



### Aragrúi af sögufrægum bílum

**Volkswagen Beetle** Kom í heiminn sem farartæki nasista árið 1938 en varð síðar kaldhæðnislega kenndur við hippakynslóðina. Hann er jafn mikilvægur, ef ekki mikilvægari, fólksbíll í sögunni og Ford Model T fyrir Bandaríkin, Mini fyrir Bretland eða Renault 2CV fyrir Frakkland svo að ég nefni einhverja. Nýlega kom tæknilega séð þriðja kynslóð Bjöllunnar út en það er mjög gróflega áætlað þar sem upprunalega Bjallan breyttist mikið yfir þau 65 ár sem hún var í framleiðslu. Framleidd voru 21,5 milljónir eintaka af upprunalegu Bjöllunni og þá tel ég ekki með nýjustu tvær kynslóðirnar. Eftir að upphaflega Bjallan fór úr framleiðslu hafa nýju Bjöllurnar fengið á sig nýja ímynd. Þær eru mikið dýrari, talsvert stærri og mætti jafnvel kalla þær tískufyrirbrigði.

**Volkswagen Golf** Var í raun arftaki Bjöllunnar sem fólksbíll Þýskalands. Hann kom fyrst út árið 1974, var einn af fyrstu almennilegu hlaðbökunum (e. hatchback) og var stór ástæða þess af hverju hlaðbakar eru eins vinsælir og raun ber vitni. Golf er annar mest seldi bíll sögunnar en aðeins hefur Toyota Corolla selst meira. Hann er á sjöundu kynslóðinni núna og er til í alls kyns útfærslum, ekki bara sem hlaðbakur. Frægasta útfærslan er sportútgáfan GTI, sem er ein mest selda sportútfærsla allra tíma og er í raun bíllinn sem aðrir bílaframleiðendur líta til þegar þeir ætla að gefa út nýjan „heitan hlaðbak“ (e. hot hatchback).

**Porsche 911** kKom fyrst út árið 1963 sem eins konar þróuð næsta kynslóð af 356 sem ég nefndi fyrr í greininni. Hann var einnig með vélina aftast, rétt eins og forverinn og Bjallan, en hefur haldið því formi síðan, sem er mjög óalgengt. 911 er ótvírætt sögufrægasti og þekktasti sportbíll allra tíma. Bílabáðamenn hvaðanæva úr heiminum hafa hælt honum stöðugt frá fyrsta framleiðsluári. Nánast alltaf þegar aðrir bílaframleiðendur þróa nýjan sportbíl hafa þeir Porsche 911 sem viðmið. Frá upphafi hefur hann einnig tekið þátt í hinum ýmsum formum akstursíþrótta, frá eyðimerkurrallýi til Le Mans og komið fram í gríðarlegum fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta.

**Mercedes-Benz S-Class** Viðmið í lúxusbílaflokknum. Sem viðmið meina ég að allir aðrir framleiðendur neyðast til þess að fylgjast með Benz til þess hreinlega að verða ekki eftir á, því að ótrúlega margar tækninýjungar hafa komið fyrst í Benz S-Class. Hann kom fyrst út árið 1972 undir þessu nafni en forverar hans voru hannaðir undir sömu meginreglu en hétu öðrum nöfnum. Til að nefna eitthvað af tækninýjungum sem fyrst komu í S-Class og forverum hans: Keflablásari (e. supercharger en kallaður kompressor hjá M.Benz) í fólksbíl, dísilvél í fólksbíl, árekstrarpróf, krumpusvæði, ABS-bremsukerfi, spólvörn og skriðvörn (ESP), sjálftrekkjandi bílbelti, loftpúðar (ásamt General Motors) og loftpúðafjöðrun en allt þykir þetta venjulegt í nútímabílum af öllum gerðum.

**Audi Quattro** Er líklega frægasti rallýbíll allra tíma. Nafnið þýðir „fjórir“ á ítölsku, enda er bíllinn einn af fyrstu fjórhjóladrifnu fólksbílunum og var hann lauslega byggður á Audi 80. Hann var fyrst kynntur árið 1980 en vann heimsrallið árið 1982, 1983 og 1984 undir leiðsögn Michèle Mouton, fyrsta kvensigurvegarans og Stigs Blomqvist, sem The Stig úr Top Gear er nefndur eftir. Til þess að mega keppa í rallinu þurfti Audi að framleiða eintök fyrir almenning sem urðu alls 11.452 talsins yfir ellefu ára tímabil. Quattro keppti í frægasta tímabili rallýsins, svokölluðu Group B-tímabilinu, þar sem bílarnir voru hátt í 500 hestöfl, fisléttir og svo stórhættulegir að þeir voru bannaðir árið 1986.


Audi R8


Volkswagen Polo WRC


Mercedes-Benz S-Class


BMW M3


Opel Manta


Trabant 601


Audi Le Mans

## Helstu bílaframleiðendur Þýskalands

**Audi AG**
Einn af „stóru þremur“ lúxusbílaframleiðendum Þýskalands. Er í eigu Volkswagen Group. Varð til við samruna fjögurra bílaframleiðenda. Kom fjórhjóladrifi inn á fólksbílamarkað. Sportbíladeild Audi heitir Quattro.

**BMW AG**
Einn af „stóru þremur“ lúxusbílaframleiðendum Þýskalands. Á Mini- og Rolls-Royce-bifreiðafyrirtækin og Husqvarna-bifhjólafyrirtækið. Framleiðir mótorhjól í lúxus- og ferðaklassa. Sportbíladeild BMW heitir M.

**Ford Germany**
Stór partur af evrópska Ford-merkinu og vinnur í samvinnu við Ford í Bretlandi.

**Opel AG (Adam Opel)**
Er í eigu General Motors og vinnur í samvinnu við Vauxhall í Bretlandi. Hefur átt langstærstan hlut í þróun bíla GM frá því að samruninn varð.

**Porsche AG**
Er í eigu Volkswagen Group. Stærsti og þekktasti sportbílaframleiðandi Þýskalands og þótt víðar væri leitað. Var ábyrgt fyrir hönnun á VW-Bjöllunni.

**Daimler AG (Mercedes-Benz)**
Einn af „stóru þremur“ lúxusbílaframleiðendum Þýskalands. Elsti bílaframleiðandi í heimi (bílar sem brenna olíu). Á alls kyns bifreiðafyrirtæki, meðal annars Smart, Freightliner, Kamaz og fleiri. Framleiðir líka vörubíla, rútur og sendibíla. Varð fyrst fyrirtækja til að framleiða fólksbíl með dísilvél. Sportbíladeild Mercedes-Benz heitir AMG.

**Volkswagen**
Annar stærsti framleiðandi bifreiða í heiminum. Upphaflega stofnað af Hitler. Á alls kyns bifreiðafyrirtæki, m.a. Porsche, Audi, Skoda, SEAT, Bugatti, Bentley, Lamborghini, Man og Scania. Á þrjá bíla á lista yfir 10 mest seldu bíla sögunnar.

**Audi R8** Árið 2006 kynnti Audi sinn fyrsta ofursportbíl. Audibílar hafa alla tíð þótt vera auðveldir í umgengni og akstri og yfirleitt eru þeir fjórhjóladrifnir. R8 var engin undantekning þar. Sportbílaarmur Audi, Quattro, þróaði í samvinnu við Lamborghini R8-una og Lamborghini Gallardo sem eru byggðir á sama grunninum. R8 er í grunninn með 414 hestafla 4,2 lítra V8-vél sem er í miðju bílsins, en hann fæst nú með öflugri 5,2 lítra V10. Það sem kemur þessum bíl á þennan lista er sú staðreynd að þrátt fyrir að margir ofursportbílar hafi verið sagðir auðveldir að lifa með og nothæfir alla daga þá er þetta fyrsti bíllinn sem virkilega fellur undir þá skilgreiningu. Hann er nothæfur við allar aðstæður, meira að segja snjó, er tiltölulega áreiðanlegur miðað við sportbíl og auðveldur í akstri, en gríðarlega hraður samt sem áður.

**BMW M3** Frasinn „The boy racer“, eða strákakappakstursbíllinn, er oft notaður yfir M3 enda hafa ungir sem aldnir, karlar sem konur, skemmt sér á þessum frábæru sport-fólksbílum í næstum þrjátíu ár. Árið 1986 fengu þeir hjá BMW þá klikkuðu hugmynd að taka litla fólksbílinn sinn og skella í hann öflugri vél, stífri fjöðrun og taka af honum tvær hurðir. Þessi taktík var feikivinsæl á þessum tíma en fáum tókst eins vel til og BMW. M3 varð strax mjög vinsæll enda var hann fisléttur og praktískur sportbíll sem kostaði ekki eins mikið og ofursportbílarnir en var alveg jafn hraðskreiður. Í dag eru bílar eftir sömu uppskrift fáanlegir hjá mörgum framleiðendum en um tíma var M3 sá eini á markaðnum og hefur hann ávallt verið sá vinsælasti.

**Opel Manta** Þessi er líklegast sá minnst þekkti á listanum. Hann var engu að síður ótrúlega þýðingarmikill fyrir Opel-merkið. Hann kom fyrst á markað árið 1970 sem svar Opel við hinum sívinsæla Ford Capri. Þetta voru laglegir tveggja dyra coupébílar sem voru fisléttir, afturhjóladrifnir og skemmtilegir í akstri. Manta varð hrikalega vinsæll sem rallýbíll enda var bíllinn grunnur að góðum keppnisbíl og tiltölulega ódýr.

**Trabant** Fæstir hafa miklar mætur á Trabant, enda var hann úreltur áður en hann kom út. Við Íslendingar ættum að þekkja hann vel því að hann var mjög algengur hérlendis fyrir ekki svo löngu síðan. Hann var framhjóladrifinn, með yfirbyggingu úr plasti og tvígengisvél. Ekki hljómar plast sem efni í góðan bíl en fyrirgafst vegna lága verðsins. Hann var framleiddur af bílaframleiðandanum VEB Sachsenring frá árinu 1957 til 1991 og urðu eintökin 3,7 milljónir. Þótt það sé frekar leiðinlegt fyrir blásaklausa Trabant-inn þá varð hann fljótt að tákni Austur-Þýskalands enda seldist hann langbest í volæðinu þar, ásamt fleiri löndum Austur-Evrópu og auðvitað Íslandi.

### Akstursíþróttir

Saga akstursíþrótta í Þýskalandi er löng. Við fæðingu bílsins var keppt á fyrstu bílunum á móti hestum og töpuðu þeir lengi vel. Með þróun urðu bílarnir þó æ hraðskreiðari og áttu Þjóðverjarnir mikinn þátt í því. Þýskir bílar hafa frá upphafi tekið þátt í flestum alþjóðlegum akstursíþróttum og hérna tel ég upp það helsta:

**Le Mans 24H** Porsche og Audi hafa verið ótrúlega sigurstranglegir á hinni frægu braut La Sarthe í Frakklandi í gegnum árin. Le Mans er árleg 24 klukkustunda keppni sem telst ein mesta þolraun kappakstursbíla. Árið 1970 vann Porsche í fyrsta sinn og svo aftur öll tímabil á milli 1981 og 1987, en Porsche náði samtals 16 sigrum til ársins 1998. Ásamt því hefur Porsche unnið alls konar aðrar keppnir, svo sem Targa Florio á Ítalíu, brekkukeppnina (e. hillclimb) í Salzburg, Formula 2 og í öðrum keppni um víða veröld. Fyrir seinni heimsstyrjöld var mjög skemmtilegt tímabil í þýskum akstursíþróttum sem hefur fengið nafnið Silfurörvarnar (e. Silver Arrows). Þá kepptu helstu bílamerkin, svo sem Mercedes-Benz og Auto Union (Audi) með aðstoð frá Ferdinand Porsche um titilinn hraðasti bíll heims í keppni sem mætti kalla forvera Formúlu 1, ásamt því að keppa um heimsmet í hámarkshraða. Þetta tímabil byrjaði árið 1932 en endaði skyndilega 1939 þegar seinni heimsstyrjöldin byrjaði. Að henni lokinni héldu þessi merki áfram að keppa í alþjóðlegum keppnum og hefur þeim gengið vel í í þeim flestum. Helst skal nefna velgengni Audi í Le Mans-keppnum seinustu ára þar sem þeir hafa unnið 13 sinnum frá árinu 2000, en þrjú árin á undan sigraði Porsche tvisvar og BMW einu sinni.

**Formúla 1** Velgengni Þjóðverja í Formúlu 1 ætti ekki að koma neinum á óvart miðað við nýafstaðið tímabil. Mercedes-Benz vann sinn fyrsta sigur 1954 og svo aftur árið eftir. Síðan þá hafa þeir ásamt BMW verið með samkeppnishæf lið, en þó með hléum, þangað til núna í ár þar sem Mercedes-liðið er með langhraðskreiðustu bílana.

**World Rally Championship** Velgengni þýskra bílaframleiðenda í heimsrallinu mætti skipta í tvö tímabil. Fyrra tímabilið væri Group B-tímabilið sem ég talaði um fyrr í greininni þar sem Audi Quattro var sigursælastur í tvö ár. Það síðara eru seinustu tvö keppnistímabil þar sem Volkswagen, af öllum, hefur sigrað eftir margra ára drottnun Citroën. Til gamans má nefna að Volkswagen kom flestum á óvart og vann París-Dakar eyðimerkurrallið árið 1980 með Iltis-jeppanum sínum.

**DTM** Deutsche Touringwagen Masters er þýska kappakstursserían. Hún er keimlík Super GT í Japan sem ég talaði um í seinustu grein minni. Í DTM keppa helstu framleiðendur Þýskalands en þar má nefna Mercedes-Benz, Audi og BMW. Bílarnir eru lauslega byggðir á fólksbílum framleiðendanna. DTM og Super GT munu sameinast á næsta ári í alþjóðlega „Touring Car“-keppni með sameiginlegar reglur.

Ég vona að ég hafi komið til skila mikilvægi Þjóðverja í sögu bílsins. Í rauninni hef ég bara stiklað á stóru en það gerði ég líka þegar ég fjallaði um Japan. Fyrsti bíllinn var þýskur. Mikilvægasti fólksbíll allra tíma er þýskur. Sögufrægasti sportbíll allra tíma er þýskur. Þrír af tíu mest seldu bílum sögunnar eru frá sama þýska fyrirtækinu. Adolf Hitler átti mjög stóran þátt í uppbyggingu þýsks bílaiðnaðar. Núverandi sigurvegarar þriggja stærstu kappakstursgreinanna, WRC, Formúlu 1 og Le Mans, eru þýskir. Þarf að segja meira?

www.citroen.is

# MEIRI TÆKNI FÆRRI DROPAR



CITROËN C3
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 2.250.000 KR.



CITROËN C3 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,2 L/100 KM
VERÐ FRÁ 2.990.000 KR.



CITROËN C4
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.250.000 KR.



CITROËN C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.990.000 KR.



7 MANNA

CITROËN GRAND C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,0 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.390.000 KR.

Við bjóðum gott úrval glæsilegra Citroën bíla sem allir eiga það sameiginlegt að vera hlaðnir tæknibúnaði og skara fram úr í sparneytni. Veglegur kaupauki fylgir öllum nýjum Citroën til 19. desember. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér málið.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Eldsneytisnotkun er miðuð við blandaðan akstur. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## KIA SOUL EV

RAFMÓTORAR
111 HESTÖFL
Framhjóladrif

**Eyðsla** 0 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun** 11,2 sek.
**Hámarkshraði** 145 km/klst.
**Verð** 4.750.000 kr.
**Umboð** ASKJA

- Skottpláss

- Útlit
- Staðalbúnaður
- Fjöðrun



MYND/GVA

# RAFMAGNAÐUR KIA SOUL

## Fyrsti rafmagnsbíll Kia kemur skemmtilega á óvart og er boðinn með óvenju miklum búnaði á ágætu verði.

**KIA SOUL EV**
Finnur Thorlacius reynsluekur

Þeim fjölgar ört rafbílaframleiðendunum sem standa nú íslenskum kaupendum til boða. Einn sá allra nýjasti er Kia Soul EV sem jafnframt er fyrsti rafbíllinn sem Kia framleiðir. Kia hefur framleitt hefðbundinn Soul frá árinu 2009, en hann hefur þó ekki verið til sölu hérlendis þangað til nú að hann býðst með dísilvél og með rafmagnsdrifrás. Bílaframleiðendur fara ólíkar leiðir þegar kemur að því að framleiða rafmagnsbíla. Sumir þeirra hanna þá frá grunni, en aðrir setja rafmagnsdrifrás í þekkta framleiðslubíla sína. Þar á meðal er Kia með þennan Soul EV, sem og Volkswagen með bæði Polo- og Golf-rafmagnsbíla. Það er ef til vill betri leið, enda hefur mörgum fallið illa útlit þeirra rafmagnsbíla sem sérhannaðir hafa verið sem slíkir. Ekki þarf að óttast það ef framleiðendur setja rafmagnsdrifrás í bíla sem selst hafa vel og líkað vel í útliti.

### Laglegur og mikið lagt í

Kia Soul hefur frá upphafi verið umdeildur bíll í útliti þótt greinarhöfundi hafi ávallt fundist hann flottur. Hann er kassalaga bíll með frekar harðar línur. Eitthvað er þó svo sætt við hann og ef til vill á afturhallandi þaklína bílsins þátt í því að hann gleður augað. Kia Soul er nú af annarri kynslóð og er þessi nýja frá þessu ári. Glögglega má aðgreina Soul EV frá hefðbundnum Soul, en rafmagnsbíllinn er tvílitur, með annan lit á þakinu og fyrir vikið enn þá flottari. Að auki er meira lagt í innréttingu hans og efnisnotkun þar er til hreinnar fyrirmyndar. Þarna er því kominn ári flottur bíll sem tilbúinn er í samkeppnina við aðra rafmagnsbíla sem hrannast nú inn á markaðinn hérlendis. Kia Soul EV á nefnilega harða samkeppnisbíla í formi Nissan Leaf og nýkynnts Volkswagen Golf. Þessir bílar eiga það til dæmis sameiginlegt að vera með mjög álíka drægni og afl auk þess að vera á svipuðu verði. Kia Soul EV er á 4.750.000 krónur og fer þar afar vel búinn bíll með mikinn búnað. Nissan Leaf er örlítið ódýrari á 4.690.000 krónur, en hann er ekki eins vel búinn. Volkswagen Golf kostar 4.890.000 og er því þeirra dýrastur, en ekki munar þarna miklu.

### Lipur og snöggur

Margir standa líklega í þeirri trú að rafmagnsbílar séu letingjar með lítið afl og slaka aksturseiginleika. Því fer fjarri og er þessi Kia Soul EV fjandi sprækur bíll og eins og á við þá flesta er hröðun hans í fyrstu mikil og hrein skemmtun. Rafmagnsbílar eru ávallt þyngri en sams konar bílar með brunavél og helgast það af þungum rafhlöðum þeirra. Kia Soul EV er einum 200 kílóum þyngri en Kia með brunahreyfil, en merkilegt er hve lítið finnst fyrir því. Hann er sprækur með sín 111 hestöfl, en eftir því sem hraðinn eykst reynist erfiðara að auka hraðann í snatri. Hámarkshraðinn er 145, ekki mjög hár, en það á við um flesta rafmagnsbíla. Nissan Leaf er með sama hámarkshraða. Það vakti bæði gleði ökumanns og undrun hversu mjúkur bíllinn er í akstri. Fjöðrunin er einstaklega ljúf og mjúk og hann leikur sér að öllum hraðahindrunum, líkt og þær væru ekki til. Hann hallar sér líka lítið í beygjum og rásfesta hans er mikil, en þó má leggja meira á hefðbundinn Soul ef tekið er verulega á bílunum. Í heildina séð er akstur bílsins ánægjulegur og áhyggjulaus og lipurð bílsins og stýring hans kemur skemmtilega á óvart.

### Full hleðsla á hálftíma í hraðhleðslustöð

Mikill kostur við Kia Soul EV er hve hár hann er til þaksins og því höfuðrými gott, líka aftur í. Pláss í aftursætum er gott en það sama verður ekki sagt um skottrýmið. Það er með minnsta móti, eða 281 lítrar, enda stela rafhlöðurnar frá því sem og fótarýminu í aftursætinu. Ef sætin eru hins vegar felld niður stækkar það í 891 lítra og hjálpar þá hæð bílsins með flutningsgetuna.

Afskaplega þægilegt er að hlaða bílinn rafmagni og þarf það ekki að taka nema nokkrar sekúndur eftir að heim er komið. Innstungan er framan á bílnum, sem teljast verður kostur þar sem flestir leggja með nefið sem næst rafmagnsinntakinu. Hann fullhleður rafhlöðurnar á 5 klukkustundum með 6,6 kW hleðslutæki sem fylgir bílnum og má ná 80% hleðslu á hálftíma. Þá má fullhlaða bílinn á sama tíma í hraðhleðslustöð án þess að skaða rafhlöðurnar nokkuð. Fullhlaðinn kemst Kia Soul EV 212 kílómetra, en hafa skal í huga að það næst við allra bestu aðstæður og í reynsluakstri hans í kulda nær hann alls ekki þeirri drægni.








Það voru þó nokkuð raunsannar tölur sem birtust á mælinum sem sýndi hve mikið drægi væri eftir og þær vegalengdir sem honum var ekið. Rafmagnsbíll með drægi sem þetta er afar hentugur sem annar bíll fjölskyldna og ætti að duga svo til alla daga ársins þó svo hann sé kannski ekki heppilegasti fararskjótinn í löng sumarferðalög. Kia Soul EV er flott útspil í sívaxandi flóru rafmagnsbíla sem full ástæða er til að hvetja bílkaupendur til að skoða vel.

7 ÁRA KIA ÁBYRGÐ

**7 ára ábyrgð** á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com




SOUL

KIA

The Power to Surprise

# Magnaður **sálufélagi**

Við kynnum Kia Soul, magnaðan nýjan sálufélaga. Hann fæst bæði sem raf- og dísilbíll og hefur ótal spennandi eiginleika. Þú situr hátt í honum, hann er afar rúmgóður og rafbílinn er einn langdrægnasti bíll í sínum flokki. Kia Soul hefur þegar unnið til fjölda verðlauna, m.a. sem besti borgarbíllinn á cars.com.

**Komdu á stefnumót með mögnuðum sálufélaga. Við tökum vel á móti þér.**

Verð **4.750.777** kr.

Kia Soul EV Luxury — rafbíll

Einnig fáanlegur í dísilútgáfu á verði frá 3.890.777 kr.

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Brandenburg

# Lexus dregur á BMW og Mercedes Benz í Bandaríkjunum

Lexus-bílar seljast vel í Bandaríkjunum og fyrirtækið stefnir í að selja fleiri bíla en upphafleg spá þess fyrir árið. Lexus hafði miðað við 290.000 bíla sölu en fer líklega yfir 300.000.

Lexus var söluhæsta lúxusbílamerkið í Bandaríkjunum öll árin frá 2000 til 2010.

Nú er það hins vegar BMW sem leiðir og Mercedes Benz er í þriðja sæti.

BMW hefur selt 267.200 bíla á fyrstu 10 mánuðum ársins, Mercedes Benz 261.800 bíla og Lexus 244.000 bíla. Með góðri sölu ársins hefur Lexus dregið á þýsku bílasmiðina og ætlar Lexus að ná aftur titlinum „stærsti lúxusbílasalinn“, hvort sem það verður á næsta ári eða þarnæsta.

Tilkoma nýja NX-jepplingsins gæti hjálpað mikið upp á á næsta ári, sem og RC coupé bíll Lexus. Með þessum tveimur nýju bílgerðum Lexus eru þær alls orðnar ellefu talsins vestanhafs.

Lexus á von á því að vöxtur í sölu verði hærri á næsta ári en hjá markaðnum í heild, sem og á meðal lúxusbílaframleiðenda.


Lexus NX



## Volkswagen Golf fékk nafn sitt frá hesti

Þeir sem þekkja til nafna Volkswagen-bíla vita að margir bílar þeirra bera nöfn sem vitna til vindfyrirbæra. Passat táknar farvinda sem tíðir eru nærri miðbaug, Scirocco táknar Miðjarðarhafsvinda og því myndu margir halda að Golf væri tilvitnun í Golfstrauminn. Svo er þó ekki. Þegar verið var að velta fyrir sér nafni á arftaka Bjöllunnar komu nöfnin Blizzard og Caribe til greina, en staðreyndin er sú að bíllinn fékk nafn sitt frá hesti, sem þáverandi innkaupastjóri Volkswagen átti. Þessi hestur hafði alla kosti hests að bera, var geðgóður, fallega skapaður og frábær reiðhestur. Því stakk hann upp á þessu nafni og eftir að fleiri samstarfmenn hans höfðu barið hest hans augum var ákveðið að bíllinn fengi sama nafn, þ.e. Golf. Þessa staðreynd má lesa um á safninu Stiftung AutoMuseum Volkswagen. Það hefur örugglega ekki sakað að Golf er einnig tilvitnun til Golfstraumsins, en látum það liggja á milli hluta.



## Brembo græðir á tá og fingri

Ítalski bremsuframleiðandinn Brembo gengur sem aldrei fyrr og skilaði 51% meiri hagnaði á þriðja ársfjórðungi en á þeim sama í fyrra. Hagnaðurinn nam tæpum 5 milljörðum króna og veltan 68 milljörðum. Sala Brembo stefnir í 14-15% vöxt á þessu ári. Brembo framleiðir vandaðri gerðir af bremsubúnaði fyrir marga af vönduðustu bílaframleiðendum heims, svo sem Ferrari, Aston Martin og Porsche, en einnig fyrir marga aðra framleiðendur sem framleiða bíla í meira magni og þá oftast í dýrari gerðir þeirra. Brembo var stofnað árið 1961 og eru höfuðstöðvar þess í Bergamo og starfsmenn hátt í 7.000. Framleiðslunúmer Brembo eru nú um 1.300 talsins.



AUKAOPNUN

# LAGERSALA

**Vatnagörðum 8, 104 Reykjavík**

**Miðvikudagur 3. desember: 12:00 - 21:00**

**AÐEINS OPIÐ ÞENNAN EINA DAG!**

| | | |
|---|---|---|
| Hnífapör | Kertastjakar | Bollar |
| Gjafavara | Diskamottur | Sýnishorn |
| Öryggisskór | Diskar | Afmælisgjafir |
| Jólaskraut | Könnur | Bökunarform |
| Blómavasar | Skálar | Áhöld |
| Glös | Jólagjafir | Baðvogir |

**20% AUKA-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!**

**Allir hjartanlega velkomnir!**
**Komið og gerið frábær kaup!**

Ásbjörn

Ásbjörn Ólafsson ehf.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Verslun




**BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE**

Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar Millifærsla - greiðslukort - netgíró. www.hush.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu fyrir reglusaman og reyklausan einstakling í Leirubakka 10, 109. Aðgangur að snyrtingu. Verð 40þús með hita og rafmagni. Ískápur fylgir. S. 844 6851

62fm 2ja herb. íbúð á Seltjarnarnesi til leigu. Laus. V. 150.000. Uppl. í kgh@mi.is

Til leigu tveggja herb. 70 fm íbúð í sérbýli. Uppl. í S. 892 9803

Herbergi til leigu á besta stað í bænum m/rúmi. Uppl. í s. 690 8160

15 fm herb. í kópav. til leigu með húsgögnum, neti og sameiginlegt eldhús, baðh. og þvottahús. Verð 65þ á mán + 1 mán fyrirframm Uppl. í síma 6600550.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.




# Minna að fletta meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

## til sölu



# Viltu vinna í Debenhams?

Okkur vantar snyrtifræðing í fullt starf & í hlutastarf

**Hæfniskröfur:**

- Snyrtifræðingur eða förðunarfræðingur
- Rík þjónustulund
- Metnaður og stundvísi
- Jákvæðni

Umsóknir berist til debenhams@debenhams.is fyrir 7. desember n.k.

DEBENHAMS

Smáralind

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Svöluás 36 - Hafnarfirði

Opið hús í dag frá kl. 17 - 17:30




Glæsilegt pallabyggt einbýlishús, vel staðsett í Áslandshverfinu í Hafnarfirði. Frábært útsýni. Húsið er skráð 241,1 fm. Einn allara flottasti útsýnisstaður bæjarins. 4 svefnherb. tvö baðherbergi, fallegt eldhús, stór stofa og borðstofa, fallegur garður. Húsið er laust strax. **V. 59,7 millj.** Nánari uppl. veitir Hlynur Halldórsson sölumaður s: 698-2603.

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

Vissir þú að...

Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIN HÚS Í DAG

**Klappakór 1D- Kópavogi. 5 herbergja efri sérhæð**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og vel skipulögð efri sérhæð í tvíbýlishúsi. Íbúðinni fylgir stæði í bílgeymslu og sér geymsla er við stæðið. Stofa, borðstofa og eldhús í opnu rými. Fjögur svefnherbergi með möguleika á því fimmta. Bæði baðherbergi og gestasnyrting. Þvottaherbergi innan íbúðar. Miklar og vandaðar innréttingar. **Tvennar svalir eru á íbúðinni og mjög fallegt og víðáttumikið útsýni, m.a. fjallsýn. Verð 44,9 millj.**

**Álfheimar 19. 4ra – 5 herbergja íbúð**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 4ra - 5 herbergja 88,4 fm. íbúð á 3. hæð með suðursvölum í góðu fjórbýlishúsi við Álfheima auk geymsluriss. Fallegt útsýni er úr eldhúsi til sjávar. Stofa með útgengi á svalir til suðurs. Fjögur herbergi. Húsið að utan er nýviðgert og skipt var um gler fyrir stuttu síðan. Á baklóð er stór og skjólsæl hellulögð verönd auk tyrfðrar flatar. **Verð 27,9 millj. Verið velkomin.**

Stofnað 1983

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

## Bugðulækur – Reykjavík - *3ja herbergja*





Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilega vel skipulagða 89,7 fermetra 3ja herbergja jarðhæð með sér inngangi við Bugðulæk 15 í Reykjavík. Íbúðin er í góðu ástandi með fallegum innréttingum og gólfefnum og skiptist í forstofu, hol, eldhús, baðherbergi, tvöfalda stofu, herbergi, geymslu ásamt snyrtilegri sameign. **Verð: 32 millj.** Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi s: 896-0058.

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**



# GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



# Ert þú í framhaldsnámi erlendis?

## Námsstyrkir úr Menntasjóði Viðskiptaráðs

Við auglýsum eftir umsóknum um **fjóra námsstyrki að upphæð 500.000 kr. hver** úr Menntasjóði Viðskiptaráðs Íslands.

- Umsóknarfrestur er til og með **5. janúar 2015**
- Umsóknum skal skila inn rafrænt
- Nánari upplýsingar á **vi.is/namsstyrkir**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Pólitísk ábyrgð

**STJÓRNMÁL**



**Þorbergur Þórsson**
hefur starfað sem hagfræðingur og þýðandi

Undanfarið hefur nokkuð verið minnst á hugtakið pólitísk ábyrgð í opinberri umræðu. Tilefni umræðunnar er reyndar heldur dapurlegt. Hér er samt ekki ætlunin að fjalla um það, heldur aðeins svolítið um hugtakið sjálft. Sú pólitíska ábyrgð sem ég hef áhuga á, er ábyrgð sem stjórnmálamenn geta „axlað“, einkum og sér í lagi með því „að hætta“.

Sem dæmi um hvernig þetta hugtak er notað má hafa orð Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis, í sjónvarpsfréttum 23. nóvember sl. en Helgi sagði þar að ábyrgð ráðherra væri tvenns konar, pólitísk og lagaleg. Eftirlitshlutverk Alþingis sneri að pólitísku ábyrgðinni, en ráðherra hefði „axlað“ hana „gagnvart þinginu með því að segja af sér“.

Margfróð vinkona mín hefur sagt mér að íslenska hugtakið „pólitísk ábyrgð“ geti ýmist merkt það sem kallað er „political accountability“ eða „political responsiveness“ í ensku máli. Í fræðilegri umræðu á íslensku sé ekki alltaf á hreinu hvort hugtakið sé átt við þegar pólitísk ábyrgð er nefnd. Þessi tvö ensku hugtök eru mjög ólík. Fyrra hugtakið (accountability) vísar til þess að kjörnir fulltrúar leggja fram stefnu eða ákvarðanir og standa og falla með ákvörðunum sínum. En síðara hugtakið (responsiveness) vísar til þess, ef ég skil það rétt, að fulltrúarnir verða beinlínis við kröfum kjósenda og starfa í samræmi við þær, en ekki endilega í samræmi við einhverja sérstaka eigin stefnu.

Ég held að þessi stjórnmálafræðilegu hugtök séu ekki það sem „pólitísk ábyrgð“ vísar til í almennri stjórnmálaumræðu um þessar mundir. Tilefni umræðunnar nú er að starfsmaður ráðherra braut af sér. Að sögn vissi ráðherra ekki af afbrotinu fyrr en seint og um síðir. Eftir að upp um það komst sat hann áfram í stól sínum um hríð en sagði svo af sér. Hér verður ekki séð að ráðherra hafi staðið og fallið með ákvörðunum sínum og stefnu, heldur fallið þegar upp komst um afbrot starfsmannsins.

Ég spurði góðan kunningja minn, sem er refur í pólitík, hvernig skilja bæri hugtakið pólitísk ábyrgð. Hann svaraði: „Er það ekki það, þegar manni finnst að andstæðingur sinn þurfi að segja af sér þegar hann hefur ekki brotið lög og mögulega ekki gert neitt siðferðilega ámælisvert?“ Ég svaraði honum strax: „Jú, einmitt!“ Mér fannst þetta fínt svar hjá honum, þótt það sé svolítið glannalegt. Og ég held að þetta sé að vissu leyti ágæt lýsing á því hvernig pólitísk ábyrgð getur virkað.

### Margvíslegir kostir

Ólíkt stjórnmálarefnum, vini mínum, tel ég að það hafi margvíslega kosti að Alþingi geti dregið stjórnmálamenn til pólitískrar ábyrgðar fyrir axarsköft og mistök starfsmanna þeirra. Og að það hafi ýmsa góða kosti að stjórnmálamennirnir geti glatað ráðherraembættum sínum vegna slíkra mistaka starfsmanna, jafnvel þó að þeir sjálfir hafi ekki brotið lög eða orðið uppvísir að einhverju siðferðilega ámælisverðu í störfum sínum.

Sú regla er auðvitað í fullu gildi að það má aldrei hafa ráðherra fremur en aðra fyrir rangri sök. Þurfi ráðherra að víkja vegna afbrota eða mistaka starfsmanna liggur sökin auðvitað að verulegu leyti hjá þeim, ekki ráðherranum. Stjórnmálamenn sem eru svona óheppnir ættu að öðru jöfnu að fá fjölmörg önnur tækifæri í framhaldinu. Þá er rétt að muna, að ráðherrar koma yfirleitt ekki úr hópi hinna fátæku og smáðu í samfélaginu. Þeir eru alla jafna virtir og vinmargir og þeim standa margar dyr opnar.

Það eru til ýmis dæmi um það í almennri löggjöf, að menn beri ábyrgð á því sem aðrir gera. Þannig þekkist það í enskumælandi löndum, að veitingamenn þurfi að borga sekt, ef starfsmenn þeirra selja brennivín undir borðið, til dæmis á tímum þegar sala áfengis er bönnuð. Þá snýst málið alls ekki um að veitingamaðurinn hafi brotið af sér, heldur um að hann hafi hvatningu til þess að allt fari rétt fram á veitingastaðnum og að velja starfsfólk sem er ekki líklegt til að brjóta lögin.

Á sama hátt held ég að það kunni að vera gagnlegt fyrirkomulag, að þegar starfsmönnum ráðherra verður mjög illa á í starfi eða brjóta jafnvel af sér, geti ávallt komið til álita að ráðherrann þurfi að víkja þótt saklaus sé. Þetta getur verið mikilvægt aðhald fyrir ráðherrana sjálfa. Það getur líka gert þá stranga og hvatt þá til krefjast afdráttarlausrar hlýðni starfsmanna sinna við lögin sjálf og anda þeirra og þannig gert löghlýðni að enn sterkara leiðarljósi framkvæmdarvaldsins en ella.

**➔ Það eru til ýmis dæmi um það í almennri löggjöf, að menn beri ábyrgð á því sem aðrir gera. Þannig þekkist það í enskumælandi löndum, að veitingamenn þurfi að borga sekt, ef starfsmenn þeirra selja brennivín undir borðið, til dæmis á tímum þegar sala áfengis er bönnuð.**

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

**Fæst í Lyfjum & heilsu**





**Nurofen Apelsin**
Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- **Hitalækkandi**
- **Verkjastillandi**
- **Bólgueyðandi**

**Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir**

**Fæst án lyfseðils í apótekum**

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, óþol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



Ástkær sonur okkar, bróðir,
mágur og frændi,

**ÁRNI JÓHANNSSON**
**framhaldsskólakennari,**
**Holtateigi 48, Akureyri,**

sem lést aðfaranótt 26. nóvember,
verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju,
fimmtudaginn 4. desember kl. 13.30.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Jóhann Helgason** | **Sigríður Árnadóttir**
**Stefán Jóhannsson** | **Karólína Margrét Másdóttir**
**Helgi Jóhannsson** | **Kristín Sólveig Eiríksdóttir**
**Hólmfríður Jóhannsdóttir** | **Unnar Vilhjálmsson**
**Sigríður Jóhannsdóttir** | **Sigurður Sigurðsson**
**Eiríkur S. Jóhannsson** | **Friðrika Tómasdóttir**
**Jónína Þuríður Jóhannsdóttir** | **Guðmundur Örn Sverrisson**
**frændsystkini og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG PÉTURSDÓTTIR**
**hjúkrunarkona,**
**áður til heimilis að Einilundi 1, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum Fossvogi að morgni
sunnudagsins 30. nóvember.
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Ólafur Tryggvi Magnússon**
**Magnús Karl Magnússon** | **Ellý Katrín Guðmundsdóttir**
**Atli Freyr Magnússon** | **Steinunn Gestsdóttir**
**Ásdís Magnúsdóttir** | **Viðar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR S. GUÐMANNSSON**
**(NUNNI)**
**Kleppsvegi 46, Reykjavík,**

sem lést 27. nóvember, verður jarðsunginn
frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. desember kl. 15.00.
Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Heimahlynningar LSH.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og Heimahlynningar.

**Anna S. Guðmundsdóttir**
**Haukur Gunnarsson** | **Elín J. G. Hafsteinsdóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir** | **Bjarni Jóhannesson**
**Hildur Gunnarsdóttir** | **Hjalti Jensson**
**Þorgerður Gunnarsdóttir** | **Guðmundur Kjartansson**
**Magnús Gunnarsson** | **Monika Borgarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**DRÍFA JÓNSDÓTTIR**
**frá Klukkufelli, Reykhólahreppi**
**í Austur-Barðastrandarsýslu,**
**búsett að Jöklafold 4, Reykjavík,**

lést að kvöldi 24. nóvember sl. á líknardeild LSH í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg fimmtudaginn 4. desember kl. 13.00.
Sérstakar þakkir til alls starfsfólks líknardeildarinnar fyrir umhyggju og hlýju.

**Haukur Sölvason**
**Valgerður Karlsdóttir** | **Atli Ólafsson**
**Sigríður Bjarney Karlsdóttir** | **Páll Geir Traustason**
**Ethel Karlsdóttir**
**Karl Magnús Karlsson** | **Eygló Ingólfsdóttir**
**Andri Karlsson** | **Guðný Eyþórsdóttir**
**Freyr Karlsson** | **Solveig María Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**KRISTJANA ELÍSABET**
**JÓHANNSDÓTTIR (ELLA)**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
22. nóvember. Útför hennar verður gerð
frá Seljakirkju miðvikudaginn 3. desember
kl. 11.00. Hjartans þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Markar fyrir frábæra umönnun, virðingu og hlýju.

**Ásta Friðjónsdóttir** | **Erlendur Jóhannsson**
**Birgir Friðjón Erlendsson** | **Anna Jóhannesdóttir**
**Egill Rúnar Erlendsson** | **Hildur Björk Hörpudóttir**
**Stefán Erlendsson**
**og langömmubörn.**




**FRUMKVÖÐULL** „Við vorum frumkvöðlar í fjölmenningardönsum og því var starfsemin innspýting í listalífið," segir Hafdís. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Margt sem nú er hversdagslegt byrjaði hér

**Hafdís Árnadóttir, kennari í Kramhúsinu við Skólavörðustíg, hefur lífgað upp á stemninguna í borginni með taktföstum hætti í þrjátíu ár og gefur nú út bók um starfsemina.**

Afró, tangó, samba, salsa, flamengo, magadans og Bollywood. Allt eru þetta dansar sem hafa verið iðkaðir í Kramhúsinu í þrjátíu ára sögu þess. Það hefur alltaf verið rekið á sama stað, við Skólavörðustíg 12, í einu af hinum földu bakhúsum í miðborginni.

„Það var mikil þörf fyrir Kramhúsið á sínum tíma," segir stofnandinn Hafdís Árnadóttir. Frá fyrstu stundu fluttum við inn gestakennara í dansi, leiklist og látbragðsleik. Margt sem nú er þekkt og hversdagslegt byrjaði hér. Við vorum frumkvöðlar í fjölmenningardönsum og því var starfsemin innspýting í listalífið," segir hún og nefnir sem dæmi að afródansar hafi verið stór þáttur í starfseminni. „Við erum alltaf með kennara frá Gíneu að kenna afródans og trommararnir eru sestir að hér á landi. Hingað komu kennarar frá Bandaríkjunum að kenna djassdans og nútímadans og frá Danmörku og Englandi að kenna leiklist, dans og spuna. Argentínski tangóinn blossaði upp 1985, þá var Svisslendingur staddur á landinu að skrifa leikrit, labbaði hér inn og spurði hvort hann gæti fengið að kenna tangó, hann vantaði pening til að geta dvalið lengur á Íslandi. Hann varð vinsæll og kom hingað af og til í tíu ár en rak líka tangóstúdíó í Zürich."

Sjálf kveðst Hafdís kenna dans og leikfimi, en hafði hún kynnst svona starfsemi annars staðar í heiminum þegar hún kom Kramhúsinu á fót?

„Já, ég hafði sótt námskeið í Englandi og Danmörku og kynntist danskverkstæðum þar sem blandað var saman dansi, leiklist og spuna. Árni Pétur Guðjónsson leikari kenndi spuna hér hvað lengst og Anna Richardsdóttir dansari frá Akureyri var þá nýkomin úr kennslu í Svíþjóð. Við vorum svo heppin að fá til okkar fólk með nýja strauma."

> **Við vorum svo heppin að fá til okkar fólk með nýja strauma.**
> *Hafdís Árnadóttir*

Hafdís nefnir líka leiksmiðju fyrir börn sem fastan lið í Kramhúsinu. Þar er blandað saman tónlist, leiklist og margs konar hreyfingu. „Elva Lilja Gísladóttir tónlistarkennari mótaði barnakennsluna og hefur sinnt henni lengst af," segir hún.

Nú var Kramhúsið að gefa út bók sem inniheldur sögu þess í þrjátíu ár í máli og myndum og ber titilinn Kramhúsið – orkustöð í miðbænum. „Hún Brynhildur Björnsdóttir skrifaði bókina og svo sáu þeir um útlitið grafíski hönnuðurinn Tómas Jónsson og Spessi ljósmyndari," upplýsir Hafdís og segir bókina einungis fáanlega í Kramhúsinu. gun@frettabladid.is



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og bróðir,

**ÞORVALDUR HEIÐDAL JÓNSSON**
**fyrrverandi bóndi á Tréstöðum,**
**Víðilundi 16a, Akureyri,**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 5. desember kl. 13.30.
Blóm eru vinsamlegast afþökkuð.

**Þórunn Jóhanna Pálmadóttir**
**Gerður G. Þorvaldsdóttir** | **Hermann A. Traustason**
**Rósa K. Þorvaldsdóttir** | **Ólafur Jósefsson**
**Jón Á. Þorvaldsson** | **Gyða H. Sigþórsdóttir**
**Gestheiður B. Þorvaldsdóttir** | **Hermann H. Kristjánsson**
**afabörn, langafabörn og systkini hins látna.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ELÍN JÓNA ÓLAFSDÓTTIR**
Ársölum 5, Kópavogi,

lést 28. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Björg Magnúsdóttir** | **Þorsteinn Guðmundsson**
**Magnús Jaroslav Magnússon** | **Hugrún Linda Guðmundsdóttir**
**Dagmar Magnúsdóttir** | **Kristinn R. Árnason**
**Guðmundur, Guðmundur Örn, Bjarki Rafn, Hildur Jara og Rakel Lind.**



Innilegar þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð og hlýhug
við andlát og útför ástkærs eiginmanns,
sonar, föður, bróður og afa,

**ÞÓRARINS R. ÁSGEIRSSONAR**

Hjartans þakkir færum við Heimahlynningu
LSH fyrir frábæra umönnun, virðingu og hlýju.

**Hildur S. Friðriksdóttir**
**Ásta Hallý Nordgulen**
**Ásta Þórarinsdóttir**
**Kristinn Eiríkur Þórarinsson**
**Erla M. Ásgeirsdóttir**
**Lúðvík Jóhann Ásgeirsson**
**og barnabörn.**



**ÞÓR GUÐJÓNSSON M.S.**
**fyrrverandi veiðimálastjóri,**
**fæddur 14. nóvember 1917,**

andaðist að morgni mánudagsins 24. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu
miðvikudaginn 3. desember kl. 13.00.
Blóm eru vinsamlegast afþökkuð.
Þeir sem vilja minnast Þórs láti
Minningarsjóð Landspítala njóta.

**Kári Halldór og Jenný Erla** | **Elsa Margrét**
**Guðmundur Þór, Sigrún,** | **Elín Helena og Marc**
**Bjartur, Orri og Tinna** | **Karl Óskar**
**Jódís og Hrappur** | **Sara Mathilda og Josip**
**Ragnheiður** | **Sonja og Zarah**
**Stefán Þór og Hildur**
**Elsa Ída, Carsten og Emma Hildur**
**Margrét Helga og Erik**

Katla

# PIPARKÖKU-HÚSALEIKUR

**SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS FYRIR 4. DESEMBER Á KATLA.IS**



ALLIR GETA UNNIÐ!




H:N Markaðssamskipti / SÍA

**STÓRI VINNINGURINN!**
Allir sem skrá sig til keppni, fyrir 4. desember, fara sjálfkrafa í pott. Stórglæsilegur pakki **fyrir bakarann** að andvirði **80.000 kr.** frá DÚKA

**GLÆSILEGIR VINNINGAR**
**50.000 kr.** gjafabréf frá Hagkaup
**40.000 kr.** gjafabréf frá Vero Moda / Jack & Jones
**30.000 kr.** gjafabréf frá Penninn Eymundsson

**BARNAFLOKKUR**
**10.000 kr.** gjafakort í 66°Norður og 2 bíómiðar

**KOMDU FJÖLSKYLDUNNI Í JÓLASKAP!**
Einfaldaðu málið. Piparkökudeigið og glassúrinn hentar arkitektum á öllum aldri

SMÁRALIND · 66° NORÐUR · HAGKAUP Ein ferð betra verð · PENNINN Eymundsson · DÚKA · VERO MODA · JACK & JONES




KL. 18:10

**Jóladagatal Skoppu og Skrítlu**

Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2. Lúsí og Bakari Svakari láta sig ekki vanta í fjörið ásamt Snæfinni snjókarli sem tekur lagið. Endursýnt á Krakkastöðinni alla daga kl. 19.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 19:25

**Um land allt**

Kristján Már Unnarsson hittir hjónin sem stofnuðu Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar í bílskúrnum sínum í Hafnarfirði fyrir 43 árum.



KL. 20:20

**Á fullu gazi**

Þriðja þáttaröðin af þessum frábæru þáttum þar sem fjallað er um glæsibíla og önnur flott farartæki.



KL. 22:00

**Gotham**

Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.



KL. 23:35

**Stalker**

Magnaðir spennuþættir um sérstaka deild innan lögreglunnar í LA sem rannsakar mál tengd eltihrellum.




KL. 22:00

**The Place Beyond The Pines**

Spennumynd um áhættuleikara sem snýr sér að bankaránum til að geta séð fyrir nýfæddum syni sínum.



Krakka Stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | | 2 | 1 | | | 5 | 6 |
| 9 | | | 3 | | | | 7 | |
| | | | | | 8 | 1 | | 2 |
| | | | 6 | | 2 | 7 | | |
| 2 | 6 | | 1 | 8 | | | | |
| 1 | | | 7 | | 9 | | | |
| 3 | | | | 6 | 7 | 4 | 8 | |
| | 4 | | | | | 5 | 9 | 7 |
| | 8 | | | | | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | 2 | | | 5 | 7 | | | |
| | 8 | 3 | | | | | 4 | 5 |
| 8 | 1 | 7 | 2 | | | | | 4 |
| 2 | | | 9 | | | | 5 | |
| | | | | 3 | | 2 | 7 | |
| | | 2 | 4 | 1 | | | 9 | |
| 5 | | | | | 9 | | | |
| 6 | | | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 5 | | | | | |
| 2 | 4 | | | | | | | 6 |
| | | 9 | | 1 | 2 | 3 | 4 | |
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 7 | | | | 3 | 5 | 8 | |
| | | 2 | 7 | | | 9 | | |
| 6 | | | | 7 | | | | 5 |
| | 1 | | | | 4 | | | 9 |
| | 2 | | | | | | 1 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 2 | 6 | 5 | 9 | 1 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 9 | 5 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 1 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 6 |
| 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 1 |
| 1 | 3 | 6 | 5 | 8 | 2 | 4 | 7 | 9 |
| 6 | 5 | 8 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 9 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 | 2 | 6 |
| 1 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 2 | 3 | 8 | 1 |
| 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 6 | 8 | 1 | 7 | 3 |
| 8 | 7 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 1 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 7 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

**„Ég elska Mikka mús meira en nokkra konu ég hef þekkt á ævinni.“**

*Walt Disney*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jóhann Hjartarson (2.576), Taflfélagi Bolungarvíkur, hafði hvítt gegn Thomas Schou-Moldt (2.180), Skákfélagi Íslands, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**21. Rxe5! dxe5 22. d6 Ha6?** (22...Hb8 er betri) **23. Dd5+ Kh8 24. Dxe5+ Bg7 25. dxc7! Rxc7 26. Dxc7 Dxc7 27. Rxc7** (nú má sjá af hverju hefði verið betra að hafa hrókinn á b8). **27...Hb8 28. Rb5 Bxb2 29. Had1** og hvítur vann nokkru síðar.

**www.skak.is** Úrslit Skákþings Garðabæjar.

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**

**2.** sæti, **6.** þys, **8.** líkamspartur, **9.** sefa, **11.** óð, **12.** alkyrrð, **14.** hljóðfæri, **16.** belti, **17.** dolla, **18.** form, **20.** haf, **21.** lokaorð.

**LÓÐRÉTT**

**1.** skynfæri, **3.** eftir hádegi, **4.** snæleiftur, **5.** sérstaklega, **7.** blóm, **10.** keyra, **13.** sár, **15.** slagæð, **16.** hljóma, **19.** drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** ys, **8.** hné, **9.** róa, **11.** ær, **12.** alkul, **14.** banjó, **16.** ól, **17.** dós, **18.** mót, **20.** sæ, **21.** amen.
**LÓÐRÉTT: 1.** eyra, **3.** eh, **4.** snæljós, **5.** sér, **7.** sólblóm, **10.** aka, **13.** und, **15.** ósæð, **16.** óma, **19.** te.

# Jólahátíð fatlaðra

# 2014

**Fimmtudaginn 11. des. verður jólahátíð fatlaðra haldin í 32. sinn á Hilton Reykjavik Nordica**

## Að venju verða glæsileg tónlistaratriði



Gummi Jóns og Vestanáttin



Heiða Ólafs.



Ingó Veðurguð



Lögin úr teiknimyndunum



Hreimur



Skítamórall



Laddi



Sigmundur Ernir

**Kynnir er Sigmundur Ernir Rúnarsson Rithöfundur**

**Hljóðstjórn er í höndum Jóns Skugga**

**Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki.**

GRÆNN MARKAÐUR · Prince Polo · Coca-Cola · NÓI SÍRÍUS · HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS · Hilton Reykjavik Nordica · VOX RESTAURANT

# Drap Jón mann eða drap Jón ekki mann?

LEIKLIST ★★★☆☆

**Síðbúin rannsókn: Endurupptaka á máli Jóns Hreggviðssonar**
Kriðpleir
**SÝNT Í BÍÓI PARADÍS**

Sviðslistahópurinn Kriðpleir sýnir nýtt verk í Bíói Paradís um þessar mundir og fjallar það um tilraun hans til að endurskoða dómsmál Jóns Hreggviðssonar frá Litlu-Fellsöxl. Þann 9. maí 1684 var Jón dæmdur til dauða fyrir morð á böðli konungs en aldrei hefur verið fullsannað hvað gerðist í raun og veru þetta örlagaríka kvöld. Atburðurinn er auðvitað þjóðþekktur ekki síst vegna Íslandsklukkunnar eftir Halldór Laxness og er gerð heiðarleg, og örlítið kostnaðarsöm, tilraun í Síðbúinni rannsókn til að slíta þau sterku bönd og finna nýja nálgun.

Markmið þeirra Friðgeirs Einarssonar og Ragnars Ísleifs Bragasonar, með misjafnri aðstoð frá Árna Vilhjálmssyni, er að búa til heimildarmynd um atburðinn sem verður engin smásmíði. Málið verður loksins og endanlega leyst, allt tekið upp og afraksturinn síðan sýndur úti um heim allan. En í þetta skipti sýna þeir einungis brot úr myndinni og fylla upp í söguna með kynningu á verkefninu.

Allir hafa þeir makalausa sviðsframkomu og er samband þeirra, sérstaklega milli Friðgeirs og Ragnars, á sviðinu stundum alveg bráðfyndið. Þeir kýta, stela sviðsljósinu hver af öðrum, sættast, bögglast við að taka upp senur úti í náttúrunni og fara í fýlu þegar eitthvað gengur illa eða óvæntar uppákomur eiga sér stað. Einnig ríkir skemmtileg hagkvæmni í verkinu þar sem útsjónarsamar leikhúslausnir gæða sýninguna lífi. Hönnunin á sviðsetningunni er hugvitsamleg og tónlistin, sem er í höndum Árna, einkar skemmtileg á köflum.

Vandamálið er að sterkari þráð vantar í verkið og úrvinnslan er ekki nægilega markviss. Stór hluti af sýningunni byggist á misheppnuðum tilraunum þeirra í leit að sannleikanum, ef hann er þá hægt að finna, en ef ekki er að gætt fer að bera á endurtekningum. Það er líka leitt að sjá ekki frekari þróun á persónunum milli verka, en allir þrír sáust síðast í sýningunni Tiny Guy. Samböndin hafa ekkert breyst og ennþá eru þeir allir á sama stað bara með annað verkefni í höndunum sem þeir reyna að leysa með svipuðum ráðum og áður.

Ég er ekki sannfærð um að Bíó Paradís hafi verið heppilegasti staðurinn fyrir sýninguna. Þrátt fyrir að verkið fjalli um tilraunir hópsins til að gera heimildarmynd þá gerði salurinn ekki neitt fyrir framsetninguna. Lýsingin hefði líka mátt vera betri og sömuleiðis rýmisnýtingin en báðir þessir þættir voru frekar flatir og óspennandi.

Síðastliðin misseri hefur Kriðpleir verið að gera fína hluti og a mikið inni. Það kemur að því að hópurinn býr til algjörlega frábæra sýningu þegar allt gengur upp. En þá þurfa þeir að taka tilraunastarfsemina ennþá lengra og gæta jafnvægis milli innihalds og framsetningar sem ekki heppnaðist nægilega vel að þessu sinni.

**Sigríður Jónsdóttir**



**KRIÐPLEIR** „Allir hafa þeir makalausa sviðsframkomu og er samband þeirra, sérstaklega milli Friðgeirs og Ragnars, á sviðinu stundum alveg bráðfyndið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**NIÐURSTAÐA:** Eftirtektarverð sýning sem þarf skýrari þráð og úrvinnslu en Kriðpleir er sviðslistahópur sem vert er að fylgjast með.

# Lokka fólk á tónleika

Blásarakvintett Reykjavíkur heldur sína árlegu aðventutónleika, Kvöldlokkur, í Fríkirkjunni í kvöld.

„Tónleikarnir okkar eru orðinn fastur liður á aðventualmanaki borgarbúa. Við reynum að vera frekar snemma með þá því sumum finnst aðventan ekki byrja fyrr en með þeim,“ segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari. Þar á hann við tónleika Blásarakvintetts Reykjavíkur sem bera heitið Kvöldlokkur. Þeir verða í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld 2. desember og hefjast klukkan 20.

„Hryggjarstykkið á öllum aðventutónleikum okkar er ætíð eftir Mozart sem samdi nokkur meistaraverk fyrir þessa hljómfögru hljóðfæraskipan,“ lýsir Einar. „Einnig er fullt af skemmtilegum slögurum úr Don Giovanni. Svo verða blásaraserenöður eftir mann sem Mozart lærði mikið af, Johan Christian Bach, yngsta son Johans Sebastians Bach.“

Spurður út í tónleikatitilinn Kvöldlokkur svarar Einar: „Orðið er eignað Guðmundi Finnbogasyni landsbókaverði

> **Hryggjarstykkið á öllum aðventutónleikum okkar er ætíð eftir Mozart sem samdi nokkur meistaraverk fyrir þessa hljómfögru hljóðfæraskipan.**

sem þýðing á orðinu serenaða. Serenöður voru oft sungnar undir svölum fagurra kvenna til að lokka þær út. Við erum hálfvegis að stíga í vænginn við fólk þegar við freistum þess með tónleikum!“

**- gun**



**KLARINETTULEIKARINN** „Við erum hálfvegis að stíga í vænginn við fólk þegar við freistum þess með tónleikum,“ segir Einar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Tilbrigði við glæp

BÆKUR ★★★★☆

**Snjór í myrkri**
Sigurjón Magnússon
**UGLA**

Glæpasögur hafa ekki bara verið áberandi og vinsælar meðal íslenskra lesenda undanfarna tvo áratugi, þær hafa líka haft margvísleg áhrif á aðrar bókmenntagreinar. Nokkur fjöldi skáldsagna sem hefur komið út undanfarin ár er undir áhrifum frá glæpasögum og taka formúlur þeirra og aðferðir til endurskoðunar, toga þær og teygja á ýmsa lund. Nýjasta skáldsaga Sigurjóns Magnússonar, Snjór í myrkri, er ein þessara sagna, hún tekur býsna lunkinn snúning á glæpasöguformið þótt það sem mestu skiptir í þeim snúningi komi ekki í ljós fyrr en undir lokin þannig að rétt eins og þegar fjallað er um dæmigerða glæpasögu væri ljótt að ljóstra því upp hér.

Aðalpersóna sögunnar heitir Daníel, hann er rithöfundur sem hefur skrifað eina miðlungsgóða glæpasögu en er atvinnulaus og verkefnalítill í upphafi sögunnar. Þá kemur verkefni upp í hendurnar á honum: bókaforlag biður hann að skrifa ævisögu söngkonu og pólitískrar baráttukonu sem fannst myrt tæpum þremur árum áður en sagan hefst. Daníel tekur verkefnið að sér og í hönd fer rannsókn á lífi söngkonunnar Lillu og aðdragandanum að morðinu. Leikurinn berst víða, til Ísafjarðar og Flateyrar og um ýmsa rangala borgarlífsins. Daníel er ekki atkvæðamikil aðalpersóna en upplýsingarnar og heimildamennirnir rata til hans engu að síður.

Glæpasöguhluti sögunnar er vel fléttaður og Sigurjóni tekst vel að nota formið til að kafa í spurningar sem snúast á endanum meira um siðferði og hugrekki persónanna til að standa með sjálfum sér og velja réttlæti umfram stundarhagsmuni og þægindi en hefðbundna glæparannsókn. Eins og í fyrri bókum Sigurjóns er ákveðinn kuldi yfir andrúmsloftinu í bókinni, persónurnar eru fjarlægar og tilfinningar þeirra virðast ekki rista djúpt, heimurinn sem sagan lýsir er harður og kaldhæðinn. Hvorki aðalpersónan né aðrar persónur sögunnar vekja sérstaka samúð lesandans, þær eru sannfærandi og vel smíðaðar frá höfundarins hendi en engin þeirra sem lifir söguna af er sérstaklega viðkunnanleg, og þetta endurspeglar heimsmynd sögunnar fullkomlega.



SIGURJÓN MAGNÚSSON




Daníel segir sögu sína í fyrstu persónu og þótt hann lýsi meðal annars samskiptum sínum við konur komumst við aldrei nálægt honum, hann er kynískur að upplagi.

Það er helst að glitti í mýkri tilfinningar í söknuði hans eftir gömlum vini og drykkjufélaga sem hann hefur tapað sambandi við. Stíll sögunnar er sömuleiðis nokkuð kaldranalegur og á köflum mjög bókmálslegur og formlegur – það er helsti galli bókarinnar.

En þótt samtölin verði á köflum nokkuð stirð og sögumannsröddin gömul dregur það ekki úr því að hér hefur Sigurjón sennilega skrifað sína bestu bók, þetta er spennandi og áríðandi bók um óskemmtilegt fólk.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Vel heppnuð úrvinnsla úr glæpasagnaminnum, kaldranaleg skáldsaga um persónur sem standa frammi fyrir vali sem sker úr um innræti þeirra og siðferði.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

## FAGURBÓKMENNTIR



Guðbergur Bergsson



Ófeigur Sigurðsson



Kristín Eiríksdóttir

## BARNA- OG UNGLINGABÆKUR



Ármann Jakobsson



Þórarinn Leifsson



Þórarinn Eldjárn og
Sigrún Eldjárn


Bryndís Björgvinsdóttir

## FRÆÐIBÆKUR OG RIT ALMENNS EFNIS



Snorri Baldursson



Eggert Þór Bernharðsson

# ÍSLENSKU
## BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNINGAR 2014

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

STJÖRNURNAR Á TWITTER

# Nýja Star Wars-stiklan til gleði

**Þetta er án efa mikill gleðitími fyrir Star Wars-aðdáendur víðs vegar um heiminn en stiklan fyrir nýju myndina Star Wars: The Force Awakens var gefin út síðastliðinn föstudag. Myndin er framleidd af Disney og er leikstýrt af JJ Abrams. Eins og gefur að skilja hafa miklar umræður farið fram á netinu þar sem skeggrætt er um allt frá nýrri tegund leisersverðanna yfir í Jar Jar Binks. Fréttablaðið tók saman nokkur góð tíst um nýju Star Wars-myndina.**



Chris Kattan
**@chriskattan**
Eftir að hafa séð #TheForceAwakens stikluna er ég þegar búinn að skrifa stóra ávísun til #Disney fyrir allt #StarWars draslið sem ég ætla að kaupa.



Bruce Wright
**@heybrucewright**
Augnablikið þegar 88 sekúndur voru betri en þrjár heilar kvikmyndir. #StarWars



Matt Moore
**@guerillascribe**
Ég er 44 ára fullorðinn maður. Að sjá aðeins 88 sekúndur af #TheForceAwakens hefur látið mér líða aftur eins og 7 ára drengnum sem sá #StarWars árið 1977.



Bobby Roberts
**@bobbyrobertspdx**
Afsakið, truflaði ég rökræður ykkar um öryggismálin í kringum uppskáldað sverð sem búið er til úr leisergeislum? #StarWars



Kyle Kinane
**@kylekinane**
Ég vildi óska þess að Ogre úr Revenge of the Nerds væri ofurhetja sem gæti flogið um og löðrungað nörda sem eru að brunda í brækurnar yfir nýju Star Wars-myndinni.






**GIFT** Samkvæmt New York Post giftu þau sig fyrr á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Giftu sig fyrr á árinu í laumi

Leikkonan Scarlett Johansson giftist Romain Dauriac við leynilega athöfn fyrr á þessu ári. Lost in Translation-stjarnan giftist franska blaðamanninum skömmu eftir að hún eignaðist dóttur þeirra, Rose, í september. Þetta hefur dagblaðið New York Post eftir heimildarmanni sínum.

„Scarlett og Romain giftust í mjög látlausri athöfn eftir að dóttir þeirra fæddist. Þau héldu brúðkaupinu leyndu vegna þess að þau vildu bæði vera í næði,“ sagði heimildarmaðurinn.

Johanson og Dauriac byrjuðu saman árið 2012 og trúlofuðu sig í ágúst í fyrra.



**SPRELLLIFANDI** Leikarinn Kirk Douglas er enn á lífi, þótt annað hafi komið fram um helgina.

## Birtu óvart minningargrein

Tímaritið People gerði heldur betur mistök um helgina, þegar þeir birtu óvart minningargrein um stórleikarann Kirk Douglas á heimasíðu sinni. Leikarinn er hins vegar langt frá því að vera kominn yfir móðuna miklu, en hann er þó orðinn fjörgamall og fagnar 98 ára afmæli sínu í næstu viku, þann 9. desember. Minningargreinin, sem var dagsett 29. september, var fjarlægð af síðunni, en henni hafði verið dreift á helstu samfélagsmiðlum yfir helgina. Algengt er að stórir fjölmiðlar séu búnir að skrifa minningargreinar um þekkta einstaklinga fyrirfram svo hægt sé að birta þær strax eftir andlát.

# Samfélagið sem molnar undir glansmyndinni

Tilraunatónlistarmennirnir í Hacker Farm spila hér tvisvar. Um er að ræða pólitíska sveit sem ræðst gegn hugmynd um rómantíska sveitasælu.

„Aðferð þeirra er að búa til mikið af sínum eigin rafrænu hljóðfærum,“ segir Bob Cluness, tónlistarblaðamaður og meðlimur FALK-hópsins sem flytur inn bresku tilraunatónlistarmennina Hacker Farm í vikunni.

Þeir munu troða upp í Mengi á fimmtudagskvöld og á Paloma á laugardagskvöld.

Hacker Farm kemur úr bresku sveitinni en þeir nota sjaldgæf, úrelt og biluð raftæki til að búa til heimatilbúna raftónlist. „Hugmyndin á bak við þetta er að efnið sem þeir nota er skemmt og úrelt. Í stórum dráttum búa þeir til brotna raftónlist úr rusli sem hefur verið hent,“ segir Bob.



**BOB CLUNESS**

„Sem dæmi bjuggu þeir til lítinn gítarmagnara úr vatnskönnu, gáfu út tónlist á floppydiskum og á handgerðum Rubix-kubb, þar sem menn þurftu að leysa gátuna til að fá sérstakan niðurhalskóða.“

Bob segir þetta vera afar pólitíska hljómsveit. „Vinnuaðferðir hennar eru metafórískar á þann hátt að í Bretlandi, rétt eins og á Íslandi, er hugmyndin um rómantíska sveitasælu vinsæl. Hacker Farm ræðst gegn þessari hugmynd og notar tónlistina til að sýna hvernig samfélagið er í raun að molna undir þessari glansmynd. Og það sama gildir auðvitað um Ísland.“ - þij



**HACKER FARM** Bresku tilraunatónlistarmennirnir búa til eigin hljóðfæri úr rusli.



**Á TRYGGA AÐDÁENDUR** Kanye West á aldeilis dygga og trygga aðdáendur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gerði mynd um Yeezus

John Colandra, 23 ára aðdáandi Kanye West frá New Jersey, tók sig til og gerði tveggja tíma mynd um Yeezus-tónleikaferð söngvarans.

Notaði hann bæði myndbönd sem tekin voru sérstaklega af tónleikahöldurum og líka sínar eigin tökur, sem eru í verri gæðum.

Í myndbandinu má sjá skot frá öllum stöðum tónleikaferðalagsins en alls tók það hann sjö mánuði að klára myndbandið. Þar sem West hélt bara tónleika í útvöldum borgum Norður-Ameríku og í Ástralíu á myndin að vera fyrir þá aðdáendur sem ekki komust á tónleikana.



**BECKHAM** Feðgarnir lentu í árekstri á laugardag, en betur fór en á horfðist. MYND/GETTY

## Heppnir Beckham-feðgar

Fótboltakappinn fyrrverandi David Beckham lenti í árekstri á laugardag ásamt elsta syni sínum, Brooklyn Beckham. Betur fór en á horfðist og sluppu feðgarnir vel en Beckham eldri meiddist lítillega á öxl. Ökumaður og farþegi hins bílsins sluppu einnig með minniháttar meiðsl.

Feðgunum var að vonum brugðið eftir slysið og eru þeir sagðir heppnir að hafa komist lífs af. Þetta er í þriðja sinn sem Beckham lendir í árekstri ásamt elsta syni sínum. Í fyrra bakkaði Beckham á bíl við heimili sitt í Beverly Hills og árið 2011 lentu feðgarnir í margra bíla árekstri á hraðbraut í Los Angeles.



HORFUR Á
FASTEIGNAMARKAÐI TIL 2017

Arion banki býður til morgunfundar um horfur á fasteignamarkaði til 2017. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 3. desember í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

08:15 Léttar veitingar og kaffi
08.30 Höskuldur H. Ólafsson opnar fundinn

- Bóla eða bjartar horfur?
  Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka
- Er leigumarkaðurinn að mettast?
  Anna Hrefna Ingimundardóttir, greiningardeild Arion banka

09.30 Fundarlok

Skráning á arionbanki.is

Arion banki

# Rod Stewart fingurbrotnaði

Rod Stewart fingurbrotnaði í bílslysi á dögunum. Eiginkonan hans Penny Lancaster segir að söngvarinn hafi verið heppinn að sleppa svona vel úr slysinu. „Bíll var á öfugum vegarhelmingi þannig að það varð mikill árekstur,“ sagði Lancaster. Fingurinn var svartur og blár á litinn eftir áreksturinn og brá Stewart á það ráð að mála hann silfurlitaðan fyrir gala-kvöld sem var haldið í Los Angeles um miðjan október, tveimur vikum eftir slysið. Lancaster og Stewart eiga tvö börn, hinn níu ára Alistair og hinn þriggja ára Aiden.



**LENTI Í BÍLSLYSI** Söngvarinn vinsæli var heppinn að sleppa með fingurbrot í bílslysinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þjóðarhópefli á aðventunni

**BAKÞANKAR**
Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Í fyrsta skipti í afar langan tíma fylgdist ég með fréttum á sunnudaginn án þess að verða meinhæðin, fyllast gremju eða missa trú á mannkyninu. Í ofsaveðri skoðaði ég fréttamiðlana reglulega til að vera viðbúin og fylgja skipunum um límbandsnotkun eða að fela mig í einhverju horni langt frá gluggum. Ég vildi líka, eins og allir hinir sem sátu með puttann á refresh-takkanum, athuga hvort það væri ekki örugglega í lagi með alla, með sjómennina okkar og pitsusendlana. Pylsusalinn var hress.

**FÓLK** sem lenti í því að fá garðhúsgögn inn um glugga eða bárujárn á bílinn lagði áherslu á hjálpsemi náungans, var þakklátt í hjarta yfir að ekki fór verr og bölvaði ekki einu sinni haugunum sem nenntu ekki að taka garðstólana inn eða húsfélaginu sem hefur trassað það í tíu ár að endurnýja þakið. Þetta voru ekki beint jákvæðar fréttir en létu mér samt líða vel. Ég er alveg til í að vera með í þessari heild.

**ÚTÚRJÓLATAUGAÐIR** foreldrar slepptu því að fara í Kringluna eða gera jólahreingerninguna og kveiktu á kerti í rafmagnsleysi og spiluðu við börnin sem mögulega upplifðu í fyrsta skipti á ævi sinni mátt náttúruaflanna. Meira að segja eftir að logn komst á halda töfrarnir áfram og virkir í athugasemdum hjálpast nú að við að finna tré sem getur fyllt skarð Óslóartrésins í stað þess að kalla hver annan fávita. Krúttlegt.

**SAMBÚÐ** okkar með náttúruöflunum býður aldrei upp á „haltu kjafti“ slag. Og þegar þessi sambúð minnir á sig virðist það næra auðmýkt þjóðarsálarinnar. Og mikið klæðir auðmýktin okkur vel. Sérstaklega á aðventunni. Svo má ekki gleyma hetjunum sem gera sambúðina bærilega, björgunarsveitarfólki sem leggur líf sitt í hættu í sjálfboðavinnu til að redda öllu því sem við hin töldum að myndi bara reddast þrátt fyrir viðvaranir og leiðbeiningar í heila viku áður en óveðrið skall á.

**SVONA** erum við nú og það má alveg þykja vænt um það. Bara muna eftir þessum breyskleikum öllum þegar við kaupum okkur flugelda um áramótin.

# Mikill glæsileiki í London

Evening Standard Theatre verðlaunahátíðin var haldin í London síðastliðið sunnudagskvöld, en verðlaunin eru veitt þeim sem hafa skarað fram úr í leikhúslífinu í London. Allar helstu stjörnur Breta mættu á viðburðinn sem var haldinn í hinu þekkta leikhúsi, London Palladium. X-Files leikkonan Gillan Anderson fékk verðlaun sem besta leikkona og Thor-leikarinn Tom Hiddleston hlaut verðlaun sem besti leikarinn.



**BESTA LEIKKONAN** Gillian Anderson var glæsileg í kjól frá Nicholas Oakwell.



**GLÆSILEG Í GYLLTU** Ofurfyrirsætan Naomi Campbell lét sig ekki vanta.



**FLOTT PAR** Leikkonan Sienna Miller og Tom Sturridge.



**TÍSKUELÍTAN** Ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, og Christopher Bailey, yfirhönnuður Burberry.



**GANDÁLFUR OG SAMANTHA** Leikarinn Sir Ian McKellen og Sex and the City-leikkonan Kim Cattrall stilltu sér upp saman.



**KÓNGURINN** Fatahönnuðurinn Tom Ford klikkar aldrei.



**TÖFF Í TEAL** Anna Kendrick í fallegum grænbláum blúndukjól.



**ÞESSIR TVEIR** Leikararnir Benedict Cumberbatch og Tom Hiddleston eru með þeim flottari.

SAMBÍÓIN













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 - 10:20 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 2D: | KL. 5:50 | L |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 3D: | KL. 6:20 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| INTERSTELLAR | KL. 5:40 - 8:30 - 9:30 | |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 5 - 8:30 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 | |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| INTERSTELLAR 4K | KL. 8 | |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 10 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 3D: | KL. 5:50 | L |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 - 10:30 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL. 5:30 - 9 | |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 - 10:20 | |
| AFINN | KL. 5:40 | L |
| VIKINGO | KL. 6 - 8 - 10 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:30 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 3D: | KL. 5:50 | L |
| THE HUNGER GAMES | KL. 5:30 - 8 | |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 | |
| VIKINGO | KL. 10:20 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | |
| THE RAILWAY MAN | KL. 5:40 | |
| INTERSTELLAR | KL. 8:30 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 | L |
| VIKINGO | KL. 10:20 | |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ









SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOCKINGJAY | KL 5 - 8 - 9 - 10.45 | 12 |
| MOCKINGJAY LÚXUX | KL 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 - 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 3.15 - 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ENSKT TAL 2D | KL 8 | L |
| DUMB AND DUMBER | KL 3.30 - 6 - 8 - 10.30 | |
| GONE GIRL | KL 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOCKINGJAY | KL 6 - 9 - 10.30 | 12 |
| DUMB AND DUMBER | KL 5.30 - 8 - 10.30 | |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 5.15 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 5.30 | L |
| ST. VINCENT | KL 8 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN | KL 10.30 | 16 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI









ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 5:30, 7, 10(P) | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 5 | L |
| DUMB & DUMBER TO | 5:30, 8, 10:20 | 7 |
| NIGHTCRAWLER | 8, 10:30 | 16 |





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

Whiplash ............. 17.45, 22.15
Salóme ..................... 20.00
20.000 days on Earth .... 22.00
Clouds of Sils Maria ........ 17.30
White God ......... 20.00, 22.15
Turist .................. 17.45, 20.00





Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!




**3239** kr. stk.

Vísindabók Villa 2




**2596** kr. stk.

Sögustund, fimm barnasögur

# JÓLABÆKUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Gildistími 2.-4. desember




**2999** kr. stk.

Galdraskjóða Gurríar




**1999** kr. stk.

Jólasyrpa




**2129** kr. stk.

Aþena, Ohio




**4599** kr. stk.

Gæðakonur




**2499** kr. stk.

Afdalabarn

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

## Erlingur tekur við af Degi hjá Berlin



**HANDBOLTI** Erlingur Birgir Richardsson verður eftirmaður Dags Sigurðssonar hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Füchse Berlin. Hann er búinn að gera þriggja ára samning samkvæmt heimildum íþróttadeildar 365. Félagið mun tilkynna þetta á næstu dögum. Erlingur hefur verið sterklega orðaður við þýska liðið að undanförnu en hann var frá fyrsta degi efstur á óskalista liðsins og framkvæmdastjórans, Bobs Hanning.

Erlingur er á sínu öðru ári með austurríska liðið SG Handball West Wien en hann þjálfaði meðal annars áður lið ÍBV í 1. deild karla 2012-13 og lið HK sem varð Íslandsmeistari undir stjórn hans og Kristins Guðmundssonar vorið 2012.

Dagur Sigurðsson hefur þjálfað lið Füchse Berlin frá árinu 2008 en hann hættir með liðið í vor og einbeitir sér að því að þjálfa þýska landsliðið. **- óój**

## Lukkutröll Smáþjóðaleikanna afhjúpað í gær

**ÍÞRÓTTIR** Lukkutröll Smáþjóðaleikanna, sem fara fram í Reykjavík í vor, var afhjúpað í gær en tveir fyrrverandi Ólympíufarar, Logi Jes Kristjánsson og Elsa Nielsen, stóðu að hönnun lukkudýrsins sem er með sterka skírskotun í íslenska náttúru og eldgosið í Holuhrauni.

Lukkutröllið hefur ekki enn fengið nafn en á næstunni verður staðið fyrir nafnasamkeppni í grunnskólum landsins. Höfuð þess vísar í sólina, græni feldurinn í mosa, ísilagður halinn í íslenska jökla og þá skórnir þess myndaðir úr stuðlabergi. Leikarnir fara fram 1.-6. júní. **- esá**



**STOLT AF AFKVÆMINU** Logi og Elsa kynna lukkutröllið til sögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Vil líka ná langt á öðrum sviðum í lífinu

**Karen Knútsdóttir er fyrirliði íslenska landsliðsins og atvinnumaður í handbolta hjá Nice í Frakklandi. Hún er líka í 100 prósent fjarnámi við háskóla í Bretlandi og sér ekki fyrir sér að spila handbolta í hæsta gæðaflokki næsta áratuginn.**

**HANDBOLTI** Karen Knútsdóttir fer fyrir íslenska landsliðinu í handbolta sem stendur í ströngu þessa dagana. Liðið keppir um að komast upp úr forkeppni HM 2015 og í umspilsleikina sem fara fram í vor. Stelpurnar unnu tvo sigra á Ítalíu í síðustu viku og þurfa eitt stig í tveimur leikjum gegn Makedóníu sem fara fram á næstunni, sá fyrri í Laugardalshöllinni annað kvöld.

Staða Íslands í riðlinum er góð. Liðið er á toppnum með fjögur stig, rétt eins og Ítalía sem fékk stigin sín fyrir að leggja Makedóníu tvívegis að velli í október. Einfaldur útreikningur gefur í skyn að Ísland ætti að eiga góðan möguleika á að landa stiginu annað kvöld – miðað við pappírinn góða.

„Ég held að þú getir tekið þennan pappír og hent honum í ruslið,“ sagði hún og hló. „Það kom mér mjög á óvart að Ítalía skyldi vinna Makedóníu, sem er mikil handboltaþjóð og á leikmenn í stórum liðum í Evrópu. Okkur skilst að gamli þjálfarinn sé aftur tekinn við liðinu og að hann hafi fengið nokkrar stjörnur til að koma aftur í landsliðið. Þetta verður því allt annað lið en mætti Ítalíu og ég á von á mun erfiðara verkefni en við fengum í síðustu leikjum.“



**20 MÖRK** Karen var atkvæðamikil í leikjunum tveimur gegn Ítalíu og skoraði alls 20 mörk. Ísland mætir Makedóníu í Laugardalshöllinni annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Frábær vörn og markvarsla

Karen hrósaði sérstaklega varnarleik íslenska liðsins í sigrunum tveimur gegn Ítalíu og ekki síst frammistöðu markvarðarins Florentinu Stanciu.

„Flora er frábær markvörður en hún fékk mikla hjálp frá vörninni. Í gegnum tíðina hefur oft vantað stöðugleika í varnarleikinn okkar en nú hefur hann staðið mjög þéttur í 120 mínútur,“ segir Karen sem er ánægð með stöðu liðsins nú eftir erfitt ár.

„Við misstum marga leikmenn vegna meiðsla og nokkrir hafa hætt. Einhverjar hafa komið til baka og þá er enn óvissa um sumar,“ segir Karen en ein þeirra sem hefur verið lengi frá er Stella Sigurðardóttir, skyttan öfluga sem er öllu jöfnu fyrirliði landsliðsins.

„Hún kemur vonandi til baka sem fyrst en ég tek hennar vakt á meðan og þá ábyrgð sem fyrirliðastöðunni fylgir.“

### Líður vel á Rivíerunni

Karen hefur það gott á frönsku Rivíerunni þar sem hún býr nú. „Ég get ekki kvartað,“ segir hún í léttum dúr. „Þar fyrir utan líður mér mjög vel hjá félaginu enda allir tekið mér mjög vel,“ segir Karen sem hélt utan í atvinnumennsku árið 2011 er hún samdi við þýska liðið Blomberg-Lippe. Þar var hún í tvö ár áður en hún hélt til Danmerkur og lék með SönderjyskE í eitt ár.

„Ég hef aldrei kynnst jafn mikilli atvinnumennsku og hér,“ segir hún. „Við erum fjórtán leikmenn í 100 prósent atvinnumennsku og ekki að gera neitt annað en að spila handbolta. Umgjörðin er líka mjög fagmannleg og vel hlúð að bæði líkamlega og andlega þættinum.“

Hún segist hafa verið í takmörkuðu hlutverki inni á vellinum hingað til á meðan hún hefur fengið tækifæri til að aðlagast nýjum aðstæðum, sem og nýrri menningu og tungumáli.

„Eftir jól verð ég sett í stærra hlutverk en helsta vandamálið hefur verið tungumálið þar sem ég er eini leikmaður liðsins sem ekki talar frönsku. Það tala þó allir ensku og því margir sem geta hjálpað mér,“ segir Karen sem hefur verið í tungumálakennslu í haust.

„Ég skil ýmislegt sem sagt er á æfingum en þær hlæja bara að mér ef ég reyni að tala eitthvað sjálf,“ segir hún og hlær sjálf. „Ég er í fullu fjarnámi frá háskóla í London en ætla að minnka við mig í mars til að geta náð góðum tökum á frönskunni.“

### Hugurinn gæti leitað annað

Karen er 24 ára og á því langan feril fyrir höndum kjósi hún að spila áfram. Hún á þó erfitt með að sjá fyrir sér að handboltinn verði áfram í aðalhlutverki hjá henni næsta áratuginn eða svo.

> **„Ég skil ýmislegt sem sagt er á æfingum en þær hlæja að mér ef ég reyni að tala sjálf.**
>
> *Karen Knútsdóttir, leikmaður Íslands og Nice.*

„Ég er ein af þeim sem eru alltaf að gera nýjar áætlanir. Ég er nú með tveggja ára samning við Nice og líður ótrúlega vel. Því vil ég klára þann samning og svo væri ég jafnvel opin fyrir því að gera annan tveggja ára samning. En að honum loknum verð ég búin með námið og þá gæti ég trúað því að hugurinn muni leita annað,“ segir hún.

„Ég á auðveldara með að sjá fyrir mér að ég verði í þessu næstu fimm árin en ekki tíu. Það þætti mér of mikið. Mig langar líka að ná langt á öðrum sviðum í lífinu en ég ætla að njóta handboltans á meðan ég get – hitt kemur þegar það kemur,“ segir Karen.

eirikur@frettabladid.is




Fáðu þér áskrift! 365.IS

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.20
**Á fullu gazi**

Þriðja serían af þessum frábæru þáttum þar sem fjallað er um glæsilega bíla og önnur flott farartæki. Hér er hraðinn og spennan í fyrirrúmi og áhersla lögð á ný og glæsileg tryllitæki. Umsjónarmenn eru Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 20.55**

Fimmta röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



### 2 Broke Girls
**STÖÐ 2 KL. 19.55**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.



### Modern family
**GULL KL. 19.05**

Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

### Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Málefni líðandi stundar á Íslandi. Þorgeir, Kristófer og Bragi í Reykjavík síðdegis fram að kvöldfréttum.




SVEFNSÓFAR
SEM BREYTAST Í RÚM Á AUGABRAGÐI
NÚ Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI




UNFURL DELUXE Svefnsófi • Svefnflötur 120x200 cm • Vönduð springdýna • kr. 128.900




RECAST Svefnsófi • Svefnflötur 140x200 Vönduð springdýna • kr. 129.900




UNFURL Svefnsófi • Svefnflötur 120x200 cm Vönduð springdýna • kr. 109.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Go On
**11.00** Flipping Out
**11.45** Breathless
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** The Mentalist
**15.05** Hawthorne
**15.50** Sjáðu
**16.15** Scooby-Doo!
**16.35** New Girl
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Simpson-fjölskyldan
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.16** Veður
**19.25** Um land allt
**19.55** 2 Broke Girls
**20.20** Á fullu gazi
**20.45** The Big Bang Theory
**21.10** Gotham
**22.00** Stalker
**22.45** The Strain
**23.35** A to Z
**00.00** Grey's Anatomy
**00.45** Forever
**01.30** Bones
**02.15** Getting on
**02.45** The Mutant Chronicles
**04.35** Um land allt
**05.05** Simpson-fjölskyldan
**05.30** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Grindavík - Tindastóll
**12.25** Man. City - Bayern Munchen
**14.05** Spænsku mörkin 2014/2015
**14.35** Wolfsburg - Everton
**16.15** Evrópudeildarmörkin
**17.05** Grindavík - Tindastóll
**18.35** Samsung Unglingaeinvígið 2
**19.05** Þýsku mörkin
**19.35** Man. Utd. - Stoke
**21.45** Real Sociedad - Elche
**23.25** Spænsku mörkin 2014/2015
**23.55** UFC Now 2014

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.10** Messan
**08.25** Premier League Review 2014/2015
**09.20** Football League Show 2014/2015
**09.50** Man. Utd. - Hull
**11.30** Premier League Review 2014/2015
**12.25** Liverpool - Stoke
**14.05** West Ham - Newcastle
**15.45** Southampton - Man. City
**17.25** Messan
**18.40** Premier League Review 2014/2015
**19.35** Leicester - Liverpool
**21.45** Man. Utd. - Stoke
**23.25** Swansea - QPR

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**18.10** Jamie's 30 Minute Meals
**18.35 Baby Daddy** Þriðja gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar fyrrverandi kærasta hans skilur stúlkubarn eftir við dyragættina og stingur af.
**19.00** Wipeout
**19.45 Welcome To the Family** Gamanþættir um ungt par af ólíkum uppruna sem fellir hugi saman. Pættirnir fjalla um þau og fjölskyldur þeirra.
**20.10** One Born Every Minute US
**20.55** Pretty little liars
**21.40** Treme
**22.40 Southland** Fjórða syrpan af þessum stórgóðu lögguþáttum. Þetta eru hráir og flottir þættir um líf og störf lögreglusérsveitarinnar í Los Angeles.
**23.25** Flash
**00.10** Arrow
**00.50** Sleepy Hollow
**01.35** Wipeout
**02.20** Welcome To the Family
**02.40** One Born Every Minute US
**03.25** Pretty little liars
**04.05** Treme
**05.05** Southland
**05.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Lína langsokkur **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Kalli á þakinu **10.25** Latibær **10.47** Tommi og Jenni **10.54** Tommi og Jenni **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Lína langsokkur **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Kalli á þakinu **14.25** Latibær **14.47** Tommi og Jenni **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Lína langsokkur **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Kalli á þakinu **18.25** Latibær **18.47** Tommi og Jenni **18.53** Tommi og Jenni **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Lína Langsokkur **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.45** Strákarnir
**18.15** Friends
**18.40** 2 Broke Girls
**19.05** Modern Family
**19.30** Two and a Half Men
**19.55** Geggjaðar græjur
**20.10** Veggfóður
**21.00** The Mentalist
**21.45** Grimm
**22.30** The Blacklist
**23.15** Chuck
**00.00** Cold Case
**00.45** Geggjaðar græjur
**01.00** Veggfóður
**01.45** The Mentalist
**02.30** The Blacklist
**03.15** Grimm
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.45** The Winning Season
**11.30** Scent of a Woman
**14.05** Big
**15.50** The Winning Season
**17.35** Scent of a Woman
**20.10** Big
**22.00** The Place Beyond the Pines
**00.20** Bad Ass
**01.55** Howl
**03.20** The Place Beyond the Pines

## RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.20** Hrúturinn Hreinn
**17.27** Vísindahorn Ævars
**17.30** Jesús og Jósefína
**17.50** Músahús Mikka
**18.13** Millý spyr
**18.20** Táknmálsfréttir
**18.30** Melissa og Joey
**18.50** Fum og fát
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Óskalögin 2004 - 2013
**20.10 Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir. Dagskrárgerð: Sigurður Jakobsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.40 Castle** Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
**21.25** Grísaflutningar í Evrópu
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hamingjudalur
**23.10** 1864
**00.05** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.35** Survivor
**16.20** Franklin & Bash
**17.00** Kitchen Nightmares
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50 Trophy Wife** Gamanþættir sem fjalla um partístelpuna Kate sem verður ástfangin og lendir á milli steins og sleggju í samskiptum fyrrverandi eiginkvenna og dómharðra barna.
**20.10 Jane the Virgin** Ung,heiðarleg og samviskusöm stelpa fer á spítala til að fá sprautu og fer þá óvart í velheppnaða frjósemisaðgerð. Andrea Navedo hefur skapað sér stóran sess sem sterkur nýliði í gríni og uppistandi og fær nú stóra tækifærið í sjónvarpi í þessum nýju og fersku gamanþáttum.
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Madam Secretary
**00.00** Unforgettable
**00.45** The Good Wife
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.30** Golfing World 2014
**09.20** FedExCup Playoffs Official Film
**10.10** Feherty
**10.35** World Golf Championship 2014
**15.40** Samsung Unglingaeinvígið 2014
**16.10** Golfing World 2014
**17.00** European Tour 2014
**22.00** Golfing World 2014
**22.50** PGA Tour 2014 - Highlight

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DUTY FREE

## Góðar gjafir



**32"**

FULLT VERÐ 59.990

DUTY FREE VERÐ **47.992**

UNITED

**UNITED LED32X162**
Einfalt og gott 32" sjónvarp með 1366x768p upplausn. Progressive Scan. Stafrænn DVB-T/T2 móttakari. USB, 3x HDMI, Scart, S-video, Digital Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi. CI kortarauf.



JBL

**JBL E40B**
Bluetooth heyrnartól með innbyggðum hljóðnema og Echo Cancellation. Music sharing – nota má tvö E40BT frá sömu Bluetooth sendingunni. 16 klst USB hleðsla. Samanbrjótanleg.

FULLT VERÐ 14.990

DUTY FREE VERÐ **11.992**



JBL

Bluetooth

**JBL Charge**
Flottur þráðlaus hátalari með innbyggðum bassa sem skilar góðu hljómi. Bluetooth tenging fyrir þráðlaus samskipti. Innbyggð 6.000mAh hleðslurafhlaða og hægt að hlaða spjaldtölvur eða síma gegnum USB.

FULLT VERÐ 29.990

DUTY FREE VERÐ **23.992**



TDK

Bluetooth

**TDK A26**
Veðurvarinn þráðlaus Bluetooth hátalari. 2 öflugir hátalarar og tweeterar. Innbyggður hljóðnemi. 3.5mm jack tengi AUX. Li-ion hleðslurafhlaða með allt að 6 klst endingu.

FULLT VERÐ 21.990

DUTY FREE VERÐ **15.992**



FULLT VERÐ 34.990

DUTY FREE VERÐ **27.992**

Dantax

**Dantax USB5**
DJ plötuspilari með innbyggðum formagnara og USB. Belt drifinn. USB Plug & Play. 10% Pitch stýring. Styður bæði 33 og 45 snúninga. RCA Phono/Line út.



**Yamaha YSP2500BL**
162w 7.1 heimabíó soundbar með Digital Sound Projector. Dolby TrueHD, Dolby Digital Plus, Dolby Digital EX, Dolby Pro Logic IIx. DTS-HD Master Audio, DTS-HD High Resolution, Þráðlaus bassi. App control. Bluetooth. Getur lært á fjarstýringu.

YAMAHA

FULLT VERÐ 239.990

DUTY FREE VERÐ **191.992**

Bluetooth

JBL by HARMAN

EISA AWARD Best Product 2014-2015 COMPACT HI-FI SYSTEM JBL Authentics

Bluetooth



**JBL L16WALNUT**
Margverðlaunaðir Bluetooth/ Airplay og DLNA hátalarar með viðarklæðningu. Two-way stereo. Clari-Fi sem lagar og bætir digital merki.

FULLT VERÐ 169.990

DUTY FREE VERÐ **135.992**

SONOS

## FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

Spotify

Google play



Bluetooth

FULLT VERÐ 149.990

DUTY FREE VERÐ **119.992**

**YAMAHA RESTIO**
Restio frá Yamaha hefur farið sigurför um heiminn enda er hér á ferð stílhrein og glæsileg hljóðlausn inn í hvaða rými sem er. Hægt er að fá Yamaha Restio í fjórum litum og er með innbyggðum geislaspilara, USB afspilun, FM útvarpi og iPod/iPhone vöggu.

## *DUTY FREE AF ÖLLUM HÁTÖLURUM OG MÖGNURUM**
## *YAMAHA – JBL – HARMAN KARDON*




# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar. Í einhverjum tilfellum er verðlækkun enn meiri.

## MORGUNMATURINN



**„Ef ég er heima þá fæ ég mér átta egg og hafra, ef ekki þá er voðalega gott að henda í búst. Það fer bara eftir því í hvaða stuði ég er hvað er í því. Maður er stór og mikill og þarf að borða mikið.“**

Hafþór Júlíus Björnsson kraftajötunn

# Selur smjörhnífa í formi kvenmannsleggja

Hafdís Harðardóttir kallar smjörhnífana smjörleggi og segir þá hafa vakið lukku í jólaþorpinu í Hafnarfirði.

Hafdís Harðardóttir er með smjörhnífa í formi kvenmannsleggja til sölu í Jólabúð Hafdísar.

Hún er í jólaþorpi Hafnarfjarðar sem var opnað um síðustu helgi. Hnífana kallar Hafdís smjörleggi og eru þeir eingöngu seldir í pörum. „Ég sel ekki einfætlinga, þeir eru bara tveir saman,“ segir hún.

Smjörleggirnir hafa vakið mikla lukku að sögn Hafdísar. „Ég fékk nokkur „komment“ á þá frá eldri konum um að þetta væru sko engir horleggir. Fólki fannst þetta óskaplega fyndið og þeir vöktu mikla athygli.“ Ásamt smjörleggjunum er Hafdís með máladar krúsir, kransa og þæfðar jólaseríur til sölu.

Hún sér ekki ein um framleiðsluna því henni til halds og trausts er áttræð móðir hennar, Bára Daníelsdóttir. „Hún er ein af þessum sleggjum, hörkuduglег og alltaf að,“ segir Hafdís um móður sína, en þær ráku á árum áður blómabúð á Hótel Sögu og eru því vanar vinnutörn um jól. „Jólin eru bara svona þegar maður er vanur þessum blómabúðadagír, þetta bara tilheyrir,“ segir Hafdís, en móðir hennar sér alfarið um framleiðslu á jólakrönsunum. **- gló**

> **Ég fékk nokkur komment frá eldri konum um að þetta væru sko engir horleggir.**



**HUGMYNDARÍKAR** Mæðgurnar ráku á árum áður blómabúð og eru því vanar vinnutörn um jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Notar öryggisrönd á 10.000 króna seðli

Myndlistarkonan Ólöf Rún Benediktsdóttir opnar sýningu á fimmtudag með myndbandsverkum þar sem við sjáum heiminn í gegnum peningaseðil.

„Ég byrjaði að vinna verkið þegar ég eignaðist minn fyrsta tíuþúsundkrónaseðil í vor,“ segir Ólöf Rún Benediktsdóttir myndlistarkona. Seðillinn veitti henni innblásturinn að nýju vídeóverki sem hún sýnir í Gallerý Orange á fimmtudag.

„Á seðlinum er öryggisrönd sem er hálfgegnsæ. Mér fannst eitthvað spennandi að horfa í gegnum hana og nota hana sem filter, svo ég ákvað að gera vídeóverk í gegnum röndina,“ segir Ólöf. Í hvert sinn sem hún eignaðist nýjan tíuþúsundkróna seðil gerði hún nýtt verk.

„Ég sóttist samt ekki eftir því að eignast þá, heldur leyfði ég þeim bara að koma til mín,“ segir hún.

Ólöf tók einnig seðilinn sjálfan og vann klippimyndir úr honum. Myndirnar eru eins og mandölur, en mandala þýðir hringur og er trúartákn í búddisma.

„Mér fannst áhugavert að setja stærsta seðilinn okkar í þetta samhengi, þar sem við dýrkum hann á vissan hátt. Að setja hann í hringform getur táknað hjól sem hægt er að líkja við efnahagshjólið,“ segir Ólöf.

Á sýningunni eru einnig verk sem Ólöf hefur unnið úr olíu og kaffi út frá efnahagslegu sjónarhorni. „Þessi tvö hráefni eru eftirsóttustu söluvörur heimsins í dag og áhrif þeirra, sérstaklega olíunnar, á efnahagslífið, er mikil. Báðar vörurnar eiga sínar góðu hliðar og líka sínar skuggahliðar og það sama má segja um peningana,“ segir hún.

Hvernig hún lenti í þessum pælingum veit hún ekki og segir það óvenjulegt fyrir listamenn að hugsa út frá efnahagslegu sjónarhorni. „Mér fannst eitthvað spennandi samt að vinna með eitthvað sem þykir ekki rosalega fínt og taka þetta úr þessu hefðbundna samhengi og pælingunni að listamenn eigi ekki að hugsa um peninga,“ bætir hún við. Sýningin verður opnuð í Gallerý Orange Ármúla 6 klukkan 17 á fimmtudag.

adda@frettabladid.is



**PÆLINGAR UM PENINGA** Ólöf skoðar efnahagsmálin út frá listrænu sjónarhorni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Mér fannst áhugavert að setja stærsta seðilinn okkar í þetta samhengi, þar sem við dýrkum hann á vissan hátt.**
>
> *Ólöf Rún Benediktsdóttir*

# Karakter býr í nefinu á trúðnum

Leiklistardeild Listaháskóla Íslands heldur trúðasýningar þar sem allt getur gerst.

Þriðja árs nemar leiklistardeildar Listaháskóla Íslands verða með trúðasýningar í gamla dómhúsinu við Lindargötu á næstunni. Sýningarnar eru hluti af opnum tímum þar sem kennarinn er með nemendunum. Þuríður Blær Jóhannsdóttir, kölluð Blær, er ein af trúðunum.

„Trúðarnir segja nokkrar sögur á sýningunni, en á henni verða að vera áhorfendur annars lifir trúðurinn ekki, því áhorfandinn tekur þátt í sögunni og getur haft áhrif á framgang hennar,“ segir hún. Engar tvær sýningar verða því eins.

„Trúðurinn er alltaf í núinu og segir alltaf satt. Þeir segja sögur og hjálpast að við þær, ásamt salnum,“ segir Blær, en hver sýning er um einn og hálfur tími og ekki er gert hlé á henni. „Það má búast við að hvert kvöld sé fullt af undrum og töfrum. Karakterinn býr í nefinu á trúðnum og hann býr yfir tækni sem framkvæmir töfra. Við erum ekkert að setja kökur í andlitið á okkur.“

Sýningarnar byrja á fimmtudagskvöld klukkan 20. Önnur verður á föstudagskvöld, og síðan alla virka daga næstu viku. „Það eru bara allir velkomnir, nema kannski ekki mjög ung börn, við viljum ekki hræða neinn,“ segir Blær. **- asi**



**TRÚÐAR** Karakter trúðanna er allur í nefinu og þeir til alls vísir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þriðjudags

# TILBOÐ

DOMINO'S

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.

VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!




WWW.DOMINOS.IS DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka — Opið 24 tíma — Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gera heimildarmynd um sýruárásir

Leikkonan **Þórunn Erna Clausen** vinnur að fjármögnun heimildarmyndar ásamt þeim Guðrúnu Línu Thoroddsen og Bjarneyju Lúðvíksdóttur. Heimildarmyndin ber nafnið Tezaab og fjallar um konur á Indlandi sem hafa orðið fyrir sýruárásum og baráttu þeirra fyrir réttindum sínum. Stöllurnar eru með verkefnið inni á Karolina Fund þar sem er í gangi hópfjármögnun fyrir myndina. Þar kemur fram að myndin sé gerð til þess að heiðra þessar hugrökku og fallegu konur, styðja þær og síðast en ekki síst; deila sögum þeirra.



- vh

### Kiddi Bigfoot í pitsurnar

**Kristján Þór Jónsson**, einnig þekktur sem **Kiddi Bigfoot**, vekur ásamt Ólafi Tryggvasyni og Antoni Traustasyni pitsustaðinn Pizza 67 til lífsins á nýjan leik á höfuðborgarsvæðinu eftir áralanga fjarveru. Staðurinn verður opnaður í Grafarvogi á næstu vikum. Kiddi var á sínum tíma fastagestur á staðnum og segist hafa saknað hans síðustu ár. „Ég var bæði fastagestur og vann þarna um stund, eigendur Pizza 67 áttu með mér nokkra skemmtistaði. Þannig að ég var heimalningur.“



- gló

## Mest lesið VÍSIR

1 Björgunarsveitir báðu Domino's að hætta heimsendingum
2 Þakklátur fyrir að hafa lifað af hnífstungu gegnum hjartað
3 Ef vindhraði væri mældur í km/klst.
4 Fimmtíu og eins metra vindhviða mældist á Keflavíkurflugvelli
5 Tveir Svisslendingar ákváðu að fara Kjalveg til Reykjavíkur





